

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1987
REYKJAVÍK 1988

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	13
Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður	22
Fjármál ríkissjóðs	33
Peningamál og lánamarkaður	40
Gengismál	65
Erlend samskipti og lánamál	69
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	74
Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar	82
Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1987	92
Töflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	97
Efnahagur 31. desember 1987	126
Rekstrarreikningur árið 1987	128
Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1987	130
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs 1987	133
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1987	134
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1981–1987	136
Stjórn bankans og starfslið og fleira	138

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	99
2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar	100
3. tafla. Þjóðarauðurinn	100
4. tafla. Fjármunamyndun	101
5. tafla. Vísitölur verðlags	102
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd	103
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungyfirlit	104
8. tafla. Löng erlend lán	104
9. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	105
10. tafla. Gjalderyrisstaða Seðlabankans og erlend staða innlánsstofn.	105
11. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	106
12. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	106
13. tafla. Viðskiptakjör	107
14. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	107
15. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	108
16. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	109
17. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	109
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	110
19. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	110
20. tafla. Seðlar og mynt	110
21. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	111
22. tafla. Ávísanavelta	111
23. tafla. Úr peningamálum	112
24. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	113
25. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	114
26. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	115
27. tafla. Samandregið efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða	115
28. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	116
29. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	116
30. tafla. Greiðslufirlit lífeyrissjóða	117
31. tafla. Lánakerfið	117
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands	118
33. tafla. Helstu innlánsvextir hjá bönkum og sparisjóðum	119
34. tafla. Skiptikjarareikningar hjá bönkum og sparisjóðum	120
35. tafla. Helstu útlánsvextir hjá bönkum og sparisjóðum	121
36. tafla. Almenn vaxtakjör viðskiptabanka og sparisjóða	122
37. tafla. Helstu innstæðuvextir við Seðlabankann í % á ári	123
38. tafla. Helstu útlánsvextir við Seðlabankann í % á ári	123
39. tafla. Ríkisvixlar ríkissjóðs	124
40. tafla. Bindiskyldu- og lausafjárhlutföll	124

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR


I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Megindrættir

Þjóðarframleiðsla jókst árið 1987 um 6,4% og þjóðartekjur um 8,3% eða álíka mikið og árið áður, en uppspretta vaxtarins færðist frá útflutnings- og samkeppnisgreinum til þjónustu og fjárfestingar. Þensla eftirspurnar stafaði frá ríkisfjármálum, miklum erlendum lántökum og íbúðabyggingum. Launatekjur jukust langt umfram vöxt þjóðartekna, enda varð almenn velmegun meiri en nokkru sinni fyrr. Verðbólga magnaðist á ný og geysimikil innflutningsaukning leiddi til viðskiptahalla, er nam 3,5% af landsframleiðslu. Hagstæð þróun peningamála hélt áfram á fyrri hluta ársins, en aðgerðir á þeim vettvangi megnuðu þó ekki til lengdar að hamla gegn rísandi þenslu.

Efnahagsþróun umheimsins


Hagvöxtur



Hagvöxtur iðnríka ríkja hefur haldist vel uppi allt frá lægðinni 1982 og jafnast verulega milli þeirra síðustu árin. Svo var enn árið 1987, er hagvöxtur varð hinn sami í iðnríkjunum í heild sem í Bandaríkjunum sérstaklega, 2,9%. Var það aukning úr 2,7% í heild árið áður, en óbreyttur vöxtur í Bandaríkjunum. Nú var þó svo hlutverkum skipt, að Japan var leiðandi með 3,8% hagvöxt og Bretland með 4%, en þar hefur hagvöxtur verið mestur og jafnastur hinna stærri Evrópulanda frá 1982. Í Vestur-Evrópu í heild dró hins vegar úr hagvexti úr 2,6% í 2,5%. Þróunarlöndin skiluðu lítið eitt meiri hagvexti í heild, 3,1%, en mjög misjöfnum, þar sem olíulönd og Afríkulönd bjuggu við stöðnun eða samdrátt, en nýiðnvædd lönd, einkum í Asíu, nutu örs hagvaxtar sem fyrr.

Að baki þessari þróun liggja veruleg umskipti í leiðandi hlutverki eftirspurnar, sem dróst saman úr 3,9% í 2,5% í Bandaríkjunum, um leið og hún jókst úr 4% í 4,7% í Japan. Í framhaldi af slökum hagvexti í Evrópu, sem nærst hafði á styrkri eftirspurn í Norður-Ameríku, Japan og víðar, var það vaxandi áhyggjuefni, að aukning heildareftirspurnar þar minnkaði úr 3,9% árið áður í 3,4% 1987 og þar af í V-Þýskalandi sérstaklega úr 3,7% í 2,9%.

Misvægi og gengisþróun




Misvægisvandinn í heiminum snerist sem fyrr um efnahagsástandið í Bandaríkjunum: fjárlagahalla, viðskiptahalla og fallandi gengi dollars, og svo verðhrunið á hlutabréfamörkuðum í október. Fjárlagahalli Bandaríkjanna hélst um árabíl 1982-86 í hámarki nálægt 5% af þjóðarframleiðslu og nam 221 milljón dollara fjárlagaárið 1986 (endar í septemberlok). Úr því tókst að minnka hallann í 151 milljón dollara 1987, 3,4% af þjóðarframleiðslu, og var stefnt að hægfara lækkun hans ár frá ári, og þá enn frekar að tiltölu við vaxandi þjóðarframleiðslu. Ríkissjóðshalli Bandaríkjanna sker sig ekki verulega úr sams konar halla iðnríkjanna í heild á hlutfallslegan mælikvarða. Einkasparnaður veitir þar hins vegar ófullnægjandi mótvægi, minnkandi frá 1981 úr 7,7% af ráðstöfunartekjum heimila í 3,7% 1987. Getur margt hafa stuðlað að því, svo sem aldursskipting, eignastaða heimila, hár arður af fjáreignum og verðhækkun hlutabréfa, svo og áhrif aukinna almannatrygginga og almenns trausts á efnahagsáhrifum. Mótsvarandi því er verðhrunið á hlutabréfamarkaðnum talið hafa áhrif til samdráttar í eftirspurn og þar með aukins einkasparnaðar.

Þrátt fyrir fallandi gengi dollars frá því í mars 1985 hefur viðskiptahalli Bandaríkjanna farið vaxandi upp í 161 milljón dollara 1987, eða 3,6% af þjóðarframleiðslu á móti 3,3% árið áður. Stafar það, auk tregrar aðlögunar eftirspurnar og framleiðslu hvors að öðru, af því, að fyrstu áhrif meiri háttar gengisbreytinga tæmast að miklu leyti í óhagstæða breytingu viðskiptakjara, sem nam 6,2% fyrir Bandaríkin 1987. Magnþróun út- og innflutnings er hins vegar farin að sýna jákvæð viðbrögð með aukningu útflutnings um 8% og 12,8% árin 1986-87, en innflutnings um 14,8% og 4,6% sömu ár. Var þannig farið að stefna í batnandi viðskiptajöfnuð.

Á móti viðskiptahalla Bandaríkjanna stendur mikill afgangur í Japan, V-Pýskalandi og nýiðnvæddum löndum Asíu. Hefur hann vaxið mjög síðustu árin og náði hámarki 1986-87, einkum síðara árið, er hann nam um 87 milljörðum dollara í Japan, 44 í V-Pýskalandi og um 33 í Taiwan, S-Kóreu og Hong Kong og Singapore, eða alls 164 milljarða dollara afgangur þessara ríkja. Viðskiptajöfnuður flestra annarra iðnríkja hefur rýrnað eða snúist í halla, og var heildarjöfnuður Evrópu því heldur lakari en Pýskalands eins. Rík áhersla hefur verið lögð á þenslu innri eftirspurnar í löndum með viðskiptaafgang, svo að óhjákvæmileg aðlögun gerist að miklum hluta eftir þeirri leið, en útheimti ekki stöðugt meiri gengisbreytingar til sömu áttar og umfram það, sem raunhæft sé til lengdar. Svo sem að framan er getið, hefur örvun eftirspurnar gengið vel í Japan, en miður í Pýskalandi og þar með Evrópu í heild. Dollar hélt því áfram að falla yfir árið, þrátt fyrir Louvre-samkomulagið um stefnu stöðugra gengis í febrúar, einkum með haustinu samfara glundroða og verðhruni á verðbréfamörkuðum.

Verðbólga



Atvinna

Vaxtaþróun og verðfall hlutabréfa

Verðbólga náði lágmarki um langt árabil árið 1986 á mælikvarða framfærsluvísitölu, 2,3% í iðnríkjunum í heild, 1,9% í Bandaríkjunum, en nærri núllmarki í Japan og Þýskalandi. Hrávöru- og þá einkum olíuverð verkuðu þarna til lækkunar frá heimagerðri verðþenslu iðnríkjanna, sem mælist við verðhækkun þjóðarframleiðslu, er nam 3,4% 1986 og lækkaði enn í 2,9% 1987, en þá hækkaði framfærslukostnaður jafnmikið. Jafnvægið milli þróunar heimaverðs iðnríkja og hrávöruverðs náði þó ekki til verðbólgu þróunarríkja heima fyrir, sem var um 40% að meðaltali, en 131% í Suður- og Mið-Ameríku.

Atvinnuástand batnaði svolítið í iðnríkjunum. Minnkaði atvinnuleysi úr 7,9% í 7,6% af mannafla á heildina lítið. Batinn varð þó einkum í Bandaríkjunum, úr 7% í 6,2%, og er þá komið nálægt lágmarki af völdum aðlögunartregðu, svo og í Bretlandi úr 11,5% í 10,4% og í Kanada úr 9,6% í 8,9%. Í Japan stóð atvinnuleysi í stað á mjög lágu stigi, 2,8%, og einnig í Þýskalandi á fremur háu stigi, 7,9%. Atvinnumagn iðnríkja jókst verulega fjórða árið í röð, um 1,7% og jafnt meðalvexti síðustu fjögurra ára.

Í kjölfar minnkandi verðbólgu lækkuðu vextir víðast fram á fyrstu mánuði ársins 1987, og urðu raunvextir þá með lágsta móti um sinn. Mun það hafa átt þátt í áframhaldandi verðhækkun skuldabréfa fram um eða yfir áramótin 1986-87 og hlutabréfa fram á haustið. Vextir snérust þó víðast til nokkurrar hækkunar aftur að fyrsta ársfjórðungi liðnum eða svo í ljósi endurvakinnar verðbólgu, og raunvextir leituðu í fyrra horf. Einkum var þetta áberandi í Bandaríkjunum og öðrum löndum með veika gjaldmiðla. Vaxtahækkunin mun hafa átt nokkurn þátt í því, að gengi skuldabréfa féll ört í helstu ríkjunum á 2. og 3. ársfjórðungi, þar til að það tók hlutabréfaverð með sér í fallinu með enn tilþrifameiri hætti í október. Hlutabréf höfðu hækkað mjög allt frá 1982 og síðustu árin langt umfram skuldabréf eða aðrar hliðstæðar eignir, svo að arður af þeim var orðinn mun lægra hlutfall en svaraði til hliðstæðra raunvaxta. Leiðrétting hlutabréfaverðs til lækkunar var því löngu orðin tímabær.

Vaxtaþróunin hefur þó verið allmisjöfn eftir löndum og tegundum lánsfjár. Skammtíma vextir breyttust til beggja átta milli árshelminga 1987 og lækkuðu að meðaltali sjö helstu ríkjanna úr 6,9% 1986 í 6,6% 1987. Langtíma vextir voru hins vegar gagnert hærri á síðari árshelmingi og hækkuðu að meðaltali milli ára úr 7,5% í 7,8%, en þeir endurspeglu að jafnaði væntingar um verðbólgu. Hér er í báðum tilvikum um úrtak markaðspappíra að ræða. Hæstir eru vextir, einkum á langtíma bréfum, að jafnaði þar sem viðskiptajöfnuður kallar á aðstreymi fjármagns og gengið er jafnframt veikt.

Ytri skilyrði þjóðarbúsins

Á heildina litið var efnahagsárferði umheimsins íslenskum þjóðarbúskap hagstætt. Almenn eftirspurn jókst enn eðlilega, nema helst í Bandaríkjunum. Vaxandi efnahagsvægi annarra iðnríkja olli því, að dollaramarkaðir voru ekki eins miklu ráðandi um verðmyndun og áður var. Styrk eftirspurn og hörgull á fiskafurðum gerðu kleift að ná hæstu verðum, og þeim mun hærri í dollar sem hann féll meira. Með þessu var þó reynt til hins ýtrasta á þol markaða, svo að tímabundið hámark virðist hafa náðst á viðskiptakjörum þjóðarbúsins. Markaðsörðugleikar mættu veigamiklum greinum útflutningsiðnaðar og varð samkeppnisstaða þeirra mjög veik við þá gengisfestu, sem einkum réðst af góðæri sjávarútvegsins.

Auðlindaskilyrði framleiðslunnar reyndust einnig hagstæð og jókst raunvirði sjávarafla um 4% í framhaldi hinnar öru aukningar frá lægðinni 1983, en þá hafði orðið veruleg aflaminnkun í tvö ár. Um leið og sjávarútvegur náði þannig nýju tímabundnu hámarki, kom á ný fram hin gamalkunna mynd af síðari stigum uppsveiflunnar, þegar innlend eftirspurn nær yfirhendinni yfir framleiðslu- og útflutningshvatningu. Þannig varð aukning framkvæmda-, þjónustu- og framleiðslustarfsemi, sem mætir útgjöldum þjóðarbúsins, langtum fyrirferðarmeiri en framleiðslu til útflutnings. Þessu fylgdi stórfelld aukning innflutnings, sem setti þjóðarbúið í mikinn viðskiptahalla, þrátt fyrir þann búhnykk viðskiptakjarabata, sem bættist við aukið útflutningsmagn.

Staða ársins í hagsveiflunni

Í þeirri þenslu eftirspurnar, sem þarna var að verki, fóru saman tafir áhrif þensluafla frá fyrri árum og nýir orsakavaldar, að miklu leyti hinir sömu og fyrr, en í talsvert breyttum hlutföllum. Framan af uppsveiflunni kvað mest að áhrifum aukinna útflutningstekna, en fjárfesting staðnaði og aðhaldi var beitt að ríkisfjármálum. Síðan hefur góðærið mótað viðhorf kjarasamninga æ meir, svo að hlutdeild launa í þjóðartekjum hefur hækkað um 11 prósentustig frá 1984 til 1987. Húsnæðislánakerfið hefur, í tengslum við kjarasamninga, verið umskapað síðustu tvö árin til stórauðinna lánsréttinda, virkari fjármögnunar af hálfu lífeyrissjóða og niðurgreiðslu vaxtakostnaðar með framlögum ríkissjóðs. Samhliða því leiddi góðærið til stórfelldrar aukningar í fjárfestingu sjávarútvegsins og á síðasta ári varð mikil og almenn aukning fjárfestingar, alls 12,7%. Viðleitni ríkisvaldsins til þess að greiða fyrir kjarasamningum og hamla gegn tekjuverðbólgu leiddi til verulegs ríkissjóðshalla öll árin 1985-87. Aukið innstreymi erlends lánsfjár leitaði í þann farveg, en þá í miklu meiri mæli til atvinnufjárfestingar einkaaðila í krafti aukins frjálsræðis í þeim eignum. Vaxandi styrkur innlends sparnaðar og lánakerfis myndaði mikilvægt mótvægi gegn þenslunni, en megnaði ekki að hamla nægilega gegn henni til lengdar. Þenslan hlaut því annars vegar að koma fram í halla-

Hagvöxtur og tekjuþróun

rekstri þjóðarbúsins og aukningu skulda út á við og hins vegar í verðbólgu.

Velmegun varð meiri og almennari á árinu 1987 en nokkru sinni fyrr, og er þegar ljóst, að örðugt verður að halda því stigi. Samkvæmt bráðabirgðatölum, sem áður hafa reynst nokkrum breytingum undir orpnar, jókst þjóðarframleiðsla um 6,4%, og að viðbættum 1,9% áhrifum bættra viðskiptakjara jukust þjóðartekjur um 8,3% eða um 7% á mann. Allar eru þessar tölur nánast hinar sömu og árið áður, og bættist vöxtur þeirra beggja ofan á endurbata næstu tveggja ára á undan. Framleiðsla og tekjur þjóðarbúsins, bæði í heild og á mann eða ársverk, stóðu því árið 1987 talsverðum mun hærra en nokkru sinni fyrr og drógu með sér launatekjur og kaupmátt þeirra til svipaðrar eða jafnvel enn meiri hækkunar.

Almennir kjarasamningar heildarsamtaka tókust eins og árið áður og með mjög líkum áherslum kjarajöfnunar og tilhlutunar ríkisvaldsins að stöðugra verðlagi og úrbótum í húsnæðismálum. Almennu samningarnir náðust fyrir upphaf ársins og mótuðust af ört batnandi árferði um það leyti, en voru aðeins fyrsta stig lotunnar. Með láglaunahækkun og inntöku aldurshækkana o.fl. inn í almennan taxa var stefnt að jöfnun launakjara, en með fastlaunasamningum sömu starfshópa og öðrum sérkjarasamningum voru fyrri launabil endurreist og reynt að ná fyrra launaskriði inn. Mikil umframeftirspurn eftir vinnuafli ýtti þó enn undir launaskrið betur stæðra starfshópa, enda þótt um það séu ekki ljósir tölulegir mælikvarðar. Niðurstæða bæði heildarhækkunar og innbyrðis skiptingar hennar varð því mjög frábrugðin því, sem að var stefnt. Bæði kostnaðar- og eftirspurnaráhrif orkuðu sterkt til verðþenslu, og víxlgangur launa og verðlags magnaðist á ný í krafti rauðu strikanna, sem útleystu alls 7,2% hækkun. Alls munu almenn laun hafa hækkað um 37% milli ára og 27% yfir árið. Af þessu hlaust einstæð aukning kaupmáttar, um 17% frá fyrra ári og alls rúm 30% frá 1983, og virðist misskipting innan þeirra marka því tiltölulega lítilvæg.

Miklu stórfelldari tilfærslur hafa orðið milli hlutdeildar launatekna og rekstrar- og eignatekna á síðustu árum. Hlutur launa hefur verið nálægt tveim þriðju (66-67%) af þjóðartekjum að jafnaði síðasta hálfan annan áratug, en sveiflast milli 60% 1984 og 71% 1987. Gagnstætt því sem eðlilegt mætti teljast og æskilegt til sveiflujöfnunar, hefur launahlutdeildin aukist í góðærinu og þá óhjákvæmilega orðið að minnka, þegar að þrengir. Skýrist þetta annars vegar af helstu viðmiðunum kjarakrafna, greiðslugetu atvinnurekstrar og hækkun framfærslukostnaðar, hins vegar af tekjuskiptingaráhrifum gengislækkana, sem hafa verið helsta tækið til að bæta atvinnurekstrinum

áföll og veita framleiðsluhvatningu. Árin 1979-82 hafði launahlutdeildin komist í 69-70%, en við efnahagsáföllin féll hún í 62% og 60% 1983-84. Ör hækkun launa umfram þjóðartekjur hafa síðan fært hana ár frá ári upp í hámark síðari tíma, 71% 1987. Enda þótt efniviður þessi geri ekki tilkall til nákvæmni, gefa tölurnar sterka vísbendingu um mikla áraun á atvinnuvegina. Hagur atvinnuvega var þó yfirleitt sæmilegur framan af ári, að undanteknum einstöku útflutningsgreinum iðnaðar. Samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina versnaði verulega, þegar á árið leið, en helst stóðu upp úr þjónustu- og framkvæmdagreinar, sem nærast á innlendri eftirspurn.

Útgjöld þjóðarbúsins

Þjóðarútgjöld til neyslu og fjárfestingar jukust svo mikið og almennt, að þess eru fá dæmi: einkaneysla um 14% og fjármunamyndun um 12,7%, en aukning samneyslu um aðeins 4% dró heildaraukningu neyslu og fjárfestingar niður í 12%, sem samsvarar um þriggja ára eðlilegri aukningu. Aukning fjárfestingar náði til flestra undirgreina, en var mest í fiskveiðum. Þess ber þó að gæta, að fjárfesting hefur verið í stöðnun eða samdrætti um árabil, meðan neysla hefur aukist mjög ört. Þetta hefur komið niður á þjóðhagslegum heildarsparnaði, sem nam 15,3% af þjóðarframleiðslu á síðasta ári, lægra hlutfalli en allt frá árinu 1951.

Neyslunheigðin kom ekki síst fram í geysimikilli aukningu innflutnings, nærri 25% magnaukningu vöruinnflutnings eða 29% að gjalddeyrissverðmæti, en 22,6% aukningu á magni vöru og þjónustu. Útflutningur fékk að vonum ekki haldið í við þá aukningu. Jókst gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings um 13,8%, en raunvirði útflutnings vöru og þjónustu, þ.e. á verðkvarða innflutnings um tæp 8%, sem er mikið í sjálfa sér, en dregur lítt á móti svo miklu meiri innflutningi. Afleiðingin varð viðskiptahalli, sem nam 7,2 milljörðum króna eða 3,5% af landsframleiðslu. Gerðist þetta eftir aðeins eitt ár góðærisins með sléttan viðskiptajöfnuð. Þrátt fyrir tvöfalt meiri nettólántökur erlendis en árið áður lækkaði skuldastaða þjóðarbúsins verulega, í 41% af landsframleiðslu, en sú afstaða er mjög háð hækkun raungengi. Greiðslubyrði lengri lána lækkaði einnig talsvert, í 16% af útflutningstekjum, og gjaldeyrisstaðan rýrnaði sáralítið. Þrátt fyrir viðskiptahallann báru ýmsir aðrir mælikvarðar þannig með sér lítt skertan styrk út á við.

Verðbólga

Samverkan kostnaðar- og eftirspurnarafla leiddi óhjákvæmilega til mikillar mögnunar verðbólgu. Metið sem miðsett 4 mánaða hækkun framfærslukostnaðar fór verðbólguþig svo til óslitið vaxandi úr u.þ.b. 10% í mars-ágúst 1986 upp í 36,5% í nóvember 1987. Milli ársmeðaltala varð hækkunin 18,8%, en yfir árið 1987 24,3%. Við gerð hinna almennu kjarasamninga var þó gert ráð fyrir, að verðbólga gæti

hjaðnað á ný úr u.þ.b. 20% í nálægt 10%, og voru „rauðu strikin“ við það miðuð. Verðbólguþáttur hafa að undanförunu haft mikla þýðingu til viðmiðunar í vaxtaákvörðun. Var bankakerfið því í fyrstu mjög vanbúið til þess að bregðast við örri stigmögnun verðbólgunnar.

Ríkisfjármál

Upphafleg áform fjárlagafrumvarps stóðu til þess að draga verulega úr tekjuhalla ríkissjóðs, sem numið hafði 1,7% af þjóðarframleiðslu að meðaltali síðustu tveggja ára. Tillit til kjarasamninga raskaði þessu um 1,7 milljarða og voru fjárlög afgreidd með 2,8 milljarða tekjuhalla. Megintilgangur þessara breytinga var að slæva verðbólgu frá hlið tekjuákvæðana og tryggja vinnufrið, auk annarra félagslegra markmiða. Var þá enn ekki orðið ljóst, hve alvarlega þenslan gat slegið í baksegl þessara markmiða. Vonast var til, að lánakerfið gæti tryggt nægilegt mótvægi, en með árinu kom betur í ljós, að bæði fjármála- og lánakerfi hefðu þurft að leggjast á sömu sveifina gegn þenslunni. Framvindan yfir árið bar með sér enn lakari horfur, upp í 3,4 milljarða tekjuhalla í maí. Dráttur á stjórnarmyndun varð til að fresta fjármálaáðgerðum til úrlausnar, jafnframt því sem viðleitni til að hamla gegn hækkun raunvaxta á langtímalánum hamlaði sölu spariskírteina fram yfir mitt árið. Fyrirgreiðsla af peningamyndandi toga, að meðtöldum ríkisvixlum, til orðnum við losun innlánsbindingar, nam því um 4 milljörðum til máflokka. Eftir ýmsar fjáröflunar- og aðhaldsaðgerðir nýrrar ríkisstjórnar varð tekjuhalli ársins 2,7 milljarðar, nánast hinn sami og samkvæmt fjárlögum, eða 1,4% af þjóðarframleiðslu, lítið eitt hærra hlutfall en árið áður. Þau vandamál, sem leysa varð eftir lánaleiðinni, færðust hins vegar í aukana, svo að hrein lánsfjárförf reyndist 5 milljarðar á móti 2,7 á fjárlögum. Megináhersla var lögð á fjármögnun af innlendum toga, frá lífeyrissjóðum, bankakerfi og á almennum markaði. Tókust þau áform allvel á heildina litið, en urðu ófað til þess að þrýsta upp raunvöxtum.

Peningamál og lánamarkaður

Með þeirri stefnu, sem tekin var í kjara-, húsnæðis- og ríkisfjármálum fyrir árið 1987, var mikið lagt á innlent lánakerfi, enda var gert ráð fyrir, að erlend nettófjármögnun yrði í algjöru lágmarki. Þróun síðustu ára, með örri aukningu innlána umfram útlán og bata lausafjárstöðu frá lægð hennar 1982 til fyrri hluta árs 1985, vakti vonir um, að bankakerfið fengi axlað aukna byrði, og með samningum við lífeyrissjóðina náðust tók á verulega aukinni fjármögnun frá þeim til húsnæðismála. Nýfengið frjálsræði í vaxtamálum veitti færi á að leita jafnvægis, en ör aukning verðbólgu, og verulega umfram spár, seinkaði viðbrögðum bankanna. Skaplegt jafnvægi hélst þó milli innlána og útlána fyrri hluta ársins, einkum að teknu tilliti til mikilla afurðalána, sem fjármögnuð eru utan frá. Á síðari hluta ársins versnaði ástandið stöðugt. Þenslan og æ örðugra rekstrarárferði mögnuðu upp

útlán, en rýrðu innlán, og keyrði í því efni um þverbak á síðasta ársfjórðungi, en þá virðist gengisspákaupmennska hafa aukið á vandann. Yfir árið í heild jukust innlán um tæp 36% og þar með um 11% að raungildi, svo að ársmeðaltal þeirra hækkaði um 1,5% í 30% að hlutfalli við landsframleiðslu. Útlán jukust þó mun meira eða um 46%, en önnur útlán en gengisbundin afurðalán jukust um nokkurn veginn sömu fjárhæð og innlán. Meðtalin í útlánunum er þó um 1,6 milljarða lánveiting til ríkissjóðs samkvæmt samkomulagi og lánsfjárætlun.


Miklar breytingar urðu á stjórnþækjum peningamála og mörg nýmæli á lánamarkaði, svo að bæði er samanburður milli ára flóknari og föst stjórnartök á lánamálum örðugri en ella. Innlánsbinding var lækkuð úr 18% í 13% í febrúar eða sem nam um 2,5 milljörðum, en lausafjárkröfu komið á í staðinn samkvæmt nýju Seðlabankalögunum, fyrst 7% af nánar skilgreindri eignastöðu, en hækkuð í 7,5% og 8% í júlí og ágúst auk nokkurrar hækkunar reiknigrunnis. Af þessu tilefni hófst útgáfa ríkisvíxla á ný og tengdi þessa atburði, en 2/5 hlutar af losun innlánsbindingar voru greiddir út í ríkisvíxlum og nýttust sem þáttur í lausafjárhlutfalli. Með árinu hjaðnaði þessi ríkisvíxlæign, en í staðinn byggðist upp verulegur almennur ríkisvíxlamarkaður, sem gagnvart ríkissjóði kemur að hluta í stað fyrirgreiðslu Seðlabankans og kemur á beinni tengslum ríkissjóðs við almennan lánamarkað. Ennfremur er millibankamarkaður orðinn veigamikill þáttur í innri aðlögun bankakerfisins.

Á vettvangi lengri fjármögnunar urðu mikil og vaxandi umsvif í verðbréfaútgáfu banka, veðdeilda, verðbréfasjóða og fjármögnunarleigufyrirtækja, sem að auki tóku veruleg erlend lán, einkum eftir að rýmkað var um heimildir til þess í maí. Hefur sparnaður í fjáreignarformi þannig aukist mun meira en fram kemur hjá bankakerfinu. Taldist staða peningalegs sparnaðar 185 milljarðar króna í árslok og hafði aukist yfir árið um 59 milljarða eða 47%. Svo sem fram hefur komið hér á undan, varð einnig mikið innstreymi erlends lánsfjár. Staða erlends lánsfjármagns nettó nam 90,5 milljörðum og var þannig tæpur hálfdrættlingur á við innlent fjármagn eða nær þriðjungur af heildinni. Nafnvirði hins erlenda fjár jókst þó aðeins um 11,9 milljarða eða 15%, en skýring svo lítillar aukningar felst einkum í gengisfestunni.

Gengisfestan, sem er hornsteinn stjórnarstefnunnar, olli einnig því, að erlend lán töldust mjög hagstæð, svo að erlent lánsfé leitaði inn um hverja smugu, þar til að 3% skattur var á lagður í ágústmánuði og heimildir til að taka erlend lán takmarkaðar á ný. Á hinn bóginn var stöðugt gengi úrslitaskilyrði þess, að þensla tæki að réna á ný og verðlag færi ekki úr böndunum.



II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Þjóðarframleiðsla jókst um 6,4% á árinu 1987 og er það heldur meiri aukning en árið áður, og þarf að leita aftur til 1977 til að finna jafn mikla aukningu þjóðarframleiðslu á einu ári. Viðskiptakjör bötnuðu umtalsvert annað árið í röð, og þjóðartekjur jukust um 8,3%. Þjóðartekjur á mann jukust að raungildi um 7% og hafa aldrei áður verið hærrí. Einkaneysla og fjárfesting jukust talsvert meira en sem nam hagvexti, og því varð heildareftirspurn talsvert meiri en þjóðartekjur og orsakaði það viðskiptahalla sem nam um 3,5% af þjóðarframleiðslu. Kaupmáttur launa jókst verulega á árinu þrátt fyrir vaxandi verðbólgu.



Núverandi hagvaxtarskeið hefur staðið frá og með árinu 1984 og á þessum fjórum árum hafa þjóðartekjur á mann vaxið að raungildi um 19,6%, sem samsvarar 4,6% árlegum vexti. Þetta hagvaxtarskeið hefur ekki náð að skila þjóðarbúinu jafn miklum hagsbótum og næstu þrjú 5 ára tímabil örs hagvaxtar þar á undan. Þannig var árlegur vöxtur þjóðartekna á mann á árunum 1962-1966 að meðaltali 7,5%,

Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur



Verðmætaráðstöfun þjóðarbúsins


1969-1974 8,2% og 1976-1980 5,5%. Hið síðasta þessara vaxtar-skeiða er þannig líkast því, sem nú hefur staðið, enda mun tregara um mjög öran vöxt, þegar þjóðarbuíð hefur tekið út mikinn þroska.

Hagvöxtur var mikill á árinu 1987, og varð landsframleiðslan 6,5% meiri en árið áður. Þjóðarframleiðsla jókst um 6,4% og þjóðartekjur mun meira eða 8,3%, þar eð viðskiptakjör bötnuðu. Munur á landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu felst í tekjuhreyfingum gagnvart útlöndum, sem að megninu til eru vaxtagreiðslur af erlendum lánnum. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun er aukning í samgöngum, þjónustu, verslun og veitingarekstri uppistaða hagvaxtar á árinu 1987, en aðeins tæpan tíunda hluta framleiðsluaukans má rekja beint til fiskveiða og -vinnslu, sem þó hafa lagt grunninn að uppgangi síðustu ára. Í töflu II.1. er sögulegt yfirlit yfir hagvöxt á tímabilinu 1956 til 1987 og þar sést, að hagvöxtur undanfarin tvö ár hefur verið talsvert meiri en meðalvöxtur þriggja áratuga þar á undan. Hins vegar breytist þessi mynd, þegar hagvöxtur undanfarinna ára er skoðaður í samanburði við fyrri tímabil. Til dæmis var árlegur vöxtur þjóðarframleiðslu um 3,7% á árunum 1978-1987 samanborið við 4,7% næstu þrjátíu ár þar á undan. Munurinn á hagvexti á þessum tímabilum er minni, ef miðað er við fólksfjölda, þar eð dregið hefur úr fólksfjölgun. Þannig var árlegur vöxtur þjóðarframleiðslu á mann að meðaltali 2,6% 1978-87, en 2,9% 1947-1977. Hagvöxtur undanfarin tvö ár er svipaður og hann var að jafnaði á góðærisskeiðinu á árunum 1961-1967, en tekjuhækkunaráhrif viðskiptakjara voru meiri 1986 og 1987 en á þeim árum. Bráðabirgðatölur benda til þess, að þjóðartekjur á vinnandi mann (ársverk) hafi vaxið um rúmlega 6% á milli ára. Eins og sjá má á mynd hér til hliðar jukust þjóðartekjur á mann frá 1977 til 1987 um tæplega 30%, en vöxtur þeirra var aðeins tæplega helmingur þess, ef miðað er við ársverk, þar sem atvinnuþátttaka hefur vaxið hlutfallslega.

Tafla II.1. Hagvöxtur.
(Árlegar breytingar í %)

	1956-85	1956-65	1966-75	1976-85	1986	1987
Landsframleiðsla	4,3	4,8	4,2	4,1	6,3	6,5
Þjóðarframleiðsla	4,3	4,9	4,1	3,8	6,3	6,4
Þjóðarframleiðsla á mann .	2,8	2,9	2,8	2,7	5,5	5,2
Þjóðartekjur	4,7	5,9	4,1	4,0	8,2	8,3
Þjóðartekjur á mann	3,2	3,8	2,8	3,0	7,4	7,0

Einkaneyslan jókst um 14% 1987, sem er ríflega þrefalt meiri aukning en meðalvöxtur hennar þrjú ár þar á undan. Hlutdeild einkaneyslu af heildareftirspurn jókst úr 63,5% 1986 í 64,1% 1987. Eins og sjá má




á mynd hér til hliðar hefur hlutdeild neyslu af verðmætaráðstöfuninni aukist á tímabilinu frá 1970. Þannig var fjármunamyndun að jafnaði 28,8% af heildareftirspurn á árunum 1970 til 1975, en á síðasta ári var þetta hlutfall 18,3%. Þjóðhagslegur sparnaður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hefur minnkað verulega á þessu tímabili. Á árunum 1970-1975 var hlutdeild sparnaðar af þjóðarframleiðslu að jafnaði 24,5%, en sem meðaltal sl. fimm ára er þetta hlutfall 17,2%. Þannig má segja, að aukin neyslunheigð einkenni þetta tímabil, sem hér er skoðað, og minnkandi hlutdeild fjárfestingar hefur ekki skilað hagstæðari viðskiptajöfnuði eins og vænta mátti.

Tafla II.2. Verðmætaráðstöfun.
(Árlegar breytingar í %)

	1956-85	1956-65	1966-75	1976-85	1986	1987
Einkaneysla	4,8	5,4	4,6	4,5	6,5	14,0
Samneysla	6,3	6,2	8,1	4,6	6,5	4,0
Fjármunamyndun	4,2	5,7	5,4	1,6	2,2	12,7
Verðmætaráðstöfun	4,8	5,6	5,4	3,7	3,9	13,4

Samneysla jókst um 4% á árinu 1987, sem er nokkru minni aukning en 1986, en svipuð og meðaltal næstu 10 ára þar á undan. Vöxtur samneyslu er ekki jafn sveiflukennndur og vöxtur einkaneyslu og samdráttur hefur ekki orðið í samneyslu síðan 1951. Eins og sjá má í töflu II.2. hefur samneysla að jafnaði vaxið meira en einkaneysla frá árinu 1956, en á undanförunum 12 árum virðist sem vöxtur þessara stærða sé nokkuð jafn að meðaltali.



Tafla II.2. gefur til kynna, að verulega hafi dregið úr vexti fjármunamyndunar á undanförunum árum. Árið 1987 er undantekning frá þessari þróun, og vex fjármunamyndun þá um 12,7%. Miklar sveiflur einkenna fjármunamyndunina. Þannig jókst hún um rúmlega 14% 1980, en dróst saman um rúmlega 12% árið 1983. Fjárfesting atvinnuveganna jókst skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar um rúmlega 15%, og veldur þar mestu mikil fjárfesting fyrirtækja í sjávarútvegi. Fjárfesting í landbúnaði dróst saman um rúmlega 5% að fiskeldisstöðvum meðtöldum, en í verslunarhúsnæði var fjárfest um 10% meira en árið á undan. Mikil aukning varð á innflutningi samgöngutækja á liðnu ári eins og árið á undan og er talið, að aukningin nemi um 65%. Áætlað er, að fjárfesting í íbúðarhúsnæði hafi aukist um 10% 1987, og kemur sú aukning í kjölfar 15% árlegs samdráttar næstu tvö árin þar á undan. Hlutfall fjárfestingar í íbúðarhúsnæði af þjóðarframleiðslu er þó talsvert lægra en það var fyrir 1986, eins og sjá má í töflu hér til hliðar. Opinber fjárfesting er talin hafa vaxið um tæp 10% á liðnu ári, og kemur sú aukning í kjölfar tveggja samdráttarára. Engu að síður

vantar talsvert upp á, að opinber fjárfesting haldi fyrri hlutdeild af þjóðarframleiðslu. Nokkur samdráttur varð í virkjunarframkvæmdum, en til hitaveituf framkvæmda, samgöngumannvirkja og opinberra bygginga var varið meira fé en árið á undan.


Af töflu II.2. má lesa, að verðmætaráðstöfun þjóðarbúsins, þ.e. neysla, fjármunamyndun og birgðabreytingar, jókst um 13,4% á árinu 1987. Slík aukning þjóðarútgjalda er ekkert einsdæmi og til samanburðar má nefna, að á árinu 1977 jókst verðmætaráðstöfunin um 14,6% og 1971 um tæplega 30%. Í samanburði við 1986 og meðaltöl fyrri áratuga er þetta þó mikil aukning og verulega meiri en vöxtur þjóðartekna 1987 og afleiðingin því óhjákvæmilega neikvæður viðskiptajöfnuður við útlönd. Viðskiptahalli nam um 3,5% af þjóðarframleiðslu á sl. ári til samanburðar við 0,5% viðskiptaafgang á árinu 1986. Þetta eru mikil umskipti, en þó verður að hafa í huga, að á árinu 1986 gekk mikið á birgðir útflutningsvöru, og stuðlaði það að jákvæðum ytri jöfnuði. Viðskiptahallinn á liðnu ári er þó minni sem hlutfall þjóðarframleiðslu en meðaltal næstu fimm ára á undan og aðeins rúmur helmingur þess, sem hann var á árinu 1982. Þjóðhagslegur sparnaður sem hlutfall af þjóðarframleiðslu dróst saman úr 18% 1986 í 15,3% 1987 þrátt fyrir mikinn hagvöxt og hefur ekki verið minni á þennan mælikvarða frá því 1951. Þjóðhagslegur sparnaður var að meðaltali um 24,8% af þjóðarframleiðslu á síðasta áratug, en það sem af er þessum áratug er þetta hlutfall að jafnaði tæplega 19%. Af þessu virðist ljóst, að þjóðhagslegur heildarsparnaður stendur í nánú sambandi við fjárfestingu á hverjum tíma, svo að þrátt fyrir minnkandi hlutfall fjárfestingar er viðskiptahalli enn þrálátt vandamál. Reynsla annarra þjóða er m.a. sú, að aldurssamsetning mannfjöldans hafi nokkur áhrif á sparnaðar- og fjárfestingarhneigð. Fjárfesting hefur farið minnkandi sem hlutfall af þjóðarframleiðslu, og lækkaði það úr 28,4% að meðaltali á síðasta áratug í tæplega 23% það sem af er þessum.

Viðskiptakjör

Verð á helstu útflutningsvörum hækkaði að meðaltali um 9% í erlendri mynt á árinu 1987, sé gengi miðað við útflutningsvog. Sjávarafurðir hækkuðu um 10,2%, og er sú hækkun til komin við um 25% hækkun á saltfiski og 8,5% hækkun á verði freðfiskafurða og þrátt fyrir lækkandi verð á saltsíld, mjöli og lýsi. Þessi mikla hækkun á sjávarafurðum kemur í kjölfar 7,5% hækkunar á árinu 1986. Sjávarafurðir hækkuðu mest á fyrri hluta ársins, en féllu nokkuð í verði eða stóðu í stað, þegar leið á árið. Útfluttar iðnaðarvörur hækkuðu um 5,5% í erlendri mynt vegna hækkandi verðs á áli, skinnnum, ullarvörum og annarri iðnaðarframleiðslu. Verð kísiljárns og kísilgúrs breyttist ekki miðað við 1986. Ef stóriðja er undanskilin, hækkaði

verð vöruútflutnings um 10% á milli ára í erlendri mynt samanborið við 6,7% hækkun á árinu 1986.


Innfluttar neysluvörur hækkuðu í verði um 4,5% í erlendri mynt, ef miðað er við gengisvog innflutnings, og er sú tala í nokkru samræmi við almennar verðlagsbreytingar í helstu viðskiptalöndunum. Verð á innfluttum rekstrarvörum var að jafnaði um 3,8% lægra á árinu 1987 en 1986, en hækkaði um 1,6%, ef olía er undanskilin. Verð á olíu hækkaði lítils háttar, þegar miðað er við lægsta verð á árinu 1986, en að meðaltali var það tæplega 13% lægra á liðnu ári en árinu þar á undan. Innflutningsverð á fjárfestingarvörum hækkaði um 3,8% í erlendri mynt, sé gengi miðað við innflutningsvog, og innflutningsverð aðfanga stóriðju lækkaði um 8% samkvæmt sömu vog, en hækkaði um rúmlega 9%, ef miðað er við gengi Bandaríkjadollars.



Vöruviðskiptakjörin bötnuðu um 4,2% á liðnu ári og um 4,4%, ef stóriðja er ekki meðtalin. Þetta er nokkru minni viðskiptakjarabati en á árinu 1986, en að því ári undanskildu sá mesti síðan 1977. Það þarf að leita aftur til ársins 1978 til að finna hagstæðari viðskiptakjör en þau voru á árinu 1987. Þess ber að gæta, að viðskiptakjarabatinn var allur kominn fram um mitt ár og talsvert dró úr batanum á síðasta ársfjórðungi, ekki síst sökum mikils gengisfalls dollars. Sé tekið tillit til óhagstæðra verðbreytinga í þjónustuviðskiptum við útlönd, er viðskiptakjarabatinn talinn vera um 2,5% 1987 til samanburðar við 3,7% árið áður. Þessi hagstæða ytri þróun ásamt talsverðri aukningu útflutnings að magni til jók kaupmátt útflutningstekna um 7,9% á árinu 1987.


Framleiðsla og hagur atvinnuveganna

Heildaraflinn 1987 var um 1.580 þúsund tonn skv. bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands og er því um 70 þúsund tonnum minni en á árinu 1986. Þessi samdráttur er til kominn vegna minni loðnuaflla, en afli flestra annarra mikilvægra fisktegunda jókst og verðmæti heildarafla á föstu verði er áætlað um 4% meiri í fyrra en á árinu 1986. Botnfiskafllinn var rúmlega 650 þúsund tonn 1987, sem er rúmlega 3% aukning frá fyrra ári og meira en íslensk fiskiskip hafa aflað síðan 1982. Síldaraflinn var um 66 þúsund tonn, sem er svipað og 1986, og af rækju og humri veiddust rúmlega 40 þúsund tonn, sem er 2 þúsund tonnum meira en metaflaárið 1986. Rekstraráætlanir Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að afkoma í botnfiskveiðum hafi að jafnaði verið nokkuð góð á liðnu ári og hagnaður af tekjum 5-8% miðað við 3-6% ávöxtun stofnfjár. Þess ber að geta, að í lok ársins var rekstrarstaðan mun lakari. Útflutningsframleiðsla sjávarafurða er talin hafa aukist um 6% 1987 og hefur aldrei áður verið meiri. Framleiðsla á saltfiski til útflutnings jókst um 17%, freðfiskframleiðslan um 7%, rækja um



5% og ísfiskur um tæp 10%. Samdráttur varð um 20% í mjöli og lýsi og um 24% í hörpuðiski. Áætluð afkoma botnfiskvinnslunnar á árinu 1987 er mjög misjöfn. Hún virðist hafa verið rekin með hagnaði fyrri hluta ársins, en á síðari hluta syrti nokkuð í álinn og er talið, að frysting hafi þá að jafnaði verið rekin með tapi.

Iðnaðarframleiðsla jókst að mati Þjóðhagsstofnunar um 5,6% 1987, og er það líðlega helmingi meiri vöxtur en árið á undan. Úrtaksathugun á veltutölum iðnaðarfyrirtækja á síðasta ári, sem gerð var af Félagi íslenskra iðnrekenda, sýnir um 11% aukningu umfram verðlagsbreytingar og bendir þetta til þess, að hagar iðnaðar hafi almennt verið þökkalegur þrátt fyrir óhagstæða þróun verðlags og gengis fyrir hefðbundinn útflutningsiðnað. Áframleiðsla jókst um 10% á síðasta ári og kísilgúrframleiðslan um 4%. Aftur á móti dróst framleiðslan á kísiljárnri saman um rúmlega 8%. Útflutningur á almennri iðnaðarvöru er talinn hafa aukist um 14% á föstu gengi 1987 þrátt fyrir nokkurn samdrátt í útflutningi á ullarvöru. Framleiðsla á landbúnaðarvörum er talin hafa minnkað um rúmlega 2% 1987, en aftur á móti er talið, að umsvif í fiskeldi hafi nær tvöfaldast á sl. ári og útflutningsverðmæti laxa- og silungsafurða verið tæpar 300 milljónir króna, og er þá ekki meðtalin útflutningur á seiðum.




Raungengi hækkadi verulega á liðnu ári eins og kemur fram í kafla um gengismál. Þar eð viðskiptakjör bötnuðu um rúm 4% á árinu, versnuðu rekstrarskilyrði útflutnings- og samkeppnisgreina ekki jafn mikið og vísbendingar um raungengi einar og sér gefa til kynna. Seðlabankinn reiknar vísitölu samkeppnisstöðu fyrir útflutningsgreinar með því að bera saman þróun afurðaverðs og kostnaðarþátta. Í mynd hér til hliðar má sjá þróun vísitölu samkeppnisstöðu og raungengis á mælikvarða hlutfallslegs launakostnaðar og hún sýnir, að þrátt fyrir hækkandi raungengi var samkeppnisstaðan á árinu 1987 að jafnaði viðunandi í samanburði við tímabilið frá 1979. Þess ber að geta, að samkeppnisstaðan var þó orðin nokkru lakari undir lok ársins en ársmeðaltalið. Einnig kemur fram á þessari mynd, að gengis- tengd samkeppnisstaða útflutningsgreina batnaði verulega á árunum 1985 og 1986, þrátt fyrir að raungengi væri tiltölulega stöðugt. Ástæðan fyrir þessu var einkum hækkandi verð á sjávarafurðum ásamt lækkandi olíuverði.

Kjarasamningar

Kjarasamningur VSÍ/ASÍ, sem gerður var í desember 1986 og gildi fyrir sl. ár, hækkadi laun strax um 4-5%, og í kjölfarið fylgdi 2% hækkun í mars, 1,5% hækkun í júní og 1,5% hækkun í október, sem gerir alls um 10%. Á fyrri hluta ársins gerðu mörg verkalýðsfélög fastlaunasamninga, sem færðu landverkfólki nokkrar launahækkun-

ir umfram það, sem um samdist í kjarasamningnum í desember. Almennt hækkuðu laun þó talsvert meira en þessir kjarasamningar gerðu ráð fyrir, og kemur margt til: Í fyrsta lagi meiri hækkunir í kjarasamningum bankamanna og opinberra starfsmanna, sem gerðir voru á fyrstu mánuðum ársins, en félagar ASÍ höfðu samið um. Í öðru lagi einkenndist árið af mikill eftirspurn eftir vinnuafli og virðist sem það hafi haft í för með sér, að launagreiðslur umfram taxta urðu umtalsverðar. Í þriðja lagi urðu verðhækkunir meiri en gert var ráð fyrir í kjarasamningi ASÍ, og því hækkuðu almennir launataxtar alls um 2,8% í júní og 7,2% í október. Nú er áætlað, að dagvinnulaun verði að meðaltali 38% hærri 1987 en 1986 og hækkunin yfir árið 1987 er talin vera um 27% skv. gögnum Kjararannsóknarnefndar. Þar sem ekki hefur verið birt mat á almennum launahækkunum vegna launataxtabreytinga, er ekki unnt að greina á milli launahækkana vegna kjarasamninga annars vegar og yfirborgana eða launaskriðs hins vegar.

Tekjur og kaupmáttur



Bráðabirgðatölur benda til, að kaupmáttur greiddra launa landverkafólks ASÍ hafi aukist um rúmlega 17% frá meðaltali fyrra árs. Þessi hækkun kemur í kjölfar 9% hækkunar 1986 og 2% hækkunar 1985, og því var kaupmáttur greidds tímakaups rúmlega 30% meiri á árinu 1987 en 1984. Kaupmáttur launa jókst mikið á fyrstu mánuðum ársins, en hélst svo tiltölulega stöðugur þar til í október, að hann hækkaði nokkuð aftur. Atvinnutekjur á ársverk eru taldar hafa aukist um 39% á milli árána 1986 og 1987 og kaupmáttur þeirra um rúmlega 17% eins og sjá má í töflu II.3. Kaupmáttur heildartekna á mann jókst um 17,7% og kaupmáttur ráðstöfunartekna heldur meira, þar sem skattbyrði minnkaði.

Tafla II.3. sýnir þróun launa á ýmsa mælikvarða, og sem sjá má er kaupmáttur launa mun meiri á árinu 1987 en næstu sjö árin þar á undan og hefur vaxið samfelld frá árinu 1984. Það er athyglisvert, að raunvöxtur þjóðartekna er talsvert minni en kaupmáttaraukning launa, og þetta skýrir aftur viðskiptahallann. Þjóðartekjur á ársverk eða vinnandi mann hafa ekki aukist um nema 7,7% á því tímabili, sem skoðað er í töflu II.3. Þetta er athyglisvert í ljósi þess, að á sama tíma var vöxtur þjóðartekna á mann á föstu verði um 17% og vöruviðskiptakjör böttnuðu um 16%. Af þessu má álykta, að tekjuauka þjóðarbúsins á undanförunum árum megi fremur rekja til fleiri vinnustunda og bættra viðskiptakjara en til meiri framleiðni.

Verðþróun


Framfærslukostnaður hækkaði um 24,3% frá upphafi til loka árs 1987. Verðbólguhraðinn samkvæmt 4 mánaða miðsettri hækkun vísitölu framfærslukostnaðar var 20,1% í upphafi árs 1987, hækkaði

Tafla II.3. Tekjuþróun.

(1980 = 100)

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Kaupmáttur greidds tímakaups ¹⁾	100,7	103,6	85,6	81,4	83,1	90,7	106,7
Kaupmáttur atvinnutekna á ársverk ²⁾	103,4	104,7	89,2	85,2	91,7	100,6	117,7
Kaupmáttur heildartekna á mann ³⁾	101,6	101,8	89,4	88,6	93,9	101,7	119,8
Kaupmáttur ráðstöfunartekna ⁴⁾	105,4	107,9	93,7	89,6	99,5	107,9	127,9
Þjóðartekjur á ársverk	99,4	98,5	94,4	95,7	95,1	100,9	107,1

- 1) Miðað er við upplýsingar frá Kjararannsóknanefnd og breytingar á framfærsluvísitölu.
- 2) Miðað við breytingar á verðvísitölu einkaneyslu. Upplýsingar fyrir árin 1986 og 1987 eru til bráðabirgða, þar sem enn liggja ekki fyrir endanleg gögn um vinnutíma.
- 3) Þ.e. atvinnutekjur, tekjutilfærslur og eignatekjur. Kaupmáttur miðast við verðvísitölu einkaneyslu.
- 4) Þ.e. heildartekjur að frádrögnum sköttum. Kaupmáttur miðast við framfærslukostnað.



nokkuð um miðbik ársins, og í desember var verðbólgan á þennan mælikvarða um 33%. Í upphafi ársins stóðu vonir til, að verðbólga færi minnkandi á árinu, en miklar launahækkningar, eftirspurnarþensla og nokkur hækkun á gengi gjaldmiðla, sem vega þungt í innflutningi, gerðu þær vonir að engu. Meðfylgjandi línurit og tafla II.4. sýna þróun verðbólgu á mælikvarða framfærsluvísitölu. Eins og sjá má var verðbólguhraðinn við lok ársins talsvert meiri en á árinu 1986, en áþekkur því, sem hann var á síðari hluta árs 1985.

Tafla II.4. Verðbólgustig.

4 mán. miðsett hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli.

	1984	1985	1986	1987
Janúar	11,6	56,4	21,1	20,1
Febrúar	12,3	43,6	14,2	21,8
Mars	12,8	35,5	9,6	18,0
Apríl	18,6	28,5	4,4	19,9
Mái	18,0	27,6	10,7	20,8
Júní	17,6	32,6	12,4	24,8
Júlí	18,5	34,4	10,7	24,5
Ágúst	13,4	36,6	10,0	23,3
September	14,6	32,8	15,3	28,7
Október	26,1	31,9	14,5	26,8
Nóvember	40,5	33,1	18,5	36,5
Desember	50,5	34,3	22,1	33,3

Framfærsluvísitalan hækkaði um 18,8% á milli árunna 1986 og 1987 til samanburðar við 21,3% hækkun 1986, 32,4% hækkun 1985, 29,2% hækkun 1984 og 84,3% hækkun 1983. Hækkun framfærslu-

vísitölu á milli ára hefur ekki verið minni síðan 1972. Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði um 17,6% á milli ára og um 16,2% frá upphafi til loka ársins. Til samanburðar hækkaði byggingarvísitalan um 24,5% á milli árunna 1985 og 1986. Launataxtar vega mjög þungt í byggingarvísitölunni og á síðasta ári hækkuðu taxtar miklu minna en launagreiðslur og þetta skýrir minni hækkun byggingarvísitölu en framfærsluvísitölu. Verðvísitala vergrar þjóðarframleiðslu hækkaði um 22,6% frá fyrra ári til 1987 samanborið við 25,6% hækkun á árinu 1986. Þannig benda tölur um breytingar á verðlagi milli ára til minnkandi verðbólgu, en eins og áður er getið var verðbólgan vaxandi frá upphafi til loka ársins.

III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR

Þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar

Þróun í utanríkisviðskiptum Íslendinga varð allmiklu óhagstæðari á árinu 1987 en árið áður. Breytingin á að tveimur þriðju hlutum rætur að rekja til stóraukins innflutnings umfram útflutning, en að einum þriðja til mismunandi breytinga útflutningsvörubirgða á hvoru ári fyrir sig, þar sem verðmæti útflutningsvörubirgða minnkaði um aðeins 184 m.kr. á árinu 1987 á móti 2.171 m.kr. minnkun 1986. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 13,8% miðað við árið áður, og verðmæti vöruinnflutnings jókst um 29,4%. Þetta hafði þau áhrif, að vöruskiptajöfnuður varð neikvæður um 1.967 m.kr., sem svarar til 1,0% af VLF (vergri landsframleiðslu) á árinu 1987 á móti 2,5% jákvæðum jöfnuði árið áður. Halli á þjónustujöfnuði varð 2,6% af VLF á árinu 1987 samanborið við 2,1% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði reyndist því 3,5% af VLF á móti 0,3% hagstæðum jöfnuði árið áður. Fjármagnsjöfnuður varð mjög hagstæður á árinu vegna mikils fjármagnsinnstreymis bæði í formi langtíma- og skammtímalána og nægði fjármagnsinnstreymið því nær til þess að jafna viðskiptahallann, þannig að gjaldeyrisstaða Seðlabankans rýrnaði aðeins um 605 m.kr., sem svarar til 0,3% af VLF, en árið áður nam bati gjaldeyrisstöðunnar 2,1% af VLF. Tafla III.1. sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1986 og 1987, þar sem tölur ársins 1986 hafa verið umreiknaðar til gengis ársins 1987 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar¹⁾.

Útflutningur


Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 13,8% eins og áður er sagt. Hlutfallslega varð aukningin mest í útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða 18,2%, þá iðnaðarvara 15,8% og sjávarafurða 12,3%, en þar var þó um að ræða mesta verðmætisaukningu í krónum talið. Af sjávarafurðum jókst útflutningsverðmæti saltfisks hlutfallslega mest, þá skreiðar, saltsíldar og frysts þorskafla, en samdráttur varð í útflutningsverðmæti mjöls, lýsis og skelfisks.

1) Allur talnasamanburður árána 1986 og 1987 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1987, eftir því sem við á, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.

(Í m.kr. á meðalgengi 1987)

	1986	1987
Innfluttar vörur fob.	-42.505	-55.020
Útfluttar vörur fob.	46.632	53.053
Vöruskiptajöfnuður	4.127	-1.967
Þjónustujöfnuður	-3.553	-5.266
Viðskiptajöfnuður	574	-7.233
Framlög án endurgjalds	166	-24
Fjármagnsjöfnuður	2.766	6.652
Heildargreiðslujöfnuður	3.506	-605



Tafla III.2. sýnir skiptingu útflutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til gengis 1987 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu á útflutningsverðmæti ársins 1987 miðað við árið 1986. Verðmæti sjávarafurða í heildarvöruútflutningi nam 76,0% árið 1987 á móti 77,0% árið áður.

Tafla III.2. Útflutningur helstu vöruflokka.

(Fob.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1987)

	1983	1984	1985	1986	1987	Breyting í % 1986-1987
Sjávarafurðir	22.604	24.229	30.131	35.908	40.322	12,3
Par af: Saltfiskur	3.936	3.499	4.441	5.997	8.612	43,6
Skreið	1.324	94	214	933	1.082	16,0
Frystur þorskafli	10.971	10.767	12.950	13.646	14.740	8,0
Lýsi	142	1.044	1.755	1.060	987	-6,9
Mjöl	692	2.368	2.414	2.769	2.222	-19,8
Humar, rækja og hörpudiskur	1.998	2.289	3.202	5.032	4.703	-6,5
Saltsíld	817	1.186	1.052	766	838	9,4
Landbúnaðarafurðir	369	619	568	606	716	18,2
Iðnaðarvörur	9.740	10.107	9.047	9.200	10.655	15,8
Par af: Ál	5.841	5.242	3.990	4.277	5.080	18,8
Kísiljárn	1.096	1.555	1.457	1.383	1.473	6,5
Aðrar iðnaðarvörur	2.804	3.310	3.600	3.540	4.102	15,9
Aðrar vörur	518	1.091	566	918	1.360	48,3
Útflutningur alls	33.231	36.046	40.312	46.632	53.053	13,8

Skipting inn- og útflutnings eftir löndum


Tafla III.3. sýnir skiptingu vöruinnflutnings og vöruútflutnings eftir löndum. Helstu breytingar á skiptingu innflutnings eftir markaðs-svæðum urðu þær, að innflutningur frá EBE-löndum dróst saman úr 52,9% af heildarinnflutningi 1986 í 52,0% 1987 og hlutdeild Austur-Evrópulanda dróst saman úr 6,5% 1986 í 5,8% 1987.

Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)

	1983	1984	1985	1986	1987
Innflutningur:					
EFTA	22,8	21,2	22,0	20,6	20,6
EBE	45,1	47,3	49,5	52,9	52,0
Austur-Evrópa	11,3	11,0	8,8	6,5	5,8
Norður-Ameríka	8,3	7,4	7,2	7,4	7,5
Önnur lönd	12,5	13,1	12,5	12,6	14,1
Útflutningur:					
EFTA	14,9	12,7	14,2	10,1	8,2
EBE	34,7	38,3	39,3	54,1	57,4
Austur-Evrópa	8,0	9,5	7,8	5,5	4,7
Norður-Ameríka	28,6	28,6	27,3	22,0	18,6
Önnur lönd	13,8	10,9	11,4	8,3	11,1

Helstu breytingar á skiptingu útflutnings eftir markaðssvæðum urðu þær, að útflutningur til EBE-landa jókst úr 54,1% af heildarútflutningi 1986 í 57,4% 1987, en hlutdeild Norður-Ameríku dróst saman úr 22,0% af heildarútflutningi 1986 í 18,6% 1987. Þá dróst hlutdeild EFTA-landa saman úr 10,1% 1986 í 8,2% 1987, en hlutdeild annarra landa jókst úr 8,3% í 11,1%, og stafar það af auknum útflutningi til Japans, sem telst til annarra landa á yfirlitinu á töflu III.3., en útflutningur til Japans jókst úr 4,8% af heildarútflutningi 1986 í 7,8% 1987.

Ef litið er á hlutdeild einstakra landa í vöruútflutningi á árinu 1987, er athyglisvert, að Bandaríkin færast nú í fyrsta sinn síðan 1967 niður í annað sæti með 18,3% af heildarútflutningi, en Bretland aftur á mót



í fyrsta sæti með 19,4%. Þriðja mikilvægasta útflutningslandið er Vestur-Pýskaland með 10,0% af vöruútflutningi, þá kemur Portúgal með 9,4%, síðan Japan með 7,8%, en útflutningur til Japans hefur stöðugt farið vaxandi á undanförunum árum. Hlutdeild nokkurra helstu viðskiptalanda okkar í vöruinnflutningi var sem hér segir á árinu 1987: Vestur-Pýskaland 15,2%, Danmörk 9,2%, Bretland, Japan, Noregur og Svíþjóð, öll með 8,2%, Holland 8,1% og Bandaríkin 7,1%.

Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir í árslok.
(Í m.kr. á gengi SDR í árslok 1987)

	1983	1984	1985	1986	1987
Freðfiskur	2.955	2.461	1.408	445	1.152
Til Bandaríkjanna	2.375	1.911	828	247	457
Til annarra landa	580	550	580	197	695
Saltfiskur	196	132	0	113	358
Skreið	1.423	2.174	2.065	470	58
Aðrar sjávarafurðir	1.853	2.040	1.844	1.564	1.590
Sjávarafurðir samtals	6.427	6.807	5.317	2.592	3.158
Landbúnaður	179	173	321	258	680
Ál	190	201	432	466	196
Kísiljárn	154	98	168	186	47
Kísilgúr	16	18	42	48	88
	6.966	7.297	6.280	3.547	4.169

Tafla III.5. Vöruinnflutningur.
(Fob.-verð í m.kr. á meðalgengi 1987)


	1986	1987	Breyting
			í % 1986-1987
Innflutningur alls, fob.	42.505	55.020	29,4
Sérstakar fjárfestingarvörur	2.075	3.368	62,3
Skip og flugvélar	1.931	3.268	69,2
Vegna Landsvirkjunar	69	100	44,9
Vegna flugstöðvarbyggingar	75	-	
Rekstrarvörur v/álbræðslu	1.893	2.164	14,3
Rekstrarvörur v/járnblendiverksmiðju	531	412	-22,4
Almennur innflutningur	38.006	49.076	29,1
(þar af olía)	(3.830)	(3.724)	(-2,8)

Birgðir útflutningsvara

Tafla III.4. sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, umreiknað til árslokagengis 1987 samkvæmt gengi á SDR.

Próun innflutnings

Tafla III.5. sýnir fob-verðmæti innflutnings 1986 og 1987 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslegar breytingar á árinu 1987 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti vöruinnflutnings hefur aukist um 29,4% á árinu, en árið áður var aukningin 5,4%. Almennur vöruinn-



flutningur jókst um 29,1%, en verðmæti olíuvöruinnflutnings dróst saman um 2,8%, og varð því 32,7% aukning á almennum innflutningi að frátöldum olíuvörum. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 62,3%, aðallega vegna skipakaupa, sem jukust úr 1.350 m.kr. í 3.197 m.kr. eða um 137%.

Tafla III.6. Almennur innflutningur.
(Cif.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1987)

	1986			1987			Hlutfallsbreytingar %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	489	2.455	2.944	322	3.012	3.334	-34,2	22,7	13,2
Febrúar	532	2.519	3.051	263	3.287	3.550	-50,6	30,5	16,4
Mars	511	2.505	3.016	262	4.163	4.425	-48,7	66,2	46,7
Apríl	29	3.454	3.483	109	3.709	3.818	275,9	7,4	9,6
Máí	411	3.390	3.801	398	4.570	4.968	-3,2	34,8	30,7
Júní	333	3.202	3.535	445	4.721	5.166	33,6	47,4	46,1
Júlí	309	3.566	3.875	271	4.764	5.035	-12,3	33,6	29,9
Ágúst	261	2.790	3.051	485	3.649	4.134	85,8	30,8	35,5
Sept.	408	3.517	3.925	528	4.422	4.950	29,4	25,7	26,1
Okt.	425	3.880	4.305	382	4.713	5.095	-10,1	21,5	18,4
Nóv.	107	3.663	3.770	310	4.733	5.043	189,7	29,2	33,8
Des.	363	3.731	4.094	456	4.934	5.390	25,6	32,2	31,7
	4.178	38.672	42.850	4.231	50.677	54.908	1,3	31,0	28,1
I. ársfj.	1.532	7.479	9.011	847	10.462	11.309	-44,7	39,9	25,5
II. ársfj.	773	10.046	10.819	952	13.000	13.952	23,2	29,4	29,0
III. ársfj.	978	9.873	10.851	1.284	12.835	14.119	31,3	30,0	30,1
IV. ársfj.	895	11.274	12.169	1.148	14.380	15.528	28,3	27,6	27,6

Tafla III.6. sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1986 og 1987, skipt á olíuvöruinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1987, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1986 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis viðkomandi mánaðar 1987. Tölur í þessari töflu eru á cif-verði, en í töflu III.5. eru innflutningstölur á fob-verði. Verður bæði þetta og munur, sem er á gengisumreikningi, til þess að valda því misræmi, sem gætir milli talna í töflu III.5. og töflu III.6. Hlutfallslega jókst innflutningur mest á þriðja ársfjórðungi, en minnst á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tímabil árið áður.

Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1987 varð neikvæður um 1.967 m.kr. samanborið við 4.127 m.kr. jákvæðan jöfnuð 1986 umreiknað til meðalgengis 1987 og versnaði því frá árinu áður um 6.094 m.kr. samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1986 og 1987 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða, sem minnkðu um 184 m.kr. 1987 á móti 2.171 m.kr. minnkun 1986, reyndist vöruskiptajöfnuður þannig leiðréttur neikvæður um 2.151 m.kr. 1987


á móti 1.956 m.kr. jákvæðum jöfnuði 1986 eða 4.107 m.kr. óhagstæðari 1987 en árið áður, og sé þar að auki sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reyndist hann 2.814 m.kr. óhagstæðari 1987 en 1986.

Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, samgöngum, tryggingum, vaxtagreiðslum, viðskiptum við varnarliðið o.fl. Tafla III.7. sýnir samanburð á helstu liðum þjónustujafnaðar 1986 og 1987 ásamt hlutfallslegri breytingu.

Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.
(Í m.kr. á meðalgengi 1987)

	1986	1987	Breyting í % 1986-1987
Þjónustujöfnuður	-3.553	-5.266	
Innflutt þjónusta, alls	-23.225	-26.757	15,2
Útflutt þjónusta, alls	19.672	21.491	9,2
Útgjöld af ferða- og dvalarkostnaði	-5.520	-8.215	48,8
Tekjur af erlendum ferðamönnum	2.532	3.324	31,3
Útgjöld vegna samgangna (þar af v/ísl. flugfélaganna)	-7.066 (-3.940)	-7.109 (-3.537)	0,6 (-10,2)
Tekjur af samgöngum (þar af v/ísl. flugfélaganna)	8.747 (4.812)	8.322 (4.555)	-4,9 (-5,3)
Vaxtagjöld	-7.210	-7.106	-1,4
Vaxtatekjur	754	893	18,4
Útgjöld vegna trygginga	-975	-1.055	8,2
Tekjur af tryggingum	446	660	48,0
Tekjur af varnarliði, nettó	4.592	4.790	4,3
Ýmis útgjöld (Par af v/álbræðslu)	-2.454 (-474)	-3.272 (-340)	33,3 (-28,3)
Ýmsar tekjur	2.601	3.502	34,6
Þjónustujöfnuður án vaxta	2.903	947	
Innflutt þjónusta	-16.015	-19.651	22,7
Útflutt þjónusta	18.918	20.598	8,9
Vaxtajöfnuður	-6.456	-6.213	
Vaxtagjöld	-7.210	-7.106	-1,4
Vaxtatekjur	754	893	18,4



Þjónustutekjur námu í heild 21.491 m.kr., og er það aukning um 9,2% frá fyrra ári. Þjónustugjöld námu í heild 26.757 m.kr., sem er aukning um 15,2% frá fyrra ári. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 5.266 m.kr., sem svarar til 2,6% af VLF. Þetta er lakari útkoma en árið áður, en þá reyndist þjónustujöfnuður óhagstæður um 3.553 m.kr., sem svarar til 2,1% af VLF. Valda stóraukin útgjöld vegna ferðalaga mestu um aukinn halla á þjónustujöfnuði 1987. Útgjöld vegna samgangna jukust um 0,6%, en tekjur drógust saman um 4,9%. Nettótekjur af samgöngum námu 1.213 m.kr. 1987, en 1.680 m.kr. árið áður, þannig að útkoma samgönguliðarins varð

nokkru lakari en árið áður eða sem nemur 467 m.kr. Þrátt fyrir aukna skuldsetningu lækkuðu vaxtagjöld um 1,4% fyrir áhrif lægri vaxta erlendis og lækkandi gengis Bandaríkjadollars. Vaxtatekjur hækk-uðu um 18,4%, enda var gjaldeyrisforðinn að jafnaði meiri 1987 en 1986. Vaxtajöfnuður varð því með aðeins betri útkomu en árið áður. Þjónustujöfnuður án vaxta varð hagstæður um 947 m.kr. 1987 á móti 2.903 m.kr. 1986, sem er því 1.956 m.kr. lakari útkoma 1987 en árið áður. Um aðra liði þjónustujafnaðar vísast til töflu III.7.

Viðskiptajöfnuður


Viðskiptajöfnuður (vöruskipta- og þjónustujöfnuður) reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum óhagstæður á árinu 1987 um 7.233 m.kr., sem jafngildir 3,5% af VLF. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt hagstæður um 574 m.kr. eða 0,3% af VLF. Sé viðskiptajöfnuður árána 1986 og 1987 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reyndist viðskiptajöfnuður 1987 vera neikvæður um 6.289 m.kr. eða 3,1% af VLF, en viðskiptajöfnuður 1986, leiðréttur á sama hátt, neikvæður um 1.762 m.kr. eða 0,6% af VLF.

Framlög án endurgjalds

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu neikvæð um 24 m.kr. á árinu 1987 á móti 166 m.kr. jákvæðum jöfnuði árið áður. Vegur þar þyngst óhagstæðari jöfnuður eignayfirfærslna.

Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim svo og áhættufjármagn til fjárfestingar, sem ýmist kemur erlendis frá eða fer til annarra landa, og ýmsar aðrar fjármagnshreyf-



ingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs, og eru þær nefndar lánahreyfingar til langs tíma, og hins vegar skammtímalán. Alls varð fjármagnsjöfnuður hagstæður um 6.652 m.kr. á árinu 1987 á móti 2.766 m.kr. árið áður, og er þá liðurinn Skekkjur og vantalið í báðum tilvikum talinn með í fjármagnsjöfnuði. Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðar eru langar lántökur og afborganir af slíkum lánum.


Tafla III.8. Hreyfing langra erlendra lána.
(Í m.kr. á meðalgengi 1987)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1986	1987	1986	1987	1986	1987
Opinberir aðilar	5.914	2.796	2.571	2.288	3.343	508
Lánastofnanir	4.468	7.543	2.477	2.140	1.991	5.403
Einkaaðilar	2.098	2.126	1.108	1.297	990	829
Samtals	12.480	12.465	6.156	5.725	6.324	6.740

Tafla III.8. sýnir bráðabirgðatölur um hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1987 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum eru frumlántakendur, þ.e. hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1986, umreiknaðar til meðalgengis 1987. Samtals námu innkomin löng lán 12.465 m.kr., en afborganir 5.725 m.kr., þannig að lántökur til langs tíma námu 6.740 m.kr. nettó samanborið við 6.324 m.kr. árið áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 83.050 m.kr. í árslok 1987 reiknað á gengi í árslok, en 83.760 m.kr. reiknað á meðalgengi ársins, og svarar það til 40,8% af VLF samanborið við 47,2% árið áður. Þessi umtalsverða lækkun skýrist bæði af vexti landsframleiðslunnar, hækkun raungengis krónunnar og lækkun gengis Bandaríkjadollars, en á móti kom, að skuldir jukust nokkuð á föstu erlendu verðlagi.

Greiðslubyrði af löngum lánum, þ.e. afborganir og vextir, nam 16,0% af útflutningstekjum, þar af 8,2% vegna vaxtagreiðslna og 7,8% vegna afborgana. Þetta eru mun lægri hlutföll en árið áður, en þá nam greiðslubyrðin 18,9%, þar af 9,6% vegna vaxta og 9,3% vegna afborgana. Í töflu 8 í töfluviðauka aftar í skýrslunni er yfirlit yfir stöðu langra erlendra lána og greiðslubyrði þeirra á árunum 1981-1987.

Heildargreiðslur vaxta af öllum skuldum við útlönd, þ.e. bæði langtíma- og skammtímaskuldum að frádrögnum vaxtatekjum, sýna nettó-kostnað þjóðarbúsins af skuldastöðunni við útlönd. Á árinu 1987 námu nettógreiðslur vaxta 3% af VLF á móti 3,9% árið áður. Línurit hér til hliðar sýnir skuldastöðu langra erlendra lána á meðalgengi hvers árs í hlutfalli af VLF ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár. Tafla III.9. sýnir stöðu langra erlendra



Tafla III.9. Löng erlend lán, flokkuð eftir gjaldmiðlum.

A. Staða í árslok í m.kr. á gengi í lok hvers árs.

	1983	1984	1985	1986	1987
Bandaríkjadollarar	20.715	28.145	34.543	38.335	34.875
Sterlingspund	1.961	3.177	3.924	4.142	4.389
Norskar krónur	764	741	864	657	673
V-þýsk mörk	3.635	4.744	6.435	8.028	13.846
Svissneskir frankar	2.222	4.256	5.767	6.940	10.865
Hollensk gyllini	806	1.037	1.734	1.811	1.773
Japönsk yen	4.401	8.052	10.307	12.066	12.493
EUA/ECU	794	855	1.106	2.242	2.703
Aðrir	1.038	1.237	1.432	1.745	1.433
Erlend lán, alls	36.336	52.244	66.112	75.966	83.050

B. Hlutfallsleg skipting lána í lok hvers árs.

	1983	1984	1985	1986	1987
Bandaríkjadollarar	57,0	53,9	52,3	50,5	42,0
Sterlingspund	5,4	6,1	5,9	5,4	5,3
Norskar krónur	2,1	1,4	1,3	0,9	0,8
V-þýsk mörk	10,0	9,1	9,7	10,6	16,7
Svissneskir frankar	6,1	8,1	8,7	9,1	13,1
Hollensk gyllini	2,2	2,0	2,6	2,4	2,1
Japönsk yen	12,1	15,4	15,6	15,9	15,0
EUA/ECU	2,2	1,6	1,7	2,9	3,3
Aðrir	2,9	2,4	2,2	2,3	1,7
Erlend lán, alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

lána í árslok 1983-1987 skipt á gjaldmiðla á gengi í hver árslok, einnig er sýnd hlutfallsleg skipting á gjaldmiðla. Endurlánuð skammtímalán innlánsstofnana jukust um 3.518 m.kr. reiknað á meðalgengi 1987, þar af voru 2.480 m.kr. vegna afurðalána. Erlend lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði um 230 m.kr., þannig að erlend skammtíma- staða innlánsstofnana versnaði um 3.288 m.kr. nettó. Stutt vöru- kaupalán innflytjenda jukust um 579 m.kr. reiknað á meðalgengi 1987, og ógreiddur útflutningur jókst um 1.344 m.kr. Nettóinn- streymi á þessum mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtíma- lánnum, erlendri skammtíma- stöðu innlánsstofnana, stuttum vöru- kaupalánnum og ógreiddum útflutningi, nam 9.263 m.kr. Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem er erlent einkafjármagn til atvinnu- rekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar, nam nettófjármagns- innstreymi 983 m.kr., en þar vega fjármögnunarleigur þyngst með 1.094 m.kr. innstreymi. Sé auk þess liðnum Skekkjur og vantalið bætt þar við, verður um að ræða 2.611 m.kr. nettóútsstreymi. Í heild var nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði 6.652 m.kr. Tafla III.10. sýnir nettóhreyfingar á helstu liðum fjármagnsjafnaðar 1986 og 1987 á meðalgengi ársins 1987.

Tafla III.10. Fjármagnsjöfnuður.

(Í m.kr. á meðalgengi 1987)

	1986	1987
Fjármagnsjöfnuður ¹⁾	2.766	6.652
Hreint innstreymi langra lána	6.324	6.740
Innkomin lán, alls	12.480	12.465
Afborganir af lánum, alls	-6.156	-5.725
Stuttar lántökur, nettó	-2.186	3.689
Opinberir aðilar	-274	2
Lánastofnanir	-2.402	3.518
Einkaaðilar	490	169
Aðrar fjármagnshreyfingar	-130	-183
Erlent einkafjármagn	266	69
Lausafjárstaða bankanna	-375	-230
Annað	-21	-22
Skekkjur og vantalið	-1.242	-3.594

¹⁾ Skekkjur og vantalið meðtalið.

Nettóstaða þjóðarbúsins út á við

Nettóstaða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum skuldum Íslands við önnur lönd að frádregnum kröfum landsmanna á útlönd. Erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi og íslenskri fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis er sleppt. Tafla III.11. sýnir, að nettóskuldir við útlönd námu 84.633 m.kr. í árslok 1987 reiknað á meðalgengi ársins, sem jafngildir 41,2% af VLF á móti 45,1% árið áður. Tafla III.11. sýnir einnig stöðu langra erlendra lána í hlutfalli af VLF. Þá sýnir taflan einnig viðskiptajöfnuð og vaxtagreiðslur nettó í hlutfalli af VLF.



Gjaldeyrisstaða

Tafla III.12. sýnir gjaldeyrisstöðu Seðlabankans sl. fimm ár, en þar eru tölur umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1987. Í 10. töflu í töfluviðauka er hins vegar að finna yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu sl. tíu ár á því gengi, sem gildi á hverjum tíma. Taflan sýnir einnig erlenda skammtímastöðu innlánsstofnana á

Tafla III.11. Staða þjóðarbúsins út á við í árslok.

(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettóskuld við útlönd	Í hlutfalli (%) af vergri landsframleiðslu			
			Löng lán	Nettóskuld	Viðskiptajöfnuður	Nettóvextir
1978	1.971	1.873	30,8	29,3	1,2	-2,5
1979	2.930	2.721	31,0	28,8	-0,7	-2,6
1980	4.623	4.233	29,8	27,3	-2,0	-2,6
1981	7.521	6.549	30,8	26,8	-4,2	-3,3
1982	14.904	15.022	38,9	39,2	-8,1	-3,9
1983	32.127	31.141	48,6	47,1	-1,9	-4,6
1984	42.559	43.470	48,3	49,3	-4,7	-5,2
1985	60.857	62.899	50,8	52,5	-4,0	-4,7
1986	75.082	71.756	47,2	45,1	0,3	-3,9
1987 ¹⁾	83.760	84.633	40,8	41,2	-3,5	-3,0



Tafla III.12. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans í árslok. (Í m.kr. á gengi í árslok 1987)

	1983	1984	1985	1986	1987
Gjaldeyrisforði	7.751	6.595	8.617	12.162	11.166
Gull	86	86	86	86	86
Innstæður í SDR	2	18	19	8	96
Gjaldeyrisstaða við IMF	203	203	203	203	203
Bankainnstæður og verðbréf	7.460	6.288	8.309	11.865	10.782
Gjaldeyrissskuldur	2.432	3.060	1.179	1.301	630
Nettóstaða	5.319	3.535	7.438	10.861	10.537

sama tímabili. Í töflu III.12. kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 11.166 m.kr. í árslok 1987, sem svarar til 22,8% af fobverði almenns vöruinntulnings og hafði lækkað úr 34% í árslok 1986. Á árinu rýrnaði gjaldeyrisforði Seðlabankans um 996 m.kr. reiknað á gengi í árslok, en jókst um 3.545 m.kr. 1986. Gjaldeyrissskuldur bankans lækkuðu um 672 m.kr., þannig að nettóstaða Seðlabankans rýrnaði um 324 m.kr. reiknað á árslokagengi 1987. Á árinu 1987 endurgreiddi Seðlabankinn Alþjóðagjaldeyrisjóðnum 10,75 milljóna SDR eftirstöðvar af 21,5 milljóna SDR jöfnunarláni, sem tekið var í desember 1982.

Tafla III.13. Gjaldeyrisviðskipti bankanna. (Í m.kr. á gengi í lok hvers mánaðar 1987)

	Keyptur gjaldeyris		Seldur gjaldeyris		Gjaldeyriskaup bankanna, nettó	
	1986 ¹⁾	1987	1986 ¹⁾	1987	1986 ¹⁾	1987
Janúar	5.078	6.778	5.478	7.544	-400	-766
Febrúar	4.996	5.683	6.068	6.532	-1.072	-849
Mars	5.430	9.912	5.640	9.030	-210	882
Apríl	6.686	9.223	5.732	6.121	954	3.102
Mái	7.636	5.865	6.008	6.902	1.628	-1.037
Júní	6.208	7.174	7.058	8.781	-850	-1.607
Júlí	7.058	10.361	6.810	8.607	248	1.754
Ágúst	7.072	6.491	5.752	6.605	1.320	-114
Sept.	5.611	5.602	6.028	7.112	-417	-1.510
Okt.	7.316	6.783	7.171	7.309	145	-526
Nóv.	8.336	5.914	6.927	6.964	1.409	-1.050
Des.	9.215	9.970	8.057	8.711	1.158	1.259
Samtals	80.642	89.756	76.729	90.218	3.913	-462


1) Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1987 samkvæmt vísitölu viðskiptavogar.

Gjaldeyrisviðskipti

Tafla III.13. sýnir gjaldeyrisviðskipti bankanna, þ.e. gjaldeyriskaup þeirra og gjaldeyrissölu í hverjum mánuði 1986 og 1987, og hafa tölur hvers mánaðar 1986 verið færðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1987. Á árinu í heild jukust gjaldeyriskaup bankanna um 11,3% miðað við árið áður og gjaldeyrissala um 17,6%.

IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

Halli á rekstri A-hluta ríkissjóðs á árinu 1987 nam samkvæmt bráðabirgðatölum 2,7 milljörðum króna. Tekjur urðu 49 milljarðar og hækkuðu um 28,5% frá árinu áður, en útgjöld 51,7 milljarðar, eða 28,9% hærri en árið 1986. Til samanburðar er verg þjóðarframleiðsla talin hafa hækkað um 31% á milli ára að nafnvirði, atvinnutekjur og launastig um það bil 39% og framfærsluvísitala um 18,8%. Útgjöld og tekjur ríkissjóðs lækkuðu því örlítið sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. Innheimta af veittum, löngum lánum varð 2,4 milljarðar, en ný lán 2,0 milljarðar króna, og hlutafjárframlög námu 0,9 milljörðum. Veitt skammtímalán urðu 1,8 milljarðar umfram fengin, þannig að hrein lánsfjárförf ríkissjóðs varð réttir 5 milljarðar króna. Lántökur utan Seðlabanka námu 3,3 milljörðum umfram afborganir. Þar af var innlend lántaka 2,7 milljarðar að ríkisvixlasölu meðtalinni, en erlend 0,6 milljarðar. Greiðsluhreyfing gagnvart Seðlabanka var neikvæð um 2 milljarða króna, en staða annarra greiðslufjárreikninga batnaði um 0,4 milljarða. Nánara greiðslufirlit og samanburð við undanfarin ár er að finna í töflu IV.1.




Tekjur hækkuðu um 13,8% frá fjárlögum, en útgjöld um 12,6%, og er það svipuð hækkun og varð á launum umfram forsendur fjárlaga. Hallinn varð svipaður í krónum talið og gert var ráð fyrir, en til þess þurfti verulegar tekjuöflunaraðgerðir, sem taldar voru skila ríkissjóði um 1,3 milljörðum króna á árinu.

Þróun tekna og gjalda

Tafla IV.2. sýnir tekjur og gjöld ríkissjóðs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og hækkun milli síðustu ára. Tekjur af beinum sköttum urðu hlutfallslega minni 1987 en árið áður eða 3,2% af þjóðarframleiðslu á móti 3,6% þrátt fyrir lægri skattahlutföll. Stafaði það af vanmati tekna almennings við fjárlagagerð fyrra árið, en ofmati hið síðara. Hins vegar hækkuðu óbeinir skattar meira en þjóðartekjur og námu 20% af þjóðarframleiðslu á móti 19,3% árið 1986. Tekjur af aðflutningsgjöldum hækkuðu um 29% milli ára, enda þótt innflutningsverð hækkaði aðeins um 8%, enda varð magnaukning innflutnings 22,6%.

Tafla IV.1. Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.
(Í milljónum króna)

	Fjárlög Útkoma				
	1984	1985	1986	1987	1987
1 Tekjur	20.747	27.110	38.113	43.029	48.963
2 Gjöld	19.964	29.497	40.111	45.872	51.688
3 Tekjuafgangur	783	-2.387	-1.998	-2.843	-2.725
4 Lánveitingar, nettó (41-42)	598	228	319	-480	436
41 Veitt lán og áhættufé	750	577	6.581	1.500	2.847
42 Innheimtar afborganir og áhættufé	151	349	6.262	1.980	2.411
5 Skammtímalíðir, útstreymi	353	1.492	2.062	300	1.824
6 Hrein lánsfjárbörf (-3+4+5)	168	4.107	4.379	2.663	4.985
7 Lántökur utan Seðlabanka, nettó	809	1.686	7.116	2.740	3.312
71 Tekin lán	3.352	2.718	10.883	6.150	7.548
72 Greiddar afborganir	2.543	1.032	3.767	3.410	4.236
8 Greiðslujöfnuður (7-6)	641	-2.421	2.737	77	-1.673
81 Greiðsluhreyfing gv. Seðlabanka ..	446	-2.478	2.848	..	-2.075
82 Aðrir bankar og sjóður	195	57	-111	..	402
9 Verg lánsfjárbörf (6+72)	2.711	5.139	8.229	6.073	9.221
Hlutföll af vergri þjóðarframleiðslu (%):					
1 Tekjur	24,8	23,7	25,0	24,6	24,6
2 Gjöld	23,9	25,8	26,3	26,0	26,0
3 Tekjuafgangur	0,9	-2,1	-1,3	-1,4	-1,4
6 Hrein lánsfjárbörf	0,2	3,6	2,9	2,5	2,5
9 Verg lánsfjárbörf	3,2	4,5	5,4	4,6	4,6



Söluskattur nam 20,2 milljörðum króna 1987 eða 10,1% af þjóðarframleiðslu, en 9,5% árið áður, enda voru felldar niður ýmsar undanþágur frá skattinum. Vaxtatekjur lækkuðu milli ára, m.a. vegna eftirgjafar skulda við orkugeirann og lágra erlendra viðmiðunarvaxta á lánveitingum á síðari hluta 1986 og fyrri hluta 1987.

Á útgjaldahlið varð veruleg hnikun frá atvinnumálum. Útgjöld til félagslegra málaflokka, þ.e. mennta- og menningarmála, kirkjumála, heilbrigðismála, félagsmála og húsnæðismála, hækkuðu hins vegar verulega eða um 36,7% milli ára úr 15,1% í 15,9% af þjóðarframleiðslu. Erfitt er að bera saman skiptingu milli heilbrigðismála og tryggingamála milli ára, þar sem fjölmörg sjúkrahús, sem rekin voru með daggjöldum sjúkratrygginga árið 1986, fengu föst framlög á fjárlögum 1987 og færðust út af tryggingamálum yfir á heilbrigðismál. Samanlagt hækkuðu útgjöld til heilbrigðis- og tryggingamála um 40,6% milli ára. Framlög til atvinnumála hækkuðu einungis um 11% milli ára og urðu 4,8% af þjóðarframleiðslu á móti 5,6% árið 1986. Er

Tafla IV.2. Tekjur og gjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (%) og hækkun milli ára (%).¹⁾

	1984	1985	1986	1987	Hækkun	
					í % 85-86	í % 86-87
Beinir skattar	3,44	2,87	3,61	3,16	67,9	14,2
Tekjuskattar	2,60	2,02	2,71	2,33	79,0	12,1
Eignarskattar	0,58	0,59	0,61	0,54	38,0	14,3
Óbeinir skattar	20,30	19,94	19,30	20,01	29,3	35,3
Aðflutningsgjöld	4,28	3,73	3,30	3,34	18,0	32,1
Veltuskattar ²⁾	12,24	12,50	12,40	13,01	32,5	36,8
Skattar af launagreiðslum ³⁾	1,81	1,77	1,74	1,78	31,4	33,9
Vaxtatekjur	0,68	0,68	1,67	1,17	227,2	-8,2
Aðrar tekjur	0,43	0,22	0,39	0,24	129,1	-19,0
Tekjur alls	24,85	23,71	24,96	24,59	40,6	28,5
Almenn stjórn og löggæsla	2,01	2,21	2,23	2,42	35,1	41,2
Utánríkismál	0,28	0,25	0,25	0,24	34,2	24,7
Félagsleg málefni	13,84	15,21	15,12	15,86	32,8	36,7
Mennta-, menningar- og kirkjumál	3,76	4,38	4,21	4,30	28,6	33,3
Heilbrigðismál	2,47	2,61	2,81	4,15	43,3	92,8
Tryggingamál	6,64	6,76	6,82	6,24	34,7	19,2
Húsnæðis- og félagsmál	0,97	1,46	1,28	1,17	17,3	19,1
Atvinnumál	6,29	6,03	5,59	4,75	23,8	10,9
Niðurgreiðslur	0,97	0,89	0,88	0,79	32,6	16,7
Landbúnaðarmál	1,13	1,16	1,08	0,99	24,5	20,1
Útvegsmál	0,46	0,82	0,78	0,62	27,5	3,6
Iðnaðar- og orkumál	1,27	1,01	0,89	0,53	17,7	-22,1
Samgöngumál	2,46	2,15	1,95	1,81	21,4	21,1
Ýmis útgjöld	1,47	1,90	3,08	2,69	116,5	14,2
Vaxtagjöld	0,99	1,40	2,56	2,15	144,9	9,5
Gjöld alls	23,89	25,59	26,27	25,96	37,1	28,9
Framfærsluvísitala					21,3	18,7
Tímakaup verkafólks og iðnaðarmanna					32,8	36,3


1) Tekjur 1981-1986 skv. ríkisreikningi, annað skv. mánaðaryfirlitum ríkisbókhalds.

2) Söluskattur, húsnæðisgjald, orkujöfnunargjald og hagnaður ÁTVR.

3) Launaskattur og tryggingagjöld.

hér um verulegan raunsamdrátt að ræða. Niðurgreiðslur á vöruverði hækkðu um 17% eða heldur minna en framfærsluvísitala, enda þótt verulegar aukafjárveitingar kæmu til á árinu. Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir hækkðu um 31% milli ára, en önnur útgjöld til landbúnaðarmála lækkuðu um 5%. Útgjöld til útvegsmála hækkðu aðeins um 3,6% milli ára, enda stóðu ýmsir helstu útgjaldaliðir nánast í stað, þar á meðal endurgreiðslur söluskatts í sjávarútvegi. Í byrjun árs 1988 var ákveðið að auka endurgreiðslur á söluskatti


Þróun innan ársins



að nýju. Greiðslur til iðnaðar- og orkumála lækkuðu um 22% milli ára, að verulegu leyti vegna niðurfellingar á verðjöfnunargjaldi raforku, sem veitt hefur verið til orkufyrirtækja í dreifbýli á undanförnum árum. Gjald þetta var lagt af í árslok 1986, en þá yfirtók ríkissjóður eða gaf eftir skuldir þessara fyrirtækja að upphæð alls um 5 milljarða króna. Miðað við hlutdeild þessara skulda í heildarskuldum ríkisins í árslok 1986 má ætla, að hreinn vaxtakostnaður ríkissjóðs af yfirtökunni hafi verið 4-500 m.kr. á árinu 1987. Með þeirri viðbót hefðu útgjöld til iðnaðar og orkumála aukist um 7-15% milli ára. Nokkrum vandkvæðum er bundið að meta raunaukningu einstakra útgjaldaflokka eftir almennum verðmælikvörðum, þegar verðhlutföll breytast mikið eins og verða vill með sveiflum á raungengi. Þannig er óvíst, að 25% aukning útgjalda til utanríkismála beri vott um minni aukningu umsvifa en 41% útgjaldahækkun til almennrar stjórnar og löggæslu. Sama vandamál kemur upp, þegar notuð er hlutdeild útgjalda í þjóðarframleiðslu. Á síðasta ári var óumflýjanlegt, að vinnuafsfreikir eða launategdir útgjaldaflokkar hækkuðu meira en aðrir, en gengistengdir minna.

Fjárlagafrumvarp ársins var lagt fram með halla sem nam 1,6 milljörðum króna, og hrein lánsfjárförf var 1,5 milljarðar. Í kjölfar samninga ASÍ og vinnuveitenda í desember 1986 voru tekjuáform lækkuð um 0,8 milljarða, en útgjöld hækkuð um 0,9 milljarða króna. Í meðförum Alþingis hækkuðu útgjöld um 0,8 milljarða, en breyttar verðlagsforsendur hækkuðu tekjur meira en gjöld, þar sem ýmsum framlögum var haldið óbreyttum frá frumvarpi, og var áætlaður halli samkvæmt fjárlögum 2,8 milljarðar króna og hrein lánsfjárförf 2,7 milljarðar. Í apríl voru gerðir launasamningar við opinbera starfsmenn og var talið, að þeir myndu kosta ríkið um það bil einn milljarð króna í launakostnaði umfram áform í fjárlögum. Einnig voru á fyrstu mánuðum ársins teknar ákvarðanir um auknar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörur og hækkun lífeyristrygginga. Í stjórnarmyndunarviðræðunum í maí var ríkissjóðshallinn talinn stefna í 3,4 milljarða króna og hrein lánsfjárförf í 5 milljarða. Þá var kominn í ljós fjárskortur vegna flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og búið að lögfesta hlutfjárframlag til Útvegsbankans, og áætlað útstreymi á skammtímalíðum hafði hækkað úr 0,3 í 0,7 milljarða króna.

Fyrstu aðgerðir nýrrar ríkisstjórnar fólu í sér skattahækkun um 1,1 milljarð til ársloka og þar á móti 190 m.kr. hækkun til ellilífeyris og barnabóta. Fullur söluskattur var lagður á farsíma og tölvur, en 10% skattur á ýmsa þjónustu og matvæli önnur en ferskar landbúnaðar- og sjávarafurðir. Lagður var nýr þungaskattur á bifreiðar, gjöld af ríkisábyrgðum voru hækkuð og skattur lagður á erlendar lántökur. Í okt-



Tafla IV.3. Horfur í ríkisfjármálum á mismunandi árstíma.
 (Milljarðar króna, verðáætlun hvers tíma)

	Frum- varp	Fjár- lög	Maí	Júlí	Septem- ber	Bráða- birgða- útkoma
Gjöld	41,6	45,9	49,0	49,5	49,9	51,7
Tekjur	40,0	43,0	45,6	46,8	47,8	49,0
Halli	1,6	2,8	3,4	2,7	2,1	2,7
Lánveitingar, nettóúttreymi ...	-0,4	-0,5	0,8	0,7	0,5	0,4
Skammtímalíðir, nettóúttreymi	0,3	0,3	0,7	0,7	0,7	1,8
Hrein lánsfjárför	1,5	2,7	4,9	4,1	3,4	5,0

óberbyrjun var innflutningsgjald af bifreiðum hækkað svo og verð áfengis og tóbaks. Áformað var að leggja 10% gjald á ferskar matvörur 1. nóvember, en framkvæmdinni var frestað til áramóta og nýrra fjárlaga. Á síðasta ársfjórðungi urðu veltu- og launabreytingar mun meiri en gert var ráð fyrir um haustið, og vaxtagjöld ársins reyndust auk þess 0,6 milljörðum króna hærri en áætlað hafði verið, að hluta vegna fyrirframgreiðslu vaxta af ríkisvixlum. Af þessum sökum urðu gjöld ársins 1,8 og tekjur 1,4 milljörðum króna hærri en gert var ráð fyrir í október. Í desember kom einnig í ljós verulegt úttreymi á skammtímalíðum umfram áætlanir, ekki síst vegna slæmrar stöðu Pósts og síma og Ríkisútvarpsins. Halli á ríkissjóði varð því 2,7 milljarðar króna og hrein lánsfjárför 5 milljarðar, 2,3 milljörðum meiri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Tafla IV.3. veitir nánara yfirlit um afkomu ríkissjóðs eins og hún var metin á hverjum tíma. Rétt er að taka fram, að verulegur mismunur er á verðlagsforsendum þessara áætla. Þannig má ætla, að verðvísitala samneyslu hafi hækkað um 28,3% milli 1986 og 1987, en í fjárlögum var gert ráð fyrir 22,5% hækkun.

Fjárförð og fjármögnun

Hallamyndun innan ársins má einnig lesa út úr línuriti 1, sem sýnir hreina lánsfjárförð og fjármögnun ríkissjóðs frá upphafi árs til loka hvers mánaðar. Lánsfjárförðin myndaðist að mestu á fyrri helmingi ársins og var þá fjármögnuð með erlendum lánum, yfirdrætti í Seðla-banka og sölu á ríkisvixlum vegna lækkunar bindiskyldu í lok febrú-ar. Sala á spariskírteinum var dræm framan af ári og nettóinnlausn um 400 m.kr. til júliloka, en salan tók kipp, eftir að vextir voru hækk-aðir úr 6,5% í 7,2-8,5% í ágúst. Í desember voru seld skírteini fyrir 660 m.kr., og heildarsala á árinu varð 2.144 m.kr.

Tafla IV.4. Lánsfjáráætlun ríkisins 1984-1987.

(Í m.kr.)

			Heimildir Útkoma		
	1984	1985	1986	1987	1987
Ríkissjóður alls	2.892	3.725	8.471	6.384	6.690
A-hluti	1.937	2.547	7.752	7.053	7.633
Þar af endurlánað B-hluta ¹⁾	—	—	810	1.420	1.505
Endurlánað öðrum	—	—	143	105	289
B-hluti (þ.m.t. endurlán)	955	1.178	810	1.515	1.600
Orkuframkvæmdir	195	216	110	100	140
Fjármagnskostnaður ²⁾	328	454	—	—	—
Lánasjóður námsmanna	258	340	400	800	800
Flugstöð Leifs Eiríkssonar	—	89	300	520	565
Annað	174	79	42	95	95
Fjármögnun	2.892	3.725	8.471	6.384	6.690
Innlend	239	1.160	3.617	4.484	4.485
Spariskírteini, netto ³⁾	-143	525	853	—	—
Sala spariskírteina	374	1.485	2.127	1.500	2.144
Verðbréfab. banka og sparissj. ⁴⁾	—	—	574	1.650	1.216
Verðbréfab kaup lífeyrissjóða	127	—	782	1.300	157
Ríkisvixlar ⁵⁾	—	—	—	—	934
Önnur innlend fjármögnun	255	635	134	34	34
Erlend lán	2.653	2.565	4.812	1.900	2.205
Lántökur ríkissjóðs sem hlutfall af vergri þjódarframleiðslu:					
Innlendar	0,3	1,0	2,4		2,3
Erlendar	3,2	2,2	3,2		1,1
Samtals	3,5	3,3	5,5		3,4

1) Endurlánastarfsemin var flutt úr B-hluta í A-hluta ríkisreiknings í ársbyrjun 1986.


2) Kröfluvirkjun o.fl.

3) Sala og innheimta spariskírteinalána að frádreginni innlausn spariskírteina.



4) Auk 395 m.kr. kaupa á spariskírteinum.

5) Útistandandi í árslok.

Innlausn varð 805 m.kr. að höfuðstól auk 325 m.kr. vaxta, sem gjald-færðir eru við innlausn. Vaxtauppfærð innlausn nam því samtals 1.130 m.kr. Önnur innlend lántaka nam 1.407 m.kr., en 456 m.kr. að frádregnum innlendum afborgunum, og voru ný lán einkum tekin hjá bönkum og sparissjóðum eða 1.216 m.kr. (auk þess sem þessar stofn-anir keyptu spariskírteini fyrir 395 m.kr.). Áætlað var að taka 1.300



Fyrirgreiðsla og skuldastaða



m.kr. að láni hjá lífeyrissjóðum, en útkoman varð 157 milljónir með sérstökum lántökum auk spariskírteina, sem lífeyrissjóðir keyptu á almennum markaði. Auk langtímalántöku námu útistandandi ríkisvixlar í árslok 934 m.kr. Innlend lántaka á árinu nam því alls 4.485 m.kr., afborganir 1.757 m.kr. og hrein lántaka 2.728 m.kr. Hrein erlend lántaka ríkissjóðs nam á árinu 583 m.kr. Lántökur voru 2.155 m.kr., en afborganir 1.572 m.kr. Þar af voru greiddar 537 m.kr. af endurláni, sem Framkvæmdasjóður endurfjármagnaði í eigin nafni á árinu. Að auki var eldri lánnum skuldbreytt fyrir ný og hagstæðari samkvæmt opinni heimild lánsfjárlaga. Tafla IV.4. sýnir verga lánsfjárráðstöfun og lántökur ríkissjóðs undanfarin ár ásamt heimildum 1987.

Í ársbyrjun 1987 nam skuld ríkissjóðs við Seðlabankann alls 2,7 milljörðum króna, en 5,2 milljörðum í árslok, og hafði þá hækkað um 2,5 milljarða á árinu. Skuldaaukning á viðskiptareikningum varð réttur milljarður króna, og bein lántaka ríkissjóðs í Seðlabanka varð 0,7 milljarðar umfram afborganir. Aðrar hækkanir stafa af endurmati, kaupum Seðlabankans á skuldabréfum frá þriðja aðila og milligöngu bankans um lántökur frá innlánsstofnunum á árinu 1986. Af árslokastöðunni var nettóskuld á viðskiptareikningum 0,9 milljarðar króna, skuldir vegna beinna langtímalána voru 2,3 milljarðar, skuldabréf, keypt af þriðja aðila, voru 0,3 milljarðar, spariskírteini og ríkisvixlar 0,9 milljarðar og skuldabréf vegna lánamiðlunar 0,9 milljarðar. Í línuriti hér til hliðar er árslokaskuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann síðustu árin sýnd á föstu verðlagi miðað við síðustu áramót.

Tafla IV.5. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.

(Meðaltal á árinu)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Milljónir króna	68	182	256	1.237	708	2.773	1.865	1.910
Hlutfall af þjóðarframl.	0,45	0,77	0,70	1,96	0,85	2,43	1,22	0,96


Skuldastaða ríkissjóðs í Seðlabankanum í árslok eða lok hvers mánaðar gefur aðeins ófullkomna mynd af fyrirgreiðslu Seðlabankans við ríkið. Yfirleitt er skuld á viðskiptareikningi hvað lægst um mánaðamót eftir innheimtu söluskatts, en hækkar upp úr mánaðamótum vegna launagreiðslna. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð innan árs hefur gjarnan verið mæld með meðalskuld umfram skuld í upphafi árs. Á þennan mælikvarða var fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð að meðaltali 1.910 m.kr. á síðasta ári eða 0,96% af þjóðarframleiðslu. Svo sem sjá má á línuriti hér á síðunni var fyrirgreiðslan heldur undir meðallagi undanfarinna ára miðað við þjóðarframleiðslu, en þá ber að hafa í huga, að útgáfa ríkisvixla vegna lækkunar bindiskyldu var snar þáttur í fjármögnun ríkissjóðs á árinu.

Hallinn á ríkisbúskapnum var því framan af árinu fjármagnaður með yfirdrætti í Seðlabankanum og erlendum lánunum. Þrátt fyrir að ákveðið hafði verið að hefja sölu ríkisvixla um miðjan janúar, hófst sala þeirra ekki fyrr en í byrjun júní. Ljóst er, að þessi þróun hafði mjög óæskileg áhrif á framvindu peningamála á árinu, þar sem hún jók útlánagetu innlánsstofnana og olli tímabundinni þenslu í peningamálum.

Lánamarkaðurinn

Þessi þensla endurspeglast í þróun heildarstærða lánakerfisins. Aukning heildarlána lánakerfisins var afar mikil árið 1987 eða 33%. Lausleg flokkun lánastærðanna bendir til, að mest hafi aukningin orðið til heimila eða 48%. Lán til ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust um 12%, sveitarfélaga um 28% og atvinnufyrirtækja um 36%. Þetta er veruleg aukning umfram verðlagsbreytingar, sem námu 22,2%, sé miðað við lánskjaravísitölu. Af áðurgreindum flokkum er atvinnufyrirtækjaflokkurinn stærstur með um 43% hlutdeild, sem er svipað og var í lok árs 1986.


Lánsfjármíðlun hér á landi hefur á síðustu árum fundið sér nokkra nýja farvegi. Meðfylgjandi yfirlit yfir lánsfjármarkaðinn er að þessu sinni yfirgrípsmeira en í síðustu ársskýrslu, þar sem reynt hefur verið að ná til nýjunganna, eftir því sem kostur er, þ.e. að taka með nýjar veðdeildir banka og sparissjóða, fjármögnunarleigufyrirtæki, verðbréfasjóði og útgáfu verðbréfaflokka, sem boðnir hafa verið til sölu á markaðnum. Sem fyrr nær yfirlitið einnig til lánsfjármíðlunar bankakerfis, fjárfestingarlánasjóða, lífeyrissjóða, tryggingarfélaga, lánasjóða ríkis og útlanda. Rétt er að taka fram, að árslokátölur 1987 eru bráðabirgðatölur, sem að verulegu leyti byggjast á áætlunum vegna síðbúinna skýrsluskila, svo sem frá lífeyrissjóðum og tryggingarfélögum.



Tafla V.1. Lánakerfið.
(Stöðutölur í árslok í millj. kr.)

	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987
<i>Eignir:</i>							
Útlán	23.578	47.510	86.842	121.728	166.997	203.994	272.165
Ríkissj. og ríkisst. . .	5.730	12.150	22.899	32.339	43.504	49.767	55.900
Bæjar- og sveitarf. . .	1.634	3.666	6.225	7.937	9.585	9.503	12.166
Atvinnufyrirtæki . . .	11.252	22.180	38.656	53.889	70.240	85.922	117.223
Heimili	4.962	9.514	19.062	27.563	43.668	58.802	86.876
<i>Eignir=skuldir</i>	23.578	47.510	86.842	121.728	116.997	203.994	272.165
<i>Skuldir:</i>							
Peningalegur sparnaður	15.576	26.301	48.249	63.405	94.901	126.226	181.596
Frjáls	8.912	14.252	25.073	31.769	47.213	64.731	99.872
Innlán og seðlar . . .	6.972	11.069	19.539	26.052	38.229	49.784	74.413
Spariskírteini og happdrættisbréf	1.385	2.220	3.950	3.700	5.475	8.470	11.748
Annar	555	963	1.584	2.017	3.509	6.477	13.711
Kerfisbundinn	6.664	12.049	23.176	31.636	47.688	61.495	81.724
Eignir lífeyrissjóða	3.502	6.613	12.651	16.987	26.396	33.736	53.000
Skyldusparnaður í fjárfestingarlánasj.	321	554	985	1.096	1.493	1.760	1.766
Eigið fé lánastofn.	2.841	4.882	9.540	13.555	19.799	25.999	26.958
Erlent lánsfjármagn . .	8.002	21.209	38.593	58.323	72.096	77.768	90.569
Löng erlend lán	8.470	19.866	36.335	52.248	66.118	76.007	83.050
Stutt lán	1.291	3.084	4.756	8.658	13.688	14.301	18.593
Stuttar kröfur á útlönd	-1.759	-1.741	-2.498	-2.583	-7.710	-11.773	-11.074

Fróðlegt er að líta á hlutdeild erlendra lána í heildarlánunum lánakerfisins. Hún lækkaði árið 1987 og nam í árslok 33% samanborið við um 38% í lok árs 1986, og stafar sú lækkun að mestu af hækkun raungengis. Peningalegur sparnaður af innlendum toga hefur aftur á móti aukist þriðja árið í röð. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam peningalegur sparnaður innanlands 77% árið 1987 samanborið við 74% árið 1986 og lágstöðuna 47% árið 1980. Sérstaklega virðist frjáls peningalegur sparnaður vera vaxandi, en sem hlutfall af landsframleiðslu var hann 42,6% í árslok 1987 samanborið við 37,9% árið 1986. Þetta hlutfall var lægst 27% árið 1980. Sérstaka athygli vekur aukning skulda heimilanna. Lán til einstaklinga eða heimila hafa vaxið ört frá 1980, en þá voru þau um 14% af landsframleiðslu, en nema nú um 37%. Þessi aukning á sér margar skýringar, en nefna má m.a. áhrif verðtryggingar húsnæðislána, sem veldur því, að skuldir vegna íbúðarakaupa og íbúðarfjárfestingar endurgreiðast hægar en áður. Einnig er hugsanlegt, að heimilin hafi á þessum áratug nýtt sér lága skuldastöðu í upphafi áratugarins og bætt verulega á sig skuldum til að fjár-



Tafla V.2. Lánakerfið.
(Stöðutölur í lok hvers árs á meðalverðlagi ársins
sem hlutfall af landsframleiðslu)

Ráðstöfun:	1975	1980	1984	1985	1986	1987
Útlán						
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	20,6	19,8	32,2	31,4	29,1	23,8
Bæjar- og sveitarfélög	5,0	5,3	7,9	6,9	5,6	5,2
Fyrirtæki	47,3	37,6	53,6	50,7	50,3	50,0
Einstaklingar (heimili)	15,7	13,8	27,4	31,5	34,4	37,1
Samtals	88,6	76,5	121,1	120,5	119,4	116,0
Uppruni:						
Peningalegur sparnaður	52,4	47,1	63,1	68,5	73,9	77,4
þ.a. frjáls	32,2	27,1	31,6	34,1	37,9	42,6
Erlent lánsfé, nettó	36,2	29,4	58,0	52,0	45,5	38,6
Til samanburðar:						
Erl. lánsfé á meðalgengi	(36,8)	(29,8)	(48,3)	(50,8)	(47,2)	(42,2)

magna neyslu og fjárfestingu. Í töflu V.2. hér á eftir er yfirlit um eignir og skuldir lánakerfisins sem hlutföll af landsframleiðslu.

Líklegt er, að aukið framboð lánsfjár innanlands stafi ekki síst af þeirri grundvallarbreytingu, sem orðið hefur í vaxtamálum hér á landi. Hér á eftir verður fyrst fjallað sérstaklega um vexti og þróun þeirra árið 1987, en síðar verður vikið að reikningum bankakerfisins og öðrum þáttum lánamarkaðarins.

Hin mikla lánsfjáreftirspurn leiddi til hækkandi vaxta. Raunvextir á lánamarkaði fóru hækkandi og hafa sennilega aldrei á eftirstríðsárunum verið jafnháir. Raunvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisjóða voru þó fremur lágir á fyrri hluta árs, er verðbólga var vaxandi. Hafa innlánsstofnanir sennilega vanmetið verðbólguhraðann á því tímabili. Grunnvextir verðtryggðra útlána innlánsstofnana hækk-

Vaxtaþróun

Tafla V.3. Þróun raunvaxta.


	Skuldabréf banka		Spari- skír- teini	Banka- bréf	Traust verð- bréf
	Verðtr.	Óverðtr.			
I. ársfj. 1987	6,4	-1,2	6,5	9,3-10,4	10,8-12,0
II. ársfj. 1987	6,8	3,0	6,5	8,8-9,8	10,5-12,0
III. ársfj. 1987	8,2	10,3	6,5/7,2-8,5	9,0-9,8	10,4-11,4
IV. ársfj. 1987	9,3	6,3	7,2-8,5	8,5-10,3	10,5-12,2
1987	7,7	4,7	6,5-8,5	.	.
1986	5,2	4,3	6,5-9,0	.	.

uðu á seinni hluta ársins og voru í árslok að meðaltali um 9,5%, en voru 5,9-6,2% í upphafi árs. Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit um þróun helstu vaxta á lánamarkaðnum á árinu. Raunvextir óverðtryggðra skuldabréfa eru þar metnir miðað við hækkun lánskjaravísitölu í hverjum ársfjórðungi fyrir sig. Vöxtum spariskírteina var breytt 18. ágúst og gefnir út þrír nýir flokkar með mismunandi vöxtum og lánstíma. Með traustum verðbréfum er átt við verðbréf stærri fyrirtækja.

Glögglega sést, að sá munur, sem verið hefur milli vaxta utan og innan innlánsstofnana, fór minnkandi, enda höfðu bankar og sparisjóðir nú frelsi til ákvörðunar vaxta eins og nánar verður vikið að hér á eftir.

Seðlabankinn hafði ekki frumkvæði að vaxtabreytingum, heldur fylgdi hann breytingum banka og sparisjóða fast eftir með breytingum eigin vaxta. Þrátt fyrir hækkun vaxta jókst lánsfjáreftirspurn á árinu. Nefna má fjórar hugsanlegar skýringar. Í fyrsta lagi voru vextir fremur lágir á fyrri hluta árs eins og áður sagði. Í öðru lagi var ýmis atvinnurekstur mjög arðbær, einkum á fyrri hluta árs, enda var hagvöxtur mikill. Einnig varð kaupmáttaraukning heimilanna mjög mikil. Háir raunvextir kunna því að hafa verið hlutfallslega lágir miðað við afkomu margra atvinnugreina og heimila. Í þriðja lagi hafði nýja húsnæðislánakerfið talsverð áhrif. Stóraukin húsnæðislán á lágum vöxtum juku spennuna í hagkerfinu. Lánsloforð, sem veitt voru fram í tímann, hafa vafalaust örvað íbúðafjárfestingu og leitt til eftirspurnar í bönkum og öðrum lánastofnunum eftir lánsfé. Í fjórða lagi má nefna, að vextir lána í innlánsstofnunum eru breytilegir. Það kann að hafa þær afleiðingar, að hækkun raunvaxta, sem talin er tímabundin, hefur ekki sömu áhrif og hækkun raunvaxta, þegar lán eru almennt með föstum vöxtum. Lántaki kann að gera sér vonir um vaxtalækkun fljótlega.

Vaxtaþróun hjá bönkum og sparisjóðum



Hinn 14. apríl 1987 tóku gildi lög nr. 25/1987, vaxtalög, sem m.a. lýsa því, hvernig dráttarvextir, vanskilavextir, skuli ákveðnir og hvaða reglur gilda um vexti utan banka og sparisjóða. Með hinum nýju vaxtalögum voru felld úr gildi lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Setning þessara laga, svo og hin nýju lög um viðskiptabanka, sparisjóði og Seðlabanka Íslands, sem öll tóku gildi á árinu 1986, hafa það í för með sér, að meginbreyting hefur orðið á skipan vaxtamála. Aðalatriði þessara breytinga er, að almennt samningsfrelsi hefur verið lögfest um vexti. Með breytingum á bankalöggjöfinni var ákvörðun vaxta banka og sparisjóða nær algerlega flutt til þeirra sjálfra, og í vaxtalögunum felst m.a. nær undantekningarlaust samningsfrelsi um vexti í viðskiptum utan innlánsstofnana. Tekið er fram í vaxtalögunum, að ákvæði þeirra um almenna vexti og dráttarvexti gildi því aðeins, að annað leiði ekki af lögum, samningum eða venju. Í sumum tilvikum ber þó að miða við vexti banka og sparisjóða, eins og t.d. vegna skuldabréfa, sem gefin hafa verið út fyrir gildistöku laganna. Lögð er sérstök upplýsingaskylda á Seðlabankann til að tryggja almennan aðgang að upplýsingum um vexti.

Frjálsræði í vaxtamálum leiddi til tíðra vaxtabreytinga á árinu, sem flestar voru til hækkunar, enda gáfu verðlagsþróun og eftirspurnarástand ekki tilefni til annars. Hér verður stuttlega lýst þróun vaxta banka og sparisjóða frá 1. nóvember 1986, er núverandi skipan vaxtamála þeirra komst á.

Svo tekið sé dæmi um vaxtabreytingar, voru vextir óverðtryggðra skuldabréfalána 15,5% fram til 1. nóvember 1986. Hækkuðu þessir

vextir næstu 3 mánuði um rúm 2% að meðaltali og um annað eins í febrúar 1987. Voru meðalvextir almennra skuldabréfa orðnir 20% hinn 21. febrúar. Talsverð hækkun varð í mánuðunum maí-júlí, er fram komu meiri hækkunar verðvísitalna en spár höfðu sýnt. Hinn 1. október voru meðalvextir almennra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum orðnir 30,8%, 30,5% hjá Landsbanka, en 31% hjá öllum öðrum. Veruleg hækkun varð enn á ný í nóvember og desember. Hinn 21. nóvember voru umræddir meðalvextir komnir í 35%, og í árslok voru þeir 36,2%.

Vextir verðtryggðra lána hækkðu einnig verulega. T.d. voru vextir langra verðtryggðra skuldabréfalána innlánsstofnana 5% í október 1986, 7% að meðaltali hinn 21. maí og 8,7% 1. október, er þeir voru 8,5% hjá þremur bönkum og 9% hjá öðrum. Hinn 21. nóvember voru þessir vextir orðnir 9,5% hjá öllum. Í lok ársins voru þessir vextir óbreyttir að undanskildu því, að Útvegsbanki hafði hækkað þá í 9,75% þann 11. desember. Til samanburðar má nefna, að vextir nýrra spariskírteina voru síðustu mánuði ársins 8-8,5% auk verðtryggingar og í flestum viðskiptum með eldri spariskírteini á verðbréfaþingi voru vextir 7,5-9%.

Samkvæmt vaxtalögum ber bönkum og sparisjóðum að tilkynna Seðlabankanum um öll vaxtakjör og skal Seðlabankinn fyrir lok mánaðar birta í Lögbirtingablaði öll almenn vaxtakjör hvers banka og sparisjóðanna sameiginlega, svo og vegið meðaltal þeirra. Tilkynningar þessar skulu lagðar til grundvallar, þar sem við á, við framkvæmd vaxtalaganna næsta mánuðinn eða uns næsta tilkynning birtist. Birting vaxtanna með þessum hætti hófst í maí 1987. Eru birtar tvær tilkynningar hverju sinni, þ.e. A-tilkynning, sem sýnir vaxtakjör einstakra stofnana og vegin meðaltöl, og hins vegar B-tilkynning, sem m.a. sýnir vegið meðaltal ársávöxtunar nýrra almennra útlána svo og dráttarvexti, en þeir reiknast samkvæmt tiltekinni aðferð, sem lýst er í lögnum. Í töfluviðauka hér aftast er yfirlit um helstu vexti, sem auglýstir hafa verið á þennan hátt, og hér til hliðar eru ennfremur sýnd dæmi úr B-tilkynningunni.

Vextir skv. 10 gr. vaxtalaga

	<i>Meðal- ávöxtun nýrra almennra útlána banka og sparisj.</i>	<i>Dráttar- vextir á ári</i>
Í maí 1987	22,2	30,0
Í júní 1987	24,6	33,6
Í júlí 1987	26,7	36,0
Í ágúst 1987	31,2	40,8
Í sept. 1987	32,6	42,0
Í okt. 1987	33,3	43,2
Í nóv. 1987	35,0	45,6
Í des. 1987	38,9	49,2

Þróun raunvaxta

Ekki er til einhlít aðferð við að mæla raunvexti óverðtryggðra innlána og útlána. Fyrir aðila, sem íhugar lántöku eða sparnað, skiptir mestu máli, hvers vænta megi um raunvexti, en erfitt er að meta, hver niðurstaðan er í þessu efni. Önnur aðferð er að líta á, hverjir vextir hafa verið, og meta raunvexti á grundvelli verðbólgu á sama tímabili. Með þessum hætti er lagt nokkurs konar mat á, hverjir raunvextirnir hafi verið. Samkvæmt þessari aðferð voru raunvextir óverðtryggðra skuldabréfa banka og sparisjóða neikvæðir um 1,2% á fyrsta árs-

fjórðungi ársins, en hækkuðu á öðrum og þriðja ársfjórðungi og voru 10,3% á þriðja ársfjórðungi að meðaltali. Þessi hækkun stafaði aðallega af hækkun nafnvaxta, en meðaltal þeirra hækkaði úr 19,1% í 29,1% milli fyrsta og þriðja ársfjórðungs. Síðasta ársfjórðunginn lækkuðu raunvextir óverðtryggðra skuldabréfa í 6,3%. Þessu olli veruleg aukning verðbólguhraðans umfram breytingu nafnvaxta.

Tíðar breytingar

Bankar og sparisjóðir hafa haldið þeirri reglu að breyta aðeins vöxtum 1., 11. eða 21. dag mánaðar. Frá 1. nóvember 1986 til ársloka 1987 voru 42 vaxtabreytingadagar í þessum skilningi og urðu einhverjar vaxtabreytingar í öll skiptin.

Iðnaðarbanki og sparisjóðir hafa oftast haft forystu um vaxtahækkunarirnar í þeim skilningi að færa vexti upp fyrir þá, sem hæstir voru fyrir. Mesta breytingin varð 1. júlí, er Iðnaðarbanki færði vexti almennra skuldabréfa úr 25,5% í 29,5% og víxilvexti úr 24,5% í 28,5%. Aðrir bankar hafa einnig stöku sinnum tekið af skarið í þessum skilningi, þannig að ekki er hægt að fullyrða, að einn sé öðrum fremur leiðandi í þessum efnum. Þó hefur Landsbankinn oftast haft forystu um vexti sparibókar.

Nýmæli í vaxtamálum

Nefna má nokkur nýmæli, sem komið hafa fram, síðan vaxtaákvarðanir færðust að fullu í hendur banka og sparisjóða. Fyrst eftir að nýskipan komst á vaxtamálin, lækkuðu vaxtakjör viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa og færðust í betra samræmi við kjör útlána en verið hafði. Kaup slíkra viðskiptabréfa er þó enn sú fyrirgreiðsla banka og sparisjóða, sem hæsta ávöxtun ber. Í árslok 1987 jafngiltu meðalafföll 30 daga viðskiptavíxla 36,6% forvöxtum á ári auk venjulegrar þóknunar og afgreiðslugjalds. Til samanburðar má nefna, að forvextir beinna víxillána voru þá 34,1%.

Grunnvextir skuldabréfalána hafa hækkað nokkuð. Í október 1986 voru grunnvextir 9%, en í lok árs 1987 voru þeir 13,5% að meðaltali hjá bönkum og sparisjóðum. Því hærri sem grunnvextir eru, því hærri verða fyrstu endurgreiðslur láns. Má því segja, að hækkun grunnvaxta feli í sér styttingu lánstíma og fráhrarf frá þeirri stefnu, sem tekin var upp árið 1979, að endurgreiðslur óverðtryggðra skuldabréfa færu hækkandi á lánstímanum í hátt við verðlag líkt og gerist með verðtryggð lán.

Flestir bankar og sparisjóðir hafa tekið upp nýbreytni varðandi vexti tékkareikninga. Þjóða þeir hliðstæða vexti og eru á almennum spari-bókum, en nokkrir setja viss skilyrði, t.d. að innstæða sé yfir tilteknu lágmarki. Sértékkareikningar fela í sér nýjung bæði varðandi vaxta-

Peningamál

hæð og vaxtareikning, því að reiknaðir eru dagvextir nema hjá Alþýðubanka og Sparisjóðnum í Keflavík, sem reikna aðeins vexti af lægstu innstæðu á hverjum 10 dögum eins og tíðkast á almennum tékkareikningum.

Aðgerðir í peningamálum miðuðust annars vegar við að stuðla að betra jafnvægi í þróun peningamála, m.a. með hliðsjón af þensluáhrifum hallans á ríkisbúskapnum, og hins vegar við að breyta notkun peningalegra stjórntækja í frjálsræðisátt, þar sem markaðsáhrif vaxta komi í stað beinnar íhlutunar.

Nýju lög in um Seðlabankann fela í sér verulegar breytingar í aðferðum við stjórn peningamála. Í stað þess að Seðlabankinn ákveði beint vexti við innlánsstofnanir hefur hann nú aðeins möguleika til að hafa óbein áhrif á vexti. Jafnframt er heimild til breytinga bindiskyldu-hlutfalls nú háð samþykki viðskiptaráðherra.

Að frumkvæði ríkisstjórnarinnar var innlánsbinding lækkuð úr 18% í 13% af innlánnum í febrúar, og voru 3/5 hlutar lækkunarinnar greiddir með ríkisvixlum, en 2/5 greiddir í reiðufé. Með þessu var hluti af skuld ríkissjóðs við Seðlabankann færður um tíma til innlánsstofnana. Seðlabankinn hafði látið þá skoðun í ljósi, að lækkun bindingar væri varhugaverð ráðstöfun, ef hún leiddi til aukinnar útlánagetu innlánsstofnana. Freistaði Seðlabankinn þess að eyða þensluáhrifum af lækkun innlánsbindingar með því að nýta heimild nýju Seðlabankalaganna til að setja reglur um lausafjárhlutfall innlánsstofnana, sem gengu í gildi, um leið og innlánsbinding var lækkuð. Var hlutfallið í upphafi ákveðið 7% af ráðstöfunarfé, þ.e. af talsvert stærri grunni en innlánsbinding reiknast af. Nánari lýsingu á reglunum er að finna í annál hér aftar í heftinu, en geta má þess, að reglurnar gáfu talsvert svigrúm til millibankalána.

Til að hamla gegn óhóflegri aukningu útlána var lausafjárhlutfallið hækkað í byrjun júlímánaðar í 7,5% og enn frekar í byrjun ágústmánaðar í 8%. Reiknigrunnurinn var einnig stækkaður í byrjun júlí og var aðalbreytingin sú, að eigið fé var talið til ráðstöfunarfjár. Í heild svöruðu þessar breytingar til 1,5% hækkunar lausafjárhlutfalls miðað við upphaflegu reglurnar. Í septembermánuði voru möguleikar til notkunar millibankalána til að auka lausafé þrengdir nokkuð frá upphaflegu reglunum. Tilgangurinn var sá að hamla gegn því, að innlánsstofnanir treystu um of á millibankalán við uppbyggingu lausafjárstöðunnar, þar sem þau eru afar ótraust fjármögnunarleidd. Sé laust fé einhversrar stofnunar innan við lágmarkið (nú 8%), þarf hún að greiða viðurlög í hlutfalli við það, sem á vantar.

Þrír markaðir

Vegna hinna breyttu aðstæðna í stjórn peningamála hefur Seðlabankinn talið nauðsynlegt að stuðla að uppbyggingu fjármagnsmarkaða, og hefur athyglin beinst að þremur sviðum, þ.e. eftirmarkaði fyrir verðbréf, ríkisvixlamarkaði og millibankamarkaði. Tilgangurinn með þróun slíkra markaða er m.a. sá að greiða fyrir innlendri lánsfjármíðlun. Ennfremur er æskilegt, að Seðlabankinn geti haft áhrif á peningaframboð og vexti með viðskiptum á þessum mörkuðum. Segja verður, að þróun millibankamarkaðar sé lengst komin, enda hófst hún fyrir 6 árum. Styttri reynsla er af viðskiptum á hinum mörkuðunum tveimur.

Verðbréfaþing Íslands

Árið 1987 var annað starfsár verðbréfaþings. Þingaðilum fjölgaði um tvo á árinu, er Samvinnubanki Íslands hf. og Sparisjóður Hafnarfjarðar fengu aðild. Þingaðilar auk þeirra og Seðlabankans eru Fjárfestingarfélag Íslands hf., Kaupþing hf., Landsbanki Íslands og Verðbréfamarkaður Iðnaðarbankans hf.

Á verðbréfaþingi, þar sem endursala tiltekinna verðbréfa fer fram, hefur Seðlabankinn verið reiðubúinn að kaupa spariskírteini og jafnframt boðið til sölu bréf, sem hann á í fórum sínum. Má ætla, að það sé eigendum spariskírteina mikils virði að eiga þess kost að geta selt þau hvenær sem er. Til þessa hefur bankinn ekki reynt að nýta þessa leið til að hafa áhrif á peningaframboð, heldur stefndi hann að því framan af árinu 1987 að selja álíka mikið og hann keypti á þinginu. Hagaði hann vaxtatilboðum sínum í samræmi við það. Í nóvembermánuði varð nokkur stefnubreyting, því að bankinn keypti talsvert meira á þinginu en nam sölu hans. Var ákveðið að hækka ekki vextina til að jafna muninn að þessu sinni, þar eð lausafé í hagkerfinu hafði minnkað snögglega, og var talið tímabært að taka nokkurt mið af

Tafla V.4. Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands 1987.
(Í milljónum króna)

	Seðlabanki			Aðrir	Alls	Par af sp. skírt.
	Kaup	Sala	Samt.			
Janúar	8,7	9,9	18,6	-	18,6	18,6
Febrúar	1,6	20,4	22,0	-	22,0	22,0
Mars	5,1	2,2	7,3	-	7,3	7,3
Apríl	8,4	0,3	8,7	0,5	9,2	8,7
Máí	4,6	-	4,6	-	4,6	4,6
Júní	2,8	0,3	3,1	0,1	3,2	3,2
Júlí	1,7	0,6	2,3	-	2,3	2,3
Ágúst	1,1	3,2	4,3	-	4,3	4,3
September	7,4	2,2	9,6	10,3	19,9	19,6
Október	2,0	-	2,0	0,1	2,1	2,0
Nóvember	46,1	-	46,1	0,7	46,8	46,8
Desember	46,6	0,1	46,7	3,0	49,7	49,7
Samtals	136,1	39,2	175,3	14,7	190,0	189,1

Ríkisvixlar

slíkum aðstæðum, þannig að viðskipti hans á þinginu jafni nokkuð slíkar sveiflur. Rétt er þó að geta þess, að hér er um lágar fjárhæðir að ræða. Undir lok ársins jukust viðskiptin á þinginu. Síðustu fjóra mánuðina námu þau 1,3 millj. kr. að meðaltali hvern viðskiptadag. Uppi- staðan í skráðum bréfum á þinginu eru spariskírteini ríkissjóðs, og eins og sjá má í töflu V.4. eru viðskiptin nær eingöngu í þeim.

Ríkissjóður hóf á ný útgáfu ríkisvixla á árinu 1987, en sala þeirra hafði legið niðri, frá því að hætt var að bjóða þá út í nóvember 1984. Undanfari almennrar sölu ríkisvixla var sá, að hluti lækunar á bindi- skyldu var greiddur út með þriggja mánaða ríkisvixlum. Vixlarnir voru framlengdir í fyrstu til annarra þriggja mánaða, en greiddust síðan niður um þriðjung í senn á þriggja mánaða fresti með loka- greiðslu í febrúar 1988.

Almenn sala ríkisvixla hófst í júní 1987 og í fyrstu aðeins til innláns- stofnana. Í nóvember hófst loks almenn kynning á ríkisvixlum, og jókst sala þeirra þá til muna utan innlánsstofnana, og nú í byrjun árs- ins 1988 eru vinsældir þeirra miklar meðal ýmissa sparenda.

Í árslok 1987 var staða ríkisvixla 931 m.kr. og skiptist þannig, að inn- lánsstofnanir áttu 400 m.kr., Seðlabankinn 381 m.kr. og aðrir 150 m.kr. Seðlabankinn kaupir ekki ríkisvixla beint af ríkissjóði. Hann býður bönkum og sparissjóðum hins vegar þá þjónustu að kaupa af þeim ríkisvixla í takmarkaðan tíma í senn, þegar lausafjárerfiðleikar

Tafla V.5. Ríkisvixlar 1987.

(Staða í mánaðarlok)

M.kr.	Kaupendur					V/lækk. bindi- skyldu
	Innlánsstofnanir			Aðrir	Alls	
	Í eigu Seðla- banka	Í eigu innl.- stofn.	Aðrar lána- stofn.			
28/2 1987	0	1.434	0	0	1.434	1.434
31/3	0	1.456	0	0	1.456	1.456
30/4	0	1.456	0	0	1.456	1.456
31/5	0	1.456	0	0	1.456	1.456
30/6	0	1.786	0	0	1.786	1.456
31/7	0	1.486	30	0	1.516	1.456
31/8	0	1.081	0	0	1.081	971
30/9	314	772	0	4	1.090	971
31/10	1.089	386	0	7	1.482	971
30/11	64	423	0	52	538	485
31/12	381	400	0	150	932	485
31/1 1988	38	553	176	258	1.025	485
29/2	0	156	268	475	900	0

steðja að. Sú varð raunin í lok ársins 1987, og eignaðist Seðlabankinn því oft víxlana, sérstaklega síðari hluta mánaðar, þegar lausafé er hvað minnst vegna innheimtu ríkissjóðs á sköttum. Þessi viðskipti náðu hámarki í lok október, en þá átti Seðlabankinn 1.089 m.kr., sem svaraði til 73% af útgefnum víxlum.

Kjör ríkisvíxla voru í fyrstu ákveðin þannig, að forvextir þeirra fylgdu meðaltali forvaxta almennra víxla hjá bönkum og sparisjóðum. Þegar almenn sala hófst í júní, var ákveðið, að vextir víxla með lánstíma styttri en 45 daga yrðu lægri en vextir víxla með lengri lánstíma. Í október var ákveðið, að lágmarkslánstími yrði 45 dagar og einir forvextir giltu. Hámarkslánstími hefur verið 90 dagar til þessa. Kaupendur ríkisvíxla hafa getað valið sér lánstíma innan þessa ramma og jafnframt ráðið fjárhæðum einstakra víxla yfir lágmarki, sem hefur verið kr. 500.000,- frá því í júní.

Millibankamarkaður

Próun millibankamarkaðar á sér nú nokkuð langa forsögu. Hefur Seðlabankinn stuðlað að henni undanfarin ár með ýmsum hætti, svo sem skýrt hefur verið frá í fyrri ársskýrslum. Þær breytingar, sem voru gerðar á ýmsum þáttum í stjórn peningamála um mánaðamótin febrúar-mars 1987, leiddu til mikillar aukningar á millibankaviðskiptum, og hafa þau komið að nokkru leyti í stað fyrirgreiðslu af hálfu Seðlabankans. Vöxturinn varð ekki síst fyrir tilstuðlan Landsbankans, en yfir árið nam staða lána, sem hann tók á markaðnum, 553 m.kr. að meðaltali samanborið við 262 m.kr. árið 1986. Millibankalán, sem rekja má til mismunandi lausafjárstöðu banka og sparisjóða, námu um 900 m.kr. að meðaltali 1987, sem er þreföldun frá fyrra ári. Eru þá meðtalin framsöl víxilkvóta, sem áttu sér stað fyrstu tvo mánuðina, en þeim lauk 10. mars, er víxilkvóti við Seðlabankann var lagður niður. Hins vegar eru ekki talin hér með gengisbundin afurðalán, sem koma við sögu í millibankaviðskiptum. Þau námu hæst 1.251 m.kr. síðustu þrjá mánuði ársins og voru í lok hvers mánaðar að meðaltali 903 m.kr. yfir árið. Að meðtöldum þessum gengisbundnu afurðalánum hafa millibankaviðskipti því í heild verið um 1.800

Tafla V.6. Yfirlit yfir framsöl víxilkvóta.
(% af úthlutun í sviga)

	Framsöl alls dagm. kr.	Meðaltal á dag í m.kr.	Meðalávöxtun í % á ári	For- vextir í % á ári
1987:				
I. ársfj.	1.585 (12,1)	17	23,6	18,0
Janúar	1.122 (24,8)	37	23,7	18,0
Febrúar	427 (11,4)	14	23,5	18,0
Mars	36 (0,7)	1	23,5	18,0

Tafla V.7. Önnur millibankalán 1987.

(Meðalstaða hvers mánaðar)

Í m.kr. 1987:	Lánveitendur		Lántakendur		Samtals	Gengisb. afurðalán Staða í lok mánaðar
	Viðsk.- bankar	Spari- sjóðir	Viðsk.- bankar	Spari- sjóðir		
Janúar	473	123	596	0	596	558
Febrúar	325	278	602	0	602	558
Mars	283	468	697	54	752	754
Apríl	199	694	850	44	894	773
Mái	197	536	692	41	733	773
Júní	202	476	647	31	678	850
Júlí	269	625	855	40	894	911
Ágúst	594	637	1.198	34	1.231	909
September ..	395	670	970	95	1.064	997
Október	437	655	948	144	1.092	1.251
Nóvember ...	340	565	705	200	905	1.251
Desember ...	479	635	972	142	1.114	1.251
Meðaltal	350	530	811	69	880	903

m.kr. að meðaltali 1987. Millibankamarkaðurinn skiptir nú verulegu máli í stjórnun lausafjárstöðu einstakra stofnana. Varhugavert getur þó verið að treysta á slíka fjármögnun til langframa, þar eð lánin eru jafnan til mjög skamms tíma. Er þegar komin fram dæmi um erfiðleika í því sambandi. Yfirlit um millibankamarkað er í töflum V.6. og V.7.


Úr reikningum Seðlabankans

Gjaldeyrisstaða Seðlabankans versnaði um 737 m.kr. á árinu. Próun gjaldeyrisstöðunnar var ójöfn innan ársins. Þannig var talsverður bati fram að lokum ágústmánaðar, en síðustu mánuði ársins fór staðan versnandi.

Grunnfé Seðlabankans, sem jafnan gefur vísbendingu um áhrif af viðskiptum Seðlabankans á peningakerfið, jókst um 1.469 m.kr. á árinu eða 10,5%. Þessi litla aukning á rætur að rekja til lækunar bindiskyldu í febrúar, en við þá aðgerð lækkaði grunnfé um 2.400 m.kr. Ef leiðrétt er fyrir þessari breytingu, er aukning grunnfjár um 35% árið 1987, en það er svipuð aukning og innlánsaukningin á árinu.

Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir jukust um 2.716 m.kr. á árinu og voru 5.321 m.kr. í lok ársins. Stærstur hluti skuldaaukningarinnar eru lán til A-hluta ríkissjóðs, um 2.198 m.kr., og veigamesta lánveitingin er lán vegna eiginfjárframlags ríkissjóðs til Útvegsbanka Íslands hf.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir lækkuðu um 305 m.kr. á árinu og voru 5.064 m.kr. í árslok 1987. Innstæður innlánsstofnana í



Seðlabanka jukust um 973 m.kr. Svonefnd heildarstaða innlánsstofnana rýrnaði um hálfan milljarð króna árið 1987 og svaraði í árslok til 6,2% af innlánnum samanborið við 9,4% í lok árs 1986. Með þessu hugtaki er átt við heildarinnstæður í Seðlabanka, ríkisvixla og lausafjárstöðu við útlönd að fráðregnum skuldum við Seðlabanka og erlendum lánnum vegna afurðalána. Um miðbik ársins 1987 var heildarstaðan 10-12% af innlánnum, en rýrnaði snögglega síðasta ársfjórðunginn. Þrátt fyrir nokkra rýrnun á árinu verður að telja stöðuna allgóða, enda hefur hún batnað verulega síðustu fjögur ár, eins og glögggt má sjá af meðfylgjandi línuriti. Staðan svaraði til -14,9% í árslok 1984, en +6,2% í árslok 1987 eins og áður sagði. Skýringin á þessum bata er sú, að innlán hafa aukist mun meira en útlán þessi fjögur ár. Aukning innlána umfram hækkun lánskjaravísitölu nam 61% á þessu tímabili, en sambærileg aukning útlána 49%.

Innlánsstofnanir

Að því er varðar þróun peningamála innan ársins skiptir nokkuð í tvö horn. Fram að lokum júlí hélst vöxtur innlána í hendur við vöxt útlána, en frá júlílokum stóðu heildarinnlán án vaxta nokkurn veginn í stað. Vöxtur útlána hélt hins vegar áfram með sama hætti og verið hafði. Á árinu öllu jukust útlán um 46%, en heildarinnlán um 35,8%. Lausafjárstaða innlánsstofnana rýrnaði verulega síðari hluta ársins.

Þessi umskipti orsökudust fyrst og fremst af þremur þáttum. Í fyrsta lagi jókst sala spariskírteina verulega, eftir að vextir voru hækkaðir í ágúst. Í öðru lagi jókst önnur verðbréfasala mjög á árinu. Bankar og sparisjóðir seldu verðbréf fyrir um 1 milljarð króna, veðdeildir gáfu út bréf fyrir um 1,8 milljarða króna og fjármögnunarleigufyrirtæki fyrir 1,1 milljarð kr. Að auki hafa nokkur atvinnufyrirtæki, fjár-

Tafla V.8. Úr reikningum Seðlabankans 1986 og 1987.
(Í milljónum króna)


	Hreyfingar							
	Staða							
	31.12. 1987	1986	1987	1.árs- fjórð. 1987	2.árs- fjórð. 1987	3.árs- fjórð. 1987	4.árs- fjórð. 1987	
Gjaldeyrisstaða	10.536	3.633	737	-1.127	384	576	-570	
(þar af endurmat)		(271)	(-44)	(-20)	(-9)	(13)	(-28)	
Endurlánuð löng erl.lán	466	740	-332	145	-250	157	-384	
Innlendir liðir, nettó	4.705	-1.032	2.389	-664	380	1.140	1.533	
Kröfur á ríki, nettó	5.321	-523	2.716	-43	390	1.950	419	
Bein lán til A-hluta	4.339	-1.988	2.198	1.239	-123	1.309	-227	
Ríkisvixlar	381	-	381	-	-	314	67	
Markaðsskráð verðbr.	841	558	283	-102	15	-20	390	
Ríkisstofnanir, nettó	240	907	-146	-1.180	498	347	189	
Kröfur á fjárfestingarsj.	1.091	208	235	-199	209	164	61	
Endurkaup	158	-125	-164	-61	-43	-1	-59	
Aðrar kröfur á innlánsst.	4.906	-179	-141	31	-1.362	-1.018	2.210	
Kröfur á aðra aðila	212	154	-2	-85	200	-89	-28	
Sjóðir í opinb. vörslu(-) ¹⁾	1.887	-392	-965	-487	682	-296	-864	
Innst. fjárf.lánasj. (-) ¹⁾	989	384	443	312	36	193	-98	
Annað, nettó	4.107	-559	267	-132	268	237	-108	
Samtals	15.707	3.341	1.320	-1.646	514	1.873	579	
Grunnfé	15.500	3.485	1.469	-1.635	552	1.914	638	
Sjóður og innst. innst.	13.313	3.020	973	-1.422	211	1.969	215	
Skyldubundnar innst.	9.877	2.220	701	-2.044	1.030	1.057	658	
Aðrar bundnar innst.	1.282	571	-320	159	-40	-48	-391	
Sjóður og aðrar innst.	2.154	229	592	463	-779	960	-52	
Seðlar og mynt í umferð	2.187	465	496	-213	341	-55	423	
Erl. lánsfé til langs tíma	207	-144	-149	-11	-38	-41	-59	
					Hreyfingar í % ²⁾			
Grunnfé			33,0	10,5	-41,9	7,3	69,0	4,8
Skyldubundnar innstæður			34,9	7,6	-111,7	95,8	28,7	36,5
Seðlar og mynt í umferð			37,9	29,3	-24,5	100,4	20,8	45,3

1) Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.

2) Ársgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

mögnunarleigur, fjárfestingarlánasjóðir og sveitarfélög aflað lánsfjár með verðbréfaútgáfu. Þriðji þátturinn er versnandi gjaldeyrisstaða, sem stafar af vaxandi viðskiptahalla, en samkvæmt bráðabirgðatölum varð viðskiptahallinn 7.233 m.kr. Jafnframt gætti hinnar árvissu sveiflu í ríkisfjármálum, en innheimta opinberra gjalda fellur jafnan meira á síðari hluta ársins. Það átti ekki síst við á síðasta ári, þar sem aðgerðir í ríkisfjármálum, sem gripið var til í júlí, skiluðu ríkissjóði verulegum tekjuauka á síðari hluta árs.


Þróun inn- og útlána



Útlán innlánsstofnana jukust um 21,5 milljarða króna á árinu eða 46% samanborið við 21% á árinu 1986. Við lok ársins námu útlán innlánsstofnana um 68,5 milljörðum króna. Þaklán, þ.e. útlán að frádregnum gengisbundnum afurðalánum, jukust hins vegar um 43,6%, en aukningin á árinu 1986 var 29,1%. Langmest varð aukningin á verðtryggðum útlánum eða 13,2 milljarðar króna. Talsverð aukning varð einnig á afurðalánum og víxillánum. Sérstaklega varð mikil aukning á gengisbundnum afurðalánum, en þau jukust um tæpa 3 milljarða króna. Þessu veldur birgðaaukning á árinu, sérstaklega í sjávarútvegi, eftir óvenjulága stöðu birgða í lok ársins 1986. Athyglisvert er, að óverðtryggð skuldabréfalán minnkuðu á árinu. Sú áhersla, sem innlánsstofnanir hafa lagt á verðtryggingu útlána, endurspeglar að líkindum þá óvissu, sem ríkti í verðlagsmálum á árinu.

Endurlánað erlent lánsfé innlánsstofnana jókst um tæpa 3,3 milljarða króna árið 1987 eftir langt tímabil stöðunar og var í árslok 17,2 milljarðar króna. Útlán og endurlánað erlent lánsfé innlánsstofnana voru samtals um 85,6 milljarðar króna í lok ársins og jukust um 41% á árinu.

Heildarinnlán jukust um 18,4 milljarða króna á árinu og samsvarar það 35,8% aukningu á árinu. Hér er um svipaðan vöxt að ræða og á árinu 1986, en á það er að líta, að verðlagshækkningar voru mun meiri á árinu 1987. Þannig hækkaði lánskjaravísitalan um 22,2% á árinu 1987, en um 14,7% 1986. Raunvöxtur innlána miðað við lánskjaravísitölu varð því 11,1% á árinu 1987 samanborið við 17,7% árið 1986. Að meðaltali nam hlutfall heildarinnlána með vöxtum um 30% af landsframleiðslu samanborið við 28,5% árið á undan. Stærstur hluti



innlánsaukningarinnar varð á skiptikjarareikningum bankanna, en innstæður á þeim jukust um 12,1 milljarð króna. Talsverð aukning varð einnig á veltiinnlánnum eða 2,8 milljarðar króna. Skýringin er ef til vill sú, að á árinu varð sú breyting, að innlánsstofnanir tóku að bjóða almenningi mun betri kjör en áður á hlaupareikningum eins og skýrt er frá að framan. Lítil aukning varð á öðru óverðtrygðu innlánsfé.

Tafla V.9. Úr reikningum innlánsstofnana 1986 og 1987.
(Í milljónum króna)

	Hreyfingar						
	Staða						
	31.12. 1987	1986	1987	1.árs- fjórð. 1987	2.árs- fjórð. 1987	3.árs- fjórð. 1987	4.árs- fjórð. 1987
Lausafjárstaða	1.615	805	2.819	2.970	1.305	366	-1.822
Gagnvart Seðlabanka	448	488	2.113	1.013	756	1.772	-1.428
Gagnvart útlöndum	757	317	296	504	207	-418	3
Ríkisvixlar	409	-	409	1.453	342	-988	-398
Skyldubundnar innstæður	9.877	2.219	701	-2.044	1.030	1.057	658
Aðrar innst. í Seðlabanka	1.282	571	-320	159	-40	-48	-391
Útlán	68.470	8.135	21.583	5.025	5.395	5.094	6.068
Gengisbundin afurðalán	7.340	-1.466	2.998	1.971	778	117	132
Önnur útlán	61.129	9.601	18.584	3.054	4.617	4.977	5.936
Endurlánað erlent lánsfé	17.150	993	3.294	269	390	1.623	1.012
Samtals	98.394	12.723	28.077	6.379	8.080	8.092	5.525
Heildarinnlán	69.642	13.282	18.358	3.390	6.348	2.860	5.758
Veltiinnlán	10.836	2.496	2.811	556	1.162	570	523
Óbundin spariinnlán	44.020	8.223	12.334	2.217	4.599	1.579	3.939
Bundin spariinnlán	14.785	2.563	3.213	617	587	711	1.296
Verðbréfaútgáfa	876	19	857	-19	-	5	871
Lánafyrirgreiðsla Seðlab.	3.359	-44	1.216	519	130	-207	774
Endurkaup	158	-125	-164	-61	-43	-1	-59
Verðbréf	1.165	-58	106	-171	-83	4	356
Erlendir lánakvótar	2.036	139	1.274	751	256	-210	477
Erlend lán v/afurðalána	5.103	-1.332	2.489	899	496	781	313
Önnur erlend lán	16.478	1.538	2.816	205	-379	1.533	1.457
Eigið fé og annað, nettó	2.936	-740	2.341	1.385	1.485	3.120	-3.648
				Hreyfingar í % ¹⁾			
Útlán	21,0	46,0	54,8	41,4	46,7	42,7	
Heildarinnlán	35,0	35,8	32,6	41,7	40,5	28,1	
Veltiinnlán	45,1	35,0	36,8	40,4	38,2	23,4	
Óbundin spariinnlán	35,0	38,9	34,9	50,6	45,7	27,0	
Bundin spariinnlán	28,4	27,8	20,9	26,5	23,3	40,1	

1) Árgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. Innlánatölur eru með áætluðum áföllnum vöxtum.

Lausafjárstaða


Lausafjárhlutfall banka og sparisjóða

Í% 1987:	Lausa- fjár hlutfall	Lág- marks hlutfall
Mars	8,8	7,0
Apríl	9,7	7,0
Maí	11,0	7,0
Júní	9,9	7,0
Júlí	9,3	7,5
Ágúst	10,1	8,0
Sept.	9,1	8,0
Okt.	7,3	8,0
Nóv.	6,4	8,0
Des.	6,0	8,0

Lausafjárstaða innlánsstofnana var góð framan af árinu, en snarversnaði á seinustu mánuðum ársins. Frá áramótum til júliloka batnaði lausafjárstaðan um tæpa 5,3 milljarða króna. Hluta af þessum bata eða tæpa 4 milljarða króna má rekja til sérstakra aðgerða, þ.e. lækkunar bindiskyldu í febrúar og endurfjármögnunar lausaskulda Útvegsbankans í apríl. Frá júlilokum til ársloka rýrnaði lausafjárstaðan hins vegar um 2,4 milljarða króna. Sé litið á árið í heild, nam bati lausafjárstöðunnar um 2,8 milljörðum króna eða talsvert lægri fjárhæð en fólst í áðurgreindum aðgerðum Seðlabankans. Lausafjárstaðan var jákvæð í árslok og nam 1.615 m.kr. Svo hefur ekki verið í langan tíma, en lausafjárstaðan var síðast jákvæð í árslok 1980.

Með aðgerðunum í febrúar, sem að framan er lýst, varð til nýtt hugtak varðandi lausafjárstöðuna, þ.e. lausafjárhlutfallið. Í meðfylgjandi töflu hér til hliðar er sýnd þróun lausafjárhlutfallsins.

Bankakerfi




Lán og endurlán bankakerfisins voru 93 milljarðar króna í árslok. Aukning á árinu var 28,4 milljarðar króna eða 43,9%. Peningamagn og sparifé (M3) jókst á árinu um 18,8 milljarða króna eða 35,6% og var í árslok 71,8 milljarðar króna. Hlutfall peningamagns og sparifjár af landsframleiðslu var 30,9% og hækkaði um 1,5% á árinu.

Veruleg aukning peningamagns, sem þessar tölur lýsa, bendir til bættrar lausafjárstöðu fyrirtækja og heimila. Einnig er rétt að hafa í huga, að notkun krítarkorta hefur aukið greiðslugetu heimila á kostnað fyrirtækjanna, sem taka við greiðslum í því formi. Samtals námu úttektir með krítarkortum 17 milljörðum króna árið 1987, sem er um 70% hærra en árið 1986. Fjárhæðin skiptist þannig, að 13,7 milljarðar eru notkun innanlands, en 3,3 milljarðar króna eru úttektir erlendis. Þessi velta er þó lítil hluti af greiðslumiðluninni enn sem komið er. Til samanburðar má nefna, að einkaneysla landsmanna er áætluð um 165 milljarðar króna á árinu 1987 og krítarkortaveltan því um 10% af þeirri stærð.

Undanfarin ár hefur aukning peningamagns fremur stafað af batnandi gjaldeyrisstöðu heldur en aukningu lána bankakerfisins. Á síðasta ári snerist þetta hins vegar við og gjaldeyrisstaðan versnaði, en lán bankakerfisins jukust verulega umfram peningamagn. Innlendir liðir bankakerfisins jukust um 51,6% samanborið við 23,2% árið 1986, en auk lána bankakerfisins eru þar meðtaldir ríkisvixlar, en innstæður ýmissa sjóða í Seðlabankanum dregnar frá.

Lán bankakerfisins til ríkissjóðs og ríkisstofnana jukust verulega á árinu eða um 3,9 milljarða króna og voru í árslok 7,3 milljarðar



króna. Þar af nam aukning lána innlánsstofnana, nettó, um 1.080 m.kr., en innlánsstofnanir keyptu á árinu samkvæmt sérstöku samkomulagi skuldabréf og spariskírteini að fjárhæð 1.650 m.kr. auk ríkisvixla. Stærstur hluti aukningarinnar kom hins vegar frá Seðlabankanum, en samkvæmt lánsfjárlögum var ekki reiknað með verulegri lántöku í Seðlabankanum. Lán Seðlabankans vegna Útvegsbankans hefur þegar verið nefnt, en að auki brást að mestu leyti fyrirhuguð lántaka ríkissjóðs hjá lífeyrissjóðum, en stefnt hafði verið að lánsfjáröflun frá lífeyrissjóðunum að fjárhæð 1.300 m.kr.

Tafla V.10. Úr reikningum bankakerfisins 1986 og 1987.
(Í milljónum króna)

Staða 31.12.	Hreyfingar						
	1986	1987	1.árs- fjórð.	2.árs- fjórð.	3.árs- fjórð.	4.árs- fjórð.	
Gjaldeyrisstaða	11.294	3.948	-439	-621	590	158	-566
(þar af endurmat)		(271)	(-44)	(-20)	(-9)	(13)	(-28)
Endurlánað erlent lánsfé	17.527	1.147	3.459	399	741	1.780	539
Innlendir liðir, nettó	65.584	8.150	22.343	4.458	6.037	3.146	8.701
Lán Seðlabanka	6.625	-162	2.951	-326	799	2.024	454
Lán innlánsstofnana	68.470	8.135	21.583	5.025	5.395	5.094	6.068
Ríkisvixlar innlánsst.	409	-	409	1.453	342	-988	-398
Ýmsir sjóðir (-) ¹⁾	2.876	-8	-522	-174	717	-103	-962
Annað, nettó	7.044	185	-2.078	-1.520	-1.216	-2.881	3.539
Samtals	94.404	13.245	25.363	4.236	7.368	5.084	8.674
Peningamagn og sparifé	71.829	13.750	18.854	3.177	6.689	2.805	6.181
Sparifé á uppsagnarreikn.	14.785	2.563	3.213	617	587	711	1.296
Pen.magn og ób. sp.fé (M2)	57.043	11.184	15.641	2.560	6.102	2.094	4.885
Óbundið sparifé	44.020	8.223	12.334	2.217	4.599	1.579	3.939
Peningamagn (M1)	13.023	2.961	3.307	343	1.503	515	946
Verðbréfaútgáfa	876	19	857	-19	-	5	871
Erlend lán v/afurðalána	5.103	-1.332	2.489	899	496	781	313
Erl. lánsfé til langs tíma	16.596	808	3.164	179	183	1.493	1.309

	Hreyfingar í % ²⁾						
Endurlánað erlent lánsfé	8,9	24,6	41,3	23,9	38,5	0,3	
Innlendir liðir, nettó	23,2	51,6	38,7	53,3	55,6	60,3	
Peningamagn og sparifé (M3)	35,0	35,6	31,5	41,4	41,4	28,3	
Peningamagn og óbundið sparifé (M2)	37,0	37,8	31,9	50,3	51,9	20,0	
Peningamagn (M1)	43,8	34,0	35,5	39,6	42,6	18,8	

1) Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.

2) Ársgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. Peningamagnstölur eru með áætluðum áföllnum vöxtum.

Veðdeildir banka og sparisjóða

Í lok árs 1986 og á árinu 1987 hófu 7 nýjar veðdeildir banka og sparisjóða starfsemi sína. Í hagskýrslum hafa veðdeildir banka verið taldar með fjárfestingarlánasjóðum, en í þessari skýrslu er ætlunin að greina þær í sérstakan flokk lánastofnana, þótt best fari á því að telja þær sem hluta bankakerfisins. Vegna sérstöðu sinnar verða þó tvær veðdeildir taldar áfram með fjárfestingarlánasjóðunum, þ.e. Veðdeild Búnaðarbanka Íslands og Veðdeild Landsbanka Íslands.

Starfsemi veðdeilda felst í útgáfu skuldabréfaflokka, sem þær ýmist selja á markaðskjörum eða afhenda í skiptum fyrir einkaskuldabréf. Veðdeildarbréf sem og önnur bankabréf virðast njóta vinsælda á verðbréfamarkaði um þessar mundir, og virðist sem lántakendum hafi gengið vel að koma þeim í verð. Gera má ráð fyrir, að starfsemi af þessu tagi vaxi á komandi árum.

Heildarútlán veðdeilda námu 304 m.kr. í árslok 1983, en hafa farið ört vaxandi, sérstaklega tvö hin síðustu ár. Í árslok 1986 voru heildarútlán veðdeildanna 1.785 m.kr. og í árslok 1987 3.380 m.kr. og jukust því á árinu um 1.595 m.kr.

Tafla V.11. Veðdeildir banka og sparisjóða.
(Staða í milljónum kr.)


	1983	1984	1985	1986	1987
Útlán	304	467	870	1.785	3.380
Veðdeild Iðnaðarbanka	282	427	697	1.169	1.658
Veðdeild Alþýðubanka	22	41	122	325	391
Veðdeild Verzlunarbanka	–	–	51	257	489
Veðdeild Samvinnubanka	–	–	–	34	220
Veðdeild Útvegsbanka	–	–	–	–	189
Veðdeildir sparisjóða	–	–	–	–	433
Sjóður og bankainnstæður	23	6	93	35	420
Eignir = skuldir	327	474	963	1.820	3.800
Lántökur	345	464	656	696	893
Verðbréfaútgáfa	317	1.119	2.917
Eigið fé og fl., nettó	–18	10	–10	5	–10

Fjárfestingarlánasjóðir

Innan lánakerfisins eru nú taldir 15 fjárfestingarlánasjóðir, sem sinna afmörkuðum verkefnum. Sjóðirnir hafa verið stofnaðir með lögum, sem gilda um hvern og einn sjóð, og þeir lána jafnan til lengri tíma en innlánsstofnanir.

Svo sem fram kemur hér að framan verða veðdeildir einkabanka og sparisjóða ekki taldar með fjárfestingarlánasjóðum í árslok 1987. Veðdeildir Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands starfa enn

samkvæmt sérlögum um þær, og meðan svo er er talið æskilegt að hafa þær áfram í hópi fjárfestingarlánasjóða. Í töflusafni aftar í þessari skýrslu má sjá, að tölur varðandi þrjár veðdeildir (Iðnaðarbankans, Alþýðubankans og Verzlunarbankans) eru horfnar úr töflum um sjóðina í árslok 1987. Hér í þessum skrifum eru tölur um þessar veðdeildir einnig teknar út þar á undan, til þess að samræmi milli talna frá mismunandi tíma haldist.




Heildareignir fjárfestingarlánasjóða voru taldar 68,5 milljarðar króna í lok ársins 1987, en voru 51,8 milljarðar í árslok 1986 og hafa því aukist um 32% árið 1987. Samsvarandi aukning árið 1986 var 28%. Útlán sjóðanna, sem eru eðli málsins samkvæmt yfirgnæfandi hluti heildareigna, jukust um 34% árið 1987, en það er um 9,6% umfram hækkun lánskjaravísitölu á sama tíma. Samsvarandi hækkunarhlutföll árið 1986 voru 30% og 13,6%, þannig að raunvöxtur útlána varð heldur minni árið 1987 en árið 1986.

Einkennandi fyrir þróunina í starfsemi fjárfestingarlánasjóða hin síðari ár er, að ný útlán þeirra renna í auknum mæli til heimila, en hlutur fyrirtækja og opinberra aðila hefur minnkað samsvarandi. Þetta á skýringu í þeirri auknu áherslu, sem lögð hefur verið á húsnæðislán opinberu byggingarsjóðanna, en útistandandi lán þeirra jukust um 45% á árinu 1987 samanborið við 24% aukningu lána annarra fjárfestingarlánasjóða. Samsvarandi tölur á árinu 1986 eru 36% og 26%. Einnig má ætla, að nýjar leiðir til fjármögnunar fyrirtækja eigi sinn þátt í þessari þróun. Ráðstöfunarfé fjárfestingarlánasjóða af innlendum uppruna hefur aukist meira en erlent lánsfé, einkum vegna þess að húsnæðislán eru í auknum mæli fengin frá lífeyrissjóðum. Erlendar lántökur fjárfestingarlánasjóða jukust um 27% á árinu 1987 samanborið við 37% hækkun innlendra lántaka. Samsvarandi hækkunir á árinu 1986 eru 25% og 30%.

Tafla V.12. Hlutfallsleg skipting lána fjárfestingarlánasjóða í lok hvers árs.

	1983	1984	1985	1986	1987
<i>Ráðstöfunarhlíð:</i>					
Opinberir aðilar	7,6	7,7	5,7	5,0	4,3
Fyrirtæki	52,6	52,1	49,1	48,5	45,5
Einstaklingar	39,8	40,2	45,2	44,5	50,2
Útlán alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
<i>Upprunahlíð:</i>					
Innlend lán	49,4	46,8	45,9	45,8	46,7
Erlend lán	19,1	25,6	24,6	23,5	22,2
Eigið fé o.fl., nettó	31,5	27,6	29,5	30,7	31,1

Lífeyrissjóðir



Fjárfestingarlánasjóðirnir hafa flestir lánað út vísitölu- eða gengisbundið fé, og þar af leiðandi hefur verðgildi höfuðstóls og framlaga haldist almennt óskert þrátt fyrir verðlagshækkanir. Vöxtum umfram verðtryggingu er yfirleitt hagað þannig, að sjóðirnir veita lán með lítið eitt hærri vöxtum en gilda um lán, sem þeir taka. Undantekning frá þessu er þó húsnæðislánakerfið, en þar tapast fé vegna misræmis vaxtakjara á lántökum og útlánnum.

Veruleg aukning varð á ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1987, en samkvæmt áætlun, sem byggir á úrtaki, sem nær til um 60% af ráðstöfunarfé sjóðanna miðað við 1986, virðist ráðstöfunarféð hafa aukist um 43% á árinu 1987. Þessi hækkun er langt umfram verðlag, en nær breytingu dagvinnulauna, þar sem talið er, að þau hafi hækkað um 38% á milli árunna 1986 og 1987.

Áætlað er, að iðgjöld að frádregnum lífeyrisgreiðslum hafi aukist um 33% árið 1987, en innstreymi af eignum sjóðanna um 51%. Þessi þróun á sér ýmsar skýringar. Í fyrsta lagi má nefna, að verðtrygging eigna lífeyrissjóðanna og verulega hækkandi raunvextir á þeim leiða til aukningar innstreymis af eignum sjóðanna. Í öðru lagi kom í ársbyrjun 1987 til framkvæmda fyrsti áfangi hækkunar iðgjaldastofns lífeyrissjóðanna, sem samið var um í febrúar 1986 í samningum ASÍ/VSÍ. Í þriðja lagi má telja líklegt, að tenging lífeyrissjóðanna og húsnæðislánakerfisins, sem komið var á með húsnæðislöggjöfinni 1986, hafi fjölgað aðilum að lífeyrissjóðum. Samkvæmt lögnum er lánsréttur hjá Húsnæðisstofnun háður greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóðs. Innborguð iðgjöld til lífeyrissjóðanna virðast þó hafa aukist minna árið 1987 en efni stóðu til eða um 34%. Talið er, að útistandandi iðgjöld sjóðanna hafi aukist að sama skapi. Áætlað er, að lífeyrisgreiðslur sjóðanna hafi aukist um 35% árið 1987. Samkvæmt því virðist vanta um 3% á, að þær hafi hækkað jafnt á við launabreytingar, en rétt er að hafa í huga, að iðgjöld eru enn að mestum hluta miðuð við kaupaxta, og hefur því sá hluti dagvinnulauna, sem fólgin er í yfirborganum, enn takmörkuð áhrif á iðgjaldgreiðslur.

Tafla V.13. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	Bráðab. 1986		Áætlun 1987	
	M.kr.	Breyt. frá f. ári, %	M.kr.	Breyt. frá f. ári, %
Fjármagnshreyfingar og rekstur, nettó	3.850	43	5.800	51
Iðgjöld að frádregnum lífeyrisgreiðslum	3.000	46	4.000	33
Ráðstöfunarfé alls	6.850	44	9.800	43
Ný útlán	6.300	54	9.650	53
Innstæðu- og sjóðsbreyting	550	.	150	.

Stærstur hluti útlána lífeyrissjóðanna rennur til Húsnæðisstofnunar ríkisins og myndar meginstofn ráðstöfunarfjár hennar. Flestir lífeyrissjóðir höfðu á árinu 1986 samið við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup á árinu 1987, og miðuðust þeir samningar almennt við, að kauphlutfallið yrði 55% af ráðstöfunarfé. Samkvæmt upplýsingum frá Húsnæðisstofnun voru skuldabréfakaupin á árinu 1987 um 4.200 m.kr. eða tæp 43% af áætluðu ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna.

Undanfarin ár hafa sprottið upp á fjármáلامarkaðinum ný fyrirtæki, sem stunda lánsfjármíðlun. Almenn útbreiðsla verðtryggingar hefur skapað traustari grundvöll fyrir viðskipti með fjárskuldbindingar auk þess sem breytt löggjöf og viðhorf til vaxta hafa örvað vöxt þessara fyrirtækja, sem hefur að mestu leyti átt sér stað á síðustu þremur árum, en a.m.k. þrjú fyrirtæki, Fjárfestingarfélag Íslands hf., Kaupþing hf. og Ávöxtun sf., eiga sér lengri forsögu. Starfsemi þeirra hefur þó tekið verulegum breytingum á síðustu árum. Rétt er að gera hér grein fyrir nokkrum þáttum á þessu sviði.

Fjármögnunarleiga

Telja má, að grundvöllurinn að fjármögnunarleigu hér á landi hafi verið lagður með auglýsingu fjármálaráðuneytisins í febrúar 1986 um undanþágu frá greiðslu söluskatts af leigugjaldi, ef um fjármögnunarleigu var að ræða. Í maí 1986 var fjármögnunarleigum heimilað að taka erlend lán á eigin ábyrgð samkvæmt auglýsingu viðskiptaráðuneytisins. Við það hófst þróun fjármögnunarleigu, sem hefur verið mjög ör síðan. Í lok ársins 1986 höfðu verið stofnuð fjögur fyrirtæki í þessari grein og tvö þeirra þegar náð nokkurri fótfestu og gert leigusamninga, sem samtals námu um 950 m.kr. Erlent lánsfé svaraði þá til um 58% af heildareignum fjármögnunarleiganna. Árið 1987 sexfaldaðist efnahagur þessara fyrirtækja og byggðist vöxturinn m. a. á útgáfu verðbréfa á innlendum markaði. Hlutdeild erlendra lána var

Tafla V.14. Úr reikningum fjármögnunarleigufyrirtækja 1987.

Í millj. kr.	31/12/86	31/3/87	30/6/87	30/9/87	31/12/87	Hreyf. 1987
<i>Bankainnstæður</i>	51	71	105	344	793	742
Innanlands	43	71	60	273	418	375
Erlendis	8	0	45	71	375	367
<i>Leigusamningar</i>	946	1.180	2.444	3.387	4.191	3.245
Í krónum	199	315	793	971	1.384	1.185
Í erlendri mynt	747	865	1.651	2.416	2.807	2.000
<i>Eignir=skuldir</i>	877	1.251	2.549	3.731	4.984	4.107
<i>Verðbréfaútgáfa</i>	135	329	540	949	1.265	1.130
<i>Tekin lán</i>	627	627	1.874	2.768	3.787	3.160
Innlend	47	125	336	369	603	556
Erlend	580	660	1.538	2.399	3.184	2.604
<i>Eigið fé o.fl.</i>	236	137	132	15	-68	-304

Verðbréfasjóðir

þó svipuð. Í september 1987 var með auglýsingu viðskiptaráðuneytisins dregið úr svigrúmi þessara fyrirtækja til erlendra lántöku, þar sem erlend lán voru takmörkuð við 70% af verðmæti leigu- og lánsamninga. Samtala leigusamninga jókst um 3,2 milljarða króna árið 1987 og nam í árslok 4,2 milljörðum króna. Í yfirlitinu yfir lánamarkaðinn hér að framan eru slíkir samningar taldir með lánnum og jafngiltu þeir um 1,5% af heildarlánnum lánakerfisins í árslok 1987. Yfirlit um efnahag fjármögnunarleiga er í töflu V.14.

Starfsemi verðbréfasjóða hér á landi hófst árið 1985, en hún er fólgin í því að festa fé í blöndu mismunandi verðbréfa og sölu hlutdeildarbréfa til almennings. Eru þetta stundum nefndir gagnkvæmir verðbréfasjóðir, þar sem almenningur nýtur þeirrar meðalávöxtunar, sem sjóðurinn hefur af verðbréfaeign sinni. Í árslok 1987 voru 13 verðbréfasjóðir starfandi. Hér á eftir fer yfirlit um efnahag þeirra í árslok 1985-1987.

Tafla V.15. Verðbréfasjóðir 1985-1987.

(Í milljónum króna)

	Staða í árslok			Hreyfingar	
	1985	1986	1987	1986	1987
<i>Eignir:</i>					
Sjóður og innstæður	5	13	25	8	12
Verðbréfaeign	379	1.255	3.649	876	2.394
Spariskírteini	.	.	125	.	.
Með bankaábyrgð	.	.	368	.	.
Með fasteignaveði	.	.	1.401	.	.
Með sjálfskuldarábyrgð	.	.	795	.	.
Stuttar viðskiptakröfur	.	.	498	.	.
Annað	.	.	462	.	.
<i>Eignir=skuldir</i>	384	1.268	3.674	884	2.406
<i>Skuldir:</i>					
Útgefin hlutdeildarbréf	379	1.266	3.636	887	2.370
Eigið fé og annað, nettó	3	1	39	-2	38

Tafla V.16. Útistandandi eftirstöðvar nokkurra markaðshæfra skuldabréfaflokka.

(Í m.kr. í árslok 1987)



Spariskírteini ríkissjóðs	14.200
Bankabréf	857
Veðdeildarbréf	2.917
Bréf fjármögnunarleigufyrirtækja	1.265
Bréf verðbréfasjóða	3.636
Bréf fyrirtækja og sveitarfélaga	825
	<hr/>
	23.700

Verðbréfamíðlun

Með verðbréfamíðlun er átt við milligöngu um kaup eða sölu verðbréfa og ráðgjöf, sem veitt er gegn gjaldi um slík viðskipti. Í maí 1986 voru sett lög um þessa starfsemi, sem m.a. kveða svo á, að hún sé háð sérstöku leyfi viðskiptaráðherra. Í lok árs 1987 höfðu 37 menn aflað sér slíks leyfis, þ.a. 23 starfsmenn banka og sparisjóða.

Ætla má, að útgáfa verðbréfa til sölu á markaðnum fari að verulegu leyti fram fyrir milligöngu verðbréfamíðlara. Að framan er getið um verðbréfaútgáfu ýmissa lánastofnana og sjóða. Auk hennar hafa nokkur fyrirtæki og sveitarfélög aflað sér lánsfjár að undanfögnu með útgáfu verðbréfaflokka. Tafla V.16. gefur hugmynd um markaðshæf skuldabréf, sem í umferð eru. Ber að geta þess, að hér er um að ræða lauslegt mat, einkum að því er varðar bréf sveitarfélaga og stórra fyrirtækja, þar eð engin skráningarskylda verðbréfaútgáfu er fyrir hendi hér á landi.

Alþjóðleg gengisþróun




VI. GENGISMÁL

Þróun gengismála í umheiminum á árinu 1987 einkenndist af áframhaldandi gengisfalli Bandaríkjadollars gagnvart helstu gjaldmiðlum Evrópu og yeni með þeim afleiðingum, að í árslok 1987 var meðalgengi dollars á mælikvarða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins tæplega 40% lægra en þegar það komst hæst í mars 1985. Í febrúar 1987 komust sjö stóru vestrænu iðnríkin að samkomulagi (Louvre-samkomulaginu í París) og var því lýst yfir, að frekari gengisbreytingar á helstu gjaldmiðlum væru ekki lengur forsenda þess, að jafnvægi kæmist á í milli-ríkjavíðskiptum. Í kjölfar þessa fundar styrktist staða dollarsins og hélst svo þar til 19. október, er hlutabréf á mörkuðum í Wall Street lækkuðu skyndilega í verði. Við þau tíðindi féll gengi dollars ört á skömmum tíma auk þess sem fréttir af verulegum viðskiptahalla í Bandaríkjunum veiktu stöðu hans enn frekar, svo að í desember var meðalgengi dollars rúmlega 8% lægra en það var í september. Frá upphafi til loka liðins árs féll gengi dollarsins um 22% gagnvart yeni, 19% gagnvart þýsku marki, 21% gagnvart sterlingspundi og gagnvart íslensku krónunni var gengisfall hans tæplega 12%. Eins og sjá má á línuriti hér til hliðar hefur meðalgengi dollars fallið verulega frá því það stóð hæst í mars 1985, og í árslok hafði dollarinn náð að vinda ofan af allri gengishækkuninni á árunum 1981 til 1985. Á sama tíma hefur meðalgengi yens og þýska marksins stigið verulega, en meðalgengi sterlingspunds hefur aftur á móti verið tiltölulega stöðugt. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birtir reglulega tölur um þróun raungengis á mælikvarða hlutfallslegs verðlags, sem sjá má í mynd hér til hliðar. Þar eð verðlagsþróun í helstu iðnríkjum er nokkuð áþekkt, gefa vísbendingar um þróun raungengis helstu gjaldmiðla svipaða mynd af þróun efnahagsmála og lýst var hér að ofan, og svo virðist sem gengistengd samkeppnisstaða Bandaríkjanna ætti nú að vera nokkuð góð í samanburði við árin 1982 til 1986. Það er ljóst, að raungengi Bandaríkjadollars og yens hefur sveiflast verulega á undanförunum árum, og eru breytingar á raungengi íslensku krónunnar á þessu tímabili ekki miklar í samanburði við það.

Gengi íslensku krónunnar

Gengi krónunnar gagnvart einstökum gjaldmiðlum breyttist talsvert á árinu 1987, en meðalgengi krónunnar var stöðugra en það hefur verið síðan 1973. Gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar hækkaði um 6,2% á milli ára og um rúmlega 13% frá upphafi til loka ársins, en lækkaði gagnvart yeni og helstu gjaldmiðlum Vestur-Evrópu. Í töflu VI.1. kemur fram, að kaupgengi yens hækkaði um 16,3% frá upphafi til loka 1987, sterlingspunds um 12,3% og þýsks marks um 8,6%. Þessar gengisbreytingar höfðu mikil áhrif á afkomu útflutnings- og samkeppnisgreina. Svigrúm fyrirtækja, sem keppa við vörur, sem eru verðlagðar í dollurum, minnkaði, en betur áraði hjá fyrirtækjum, sem sóttu á önnur markaðssvæði. Þessi þróun er reyndar ekki bundin við undangengið ár eins og kemur fram í línuriti hér í kaflanum. Frá 1985 til 1987 hækkaði ársmeðalgengi krónunnar gagnvart dollar um rúmlega 7% á sama tíma og það lækkaði gagnvart þýsku marki um 35%. Íslensk fyrirtæki hafa brugðist við þessum nýju aðstæðum og leitað nýrra útflutningsmarkaða, þar sem nýta mátti gengisþróunina til hagsbóta. Þannig minnkaði vægi dollars í útflutningsvog úr 40% 1984 í tæplega 25% 1987.

Meðalgengi krónunnar breyttist tiltölulega lítið á sl. ári þrátt fyrir miklar gengisbreytingar gagnvart einstökum gjaldmiðlum. Fram eftir ári var genginu haldið föstu miðað við greiðsluvog (myntvog), en í október var viðskiptavog tekin upp sem viðmiðun. Engin formleg gengisbreyting var gerð á krónunni, en vegna breytinga á viðmiðun við skráningu féll meðalgengi hennar á mælikvarða viðskiptavogar um 3,7% frá 1986 til 1987 og um 1,9% á árinu 1987. Aftur á móti var meðalgengið óbreytt á milli ára á mælikvarða greiðsluvogar og hækkaði á þann mælikvarða frá upphafi til loka ársins um 3%. Ástæðan fyrir þessum mismun er sú, að vægi Bandaríkjadollars er mun meira á




Tafla VI.1. Gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu.

	Kaupgengi í árslok		Breytingar (%) 1987	
	1986	1987	Milli ára	Yfir árið
Bandaríkjadollar	40,1800	35,6000	-5,9	-11,4
Sterlingspund	59,3460	66,6430	5,1	12,3
Dönsk króna	5,4704	5,8337	11,0	6,6
Norsk króna	5,4334	5,7074	3,3	5,0
Sænsk króna	5,9241	6,1369	5,6	3,6
Finnskt mark	8,3761	9,0070	8,5	7,5
Franskur franki	6,2537	6,6294	8,2	6,0
Pýskt mark	20,7300	22,5032	13,2	8,6
Japanskt yen	0,2513	0,2922	9,1	16,3
SDR	49,1480	50,4235	3,6	2,6
Meðalverð erl. gjaldmiðla			3,7	1,7

greiðsluvog en viðskiptavog. Lækkun dollars á alþjóðamörkuðum varð til þess, að meðalverð gjaldmiðla, vegið með hlutdeild þeirra í vöruútflutningi, hækkaði minna en meðalverð gjaldmiðla, vegið með hlutdeild þeirra í vöruinnflutningi. Samkvæmt innflutningsvog hækkaði meðalgengi erlendra gjaldmiðla um 5,2%, en um 2,2% samkvæmt útflutningsvog. Þessar tölur gefa til kynna, að lækkunin á gengi dollars hafi haft neikvæð áhrif á viðskiptakjör landsins á árinu 1987, en verðlagsþróun inn- og útflutnings gerði gott betur en að veða upp á móti óhagstæðri gengisþróun.

Raungengi krónunnar



Raungengi krónunnar hækkaði verulega á sl. ári bæði á mælikvarða verðlags og launakostnaðar eins og fram kemur í töflu VI.2. Seðlabankinn reiknar reglulega þrjá mælikvarða á raungengi, þ.e. framfærslukostnað, verðvísitölu þjóðarframleiðslu og launakostnað, en auk þess birtir Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn útreikninga á raungengi krónunnar á mælikvarða hlutfallslegs verðlags, sbr. mynd hér að framan. Útreikningar Seðlabankans eru byggðir á samanburði á þróun gengis, verðlags og launakostnaðar í 15 helstu viðskiptalöndum Íslands, en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur ekki sömu viðmiðun, og því ber þessum mælingum ekki alltaf saman. Þannig hækkaði raungengið á mælikvarða hlutfallslegs verðlags um 8% að meðaltali milli árána 1986 og 1987 skv. Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en um rúmlega 11% skv. útreikningum Seðlabankans.

Raungengið, bæði á mælikvarða afstæðs launakostnaðar og verðvísitölu þjóðarframleiðslu, var á liðnu ári að jafnaði hærra en það hefur verið síðan 1982. Ársfjórðungslegar mælingar sýna, að hækkunin varð mest á síðari árshelmingi 1987, þegar launa- og verðlagshækkunir voru hvað mestar og meðalgengið stöðugt. Þessi þróun á rætur að rekja til þess, hve lítið gengi krónunnar lækkaði miðað við muninn á innlendri og erlendri verðbólgu og launabreytingum. Þannig hækka-

aði verðlag hér á landi um allt að 25% yfir árið, eftir því hvaða mælikvarði er notaður, á sama tíma og verðbólga í helstu viðskiptalöndum var að meðaltali á bilinu 3-4%. Hækkandi raungengi er að öðru jöfnu talið vísbending um versnandi samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að hækkandi afurðaverð gerir útflutningsgreinum kleift að búa við hækkandi raungengi, án þess að rekstrarskilyrði versni (sjá nánar í kaflanum Framleiðsla, tekjur og verðlag). Má því segja, að hærra raungengi sé ein forsenda þess, að batnandi viðskiptakjör komi fram í hækkun rauntekna launþega.

Tafla VI.2. Raungengi krónunnar.

(Meðaltal 1980 = 100)

	Hlutfallslegt verðlag	% breyt. ¹⁾	Hlutfallslegur launakostn.	% breyt. ¹⁾
1980	100,0	0,0	100,0	0,4
1981	105,5	5,5	106,7	6,7
1982	98,8	6,3	100,0	-6,3
1983	89,6	9,3	84,1	-15,9
1984	94,2	5,1	84,6	0,6
1985	93,1	-1,2	86,8	2,6
1986	93,8	0,8	86,6	0,0
1987	104,3	11,2	104,1	20,0
<i>Ársfjórðungar:²⁾</i>				
1986 I	93,0	0,4	81,7	-1,4
1986 II	93,8	1,6	84,3	2,1
1986 III	93,7	-0,2	80,7	-4,8
1986 IV	96,1	3,4	88,3	2,9
1987 I	97,0	4,3	93,8	14,8
1987 II	99,3	5,9	98,2	16,5
1987 III	105,0	12,1	102,5	27,0
1987 IV	110,6	15,1	111,1	25,8

1) Miðað við sama tímabil fyrra árs.

2) Ársfjórðungstölur um hlutfallslegt verðlag byggjast á framfærslukostnaði. Ársfjórðungstölur þurfa ekki að koma heim við árstölur, þar sem um sjálfstæðar mælingar er að ræða.

VII. ERLEND SAMSKIPTI OG LÁNAMÁL

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn á fyrir hönd íslenskra stjórnvalda samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir og erlendar peningastofnanir. Má þar nefna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk margra annarra banka.

Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans

Jóhannes Nordal var aðalfulltrúi Íslands í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Jón Sigurðsson varafulltrúi til hausts, er Þórhallur Ásgeirsson var skipaður í hans stað. Svíinn Hans Lundström var aðalfulltrúi Norðurlandanna í sjóðsstjórninni til 1. júlí 1987, en þá tók Daninn Jörgen Ovi við af honum. Henrik Fugman frá Danmörku gegndi stöðu varafulltrúa til aprílloka, en þá tók Jörgen Ovi við af honum. Þegar Jörgen Ovi varð aðalfulltrúi, tók Finninn Markus Fogelholm við. Matthías Bjarnason var aðalfulltrúi Íslands í bankaráði Alþjóðabankans til 8. júlí 1987, er Jón Sigurðsson tók við. Þorsteinn Pálsson var varafulltrúi til 8. júlí, en þá tók Jón Baldvin Hannibalsson við. Aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankastjórn Alþjóðabankans var Ulrik Haxthausen frá Danmörku og Finninn Veikko Kantola var varafulltrúi. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur sitt í höfuðstöðvum stofnananna í Washington, D.C.

Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans voru haldnir um mánaðamót september og október í Washington, D.C., og sóttu þá Jón Sigurðsson, Jóhannes Nordal, Ingimundur Friðriksson, Sigurgeir Jónsson, Þórhallur Ásgeirsson, Ólafur Ísleifsson og Jónas Haralz.

Starfsemi sjóðsins

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og umræður í stjórn hans á árinu 1987 einkenndust mjög af því ójafnvægi, sem hefur ríkt í alþjóðafnagismálum. Í fyrsta lagi er um að ræða jafnvægisleysi í búskap helstu iðnríkja, sem kemur m.a. fram í miklum greiðsluafgangi Japans og Vestur-Pýskalands gagnvart útlöndum og greiðsluhalla Bandaríkjanna. Í öðru lagi er svo ójafnvægi á milli stöndugra iðnríkja

annars vegar og fátækra og stórskuldugra ríkja Afríku og rómönsku Ameríku hins vegar. Sem fyrr gegndi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mikilvægu hlutverki í samningum skuldugra ríkja um skuldbreytingu lána og aðra fjárhagsaðstoð og þátttaka sjóðsins er oft frumskilyrði fyrir því, að aðrir aðilar vilji leggja hönd á plóginn.

Í árslok 1987 var samþykkt að opna nýjan lánaflokk hjá sjóðnum („Enhanced Structural Adjustment Facility“). Með honum verður unnt að lána aukið fé á niðurgreiddum kjörum til fátækra ríkja, sem þurfa á lánum að halda, til að unnt sé að koma við margháttaðum aðgerðum á ýmsum sviðum efnahagsmála. Mörg þessara ríkja hafa átt við langvarandi efnahagsvanda að stríða, sem m.a. á rætur að rekja til lágs heimsmarkaðsverðs á útflutningsvörum þeirra undanfarin ár. Miklar vonir eru bundnar við þennan lánaflokk og vonast til, að lán úr honum og aðgerðir tengdar þeim verði til að koma mörgum ríkjum á ný á braut viðunandi hagvaxtar og aukinna framfara í efnahagsmálum.

Skuldir Íslands við sjóðinn

Ísland tók síðast lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, svokallað jöfnunarlán, árið 1982 að fjárhæð 21,5 milljónir SDR. Eftirstöðvar lánsins voru greiddar að fullu á árinu 1987.

Norrænt samstarf

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlanda var haldinn í Helsinki í ágúst 1987. Fjallað var um aukna áhættu tengda nýjungum í peningalánamálum og eftirlitshlutverk seðlabanka í tengslum við þær. Af hálfu Seðlabanka Íslands sóttu fundinn Jóhannes Nordal, Tómas Árnason, Eiríkur Guðnason og Þórður Ólafsson. Þá tekur Seðlabankinn þátt í starfi Norrænu fjárhagsnefndarinnar og í samstarfi þeirra norrænu aðila, sem annast erlendar lántökur fyrir opinbera aðila á Norðurlöndum. Fjárhagsnefndin fjallar m.a. um verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og um ýmis gjaldeyrismál í tengslum við Norðurlandaráð.

Erlendar lántökur fyrir ríkissjóð

Í lánsfjárlögum var ríkissjóði veitt heimild til þess að taka jafnvirði 1.700 m.kr. að láni erlendis. Auk þess er jafnan heimilt að endurfjármagna eldri lán, þegar hagstæð kjör bjóðast.

Á árinu 1987 voru tekin þrjú ný erlend lán fyrir ríkissjóð. Í janúar var tekið 5 milljarða yena lán hjá Sumitomo Bank í London. Lánið er til 10 ára og ber 5,96% vexti. Hluta lánsfjárhæðarinnar eða 3 milljörðum yena var varið til þess að endurgreiða eftirstöðvar yenaláns frá 1978, sem bar 7,3% vexti. Í febrúar fór fram skuldabréfaútboð í þýskum mörkum. Fjárhæð útboðsins var 125 milljónir marka, láns tíminn 10 ár, vextir 6,5% og útgáfugengið 100,25. Milligöngu um

Tafla VII.1. Gjaldmiðlasamsetning erlendra skulda ríkissjóðs.

	1986	1987	
		Fyrir skulda- skipti	Eftir skulda- skipti
<i>Fastir vextir</i>			
USD	12,3	8,3	8,2
GBP	8,5	9,4	9,3
DEM	8,4	17,9	13,2
CHF	–	–	7,8
NLG	3,3	3,5	3,4
JPY	13,5	15,1	14,9
ECU	7,4	7,8	7,8
Annað	0,3	0,2	0,2
Alls	53,7	62,2	64,8
<i>Breytilegir vextir</i>			
USD	46,3	37,8	30,6
DEM	–	–	4,6
Alls	46,3	37,8	35,2
Samtals	100,0	100,0	100,0

útboðið hafði Westdeutsche Landesbank-Girozentrale í Düsseldorf. Í apríl var tekið 22 milljóna dollara lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum í Helsinki vegna framkvæmda við flugstöð Leifs Eiríkssonar. Lánið er til 10 ára og ber millibankavexti á dollurum í London án álags. Andvirði tekinnna lána umfram lánsfjárbörf ríkissjóðs var varið til þess að lækka útistandandi fjárhæð á veltílanum ríkissjóðs og skammtímavíxlum á markaði í London úr 211 milljónum dollara samtals í árslok 1986 í 166 milljónir dollara samtals í árslok 1987.

Á undanförnum árum hafa verið gerðir samningar við erlenda banka um lántökuheimildir (veltilán) og útgáfu skammtímavíxla. Samningarnir um lántökuheimildirnar eru þrír, samtals að fjárhæð 215 milljónir dollara. Þessir samningar þjóna tvennum tilgangi. Annars vegar veita þeir ríkissjóði fyrirvaralítinn aðgang að lánsfé, þegar þörf krefur, sem veitir aukinn sveigjanleika í sambandi við tímasetningar á nýjum lántökum. Hins vegar eru lántökuheimildirnar baktrygging við útgáfu á skammtímavíxlum. Í árslok 1987 nam skuld samkvæmt þessum lántökuheimildum 25 milljónum dollara samanborið við 133 milljónir dollara í árslok 1986.

Samningur um útgáfu skammtímavíxla („Euro-commercial paper“) var fyrst gerður síðla árs 1985 og þá var hámark útistandandi skuldar ákveðið 50 milljónir dollara. Hámarksfjárhæðin var síðan hækkuð í áföngum, síðast í maí 1987 í 200 milljónir dollara. Á síðustu mánuðum ársins 1987 nam útistandandi fjárhæð 130-150 milljónum dollara og var 141 milljónir dollara í árslok samanborið við 78 milljónir dollara í árslok 1986. Ávöxtun víxlanna er hagstæð fyrir ríkissjóð og

var að jafnaði um 0,05% undir millibankavöxtum í London á síðustu mánuðum ársins.

Skulda- og vaxtaskipti

Á árinu var stofnað til þrenna skulda- og vaxtaskipta fyrir ríkissjóð, en þau eru ýmist fólgin í því, að erlendur banki tekur að sér að greiða tiltekna fjárhæð í einum gjaldmiðli með tilteknum vöxtum til ríkissjóðs og ríkissjóður greiðir þessum aðila á móti fjárhæð í öðrum gjaldmiðli með tilteknum vöxtum, eða erlendur banki greiðir ríkissjóði tiltekna vexti af umsaminni viðmiðunar fjárhæð og ríkissjóður greiðir á móti aðra tiltekna vexti af sömu viðmiðunar fjárhæð. Með þessu móti er unnt að hagræða skuldum og vaxtakjörum eftir því sem hagstætt er hverju sinni. Í maí var 30 milljónum dollara með breytilegum vöxtum án álags skipt í 43,5 milljónir svissneskra franka með 5,08% vöxtum. Mótaðili ríkissjóðs var Citicorp Investment Bank Limited í London. Í júní var 26,8 milljónum dollara með breytilegum vöxtum án álags skipt í 40 milljónir svissneskra franka með 5,10% vöxtum. Mótaðili ríkissjóðs var Union Bank of Norway í Osló. Báðir samningarnir gilda til 1995. Í september var 6,5% vöxtum á 60 milljónum þýskra marka skipt í breytilega millibankavexti að frádregnum 0,19%. Við þetta lækkaði vaxtabyrði ríkissjóðs strax á fyrsta sex mánaða vaxtatímabilinu í 4,12%. Mótaðili ríkissjóðs í þessum vaxtaskiptum var Westdeutsche Landesbank-Girozentrale í Düsseldorf.

Stefna í lántökum ríkissjóðs 1987

Í grófum dráttum beindist stefnan í umsvifum ríkissjóðs á erlendum fjármagnsmörkuðum á árinu 1987 að tvennu: Í fyrsta lagi að lækka hluta Bandaríkjadollars í heildarskuld ríkissjóðs og í öðru lagi að lækka vaxtagreiðslur með því að greiða upp óhagstæð lán, semja á ný um önnur og nýta möguleika á skulda- og vaxtaskiptum. Hlutur Bandaríkjanna og mikilvægi dollars í viðskiptum þjóðarinnar hefur farið stöðugt minnkandi á allra síðustu árum og eðlilegt er, að hlutur dollars í erlendum skuldum minnki þá einnig. Hlutur dollars í erlendum skuldum ríkissjóðs lækkaði úr 58,6% í árslok 1986 í 38,8% í árslok 1987. Hlutur dollars í gengisvísitölu, sem byggð er á utanríkisviðskiptum 1984-1986, er hins vegar 26,8%.

Í töflu VII.1. er sýnd gjaldmiðlaskipting erlendra skulda ríkissjóðs í árslok 1986 og 1987. Fyrir seinna árið eru sýndar tölur bæði með og án skuldaskipta. Þá er sömuleiðis sýnt, hversu stór hluti skuldanna er með breytilegum vöxtum og hversu stór með föstum vöxtum.

Lántökur annarra aðila en ríkissjóðs

Auk þess að sjá um erlendar lántökur ríkissjóðs annast Seðlabankinn ráðgjöf og veitir aðstoð, þegar tekin eru erlend lán með beinni ríkisábyrgð. Á árinu 1987 hafði bankinn milligöngu um að útvega 32 milljóna dollara lán til Hitaveitu Akureyrar og stofna til skulda- og vaxta-

skipta í tengslum við þá lántöku. Þá hafði Seðlabankinn milligöngu um tvenn skuldaskipti fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar. Skipt var úr dollurum í svissneska franka og þýsk mörk. Einnig aðstoðaði Seðlabankinn Póst- og símamálastofnunina við að útvega 3,5 milljóna lán í þýskum mörkum í júní 1987.

VIII. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Ríkisábyrgðasjóður

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var mjög með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Nýjar ríkisábyrgðir, sem afgreiddar voru, voru nú miklum mun færri en árið áður eða 12, en voru 38 árið áður. Fjárhæð nýrra ábyrgða hækkaði hinsvegar nokkuð miðað við fyrra ár. Á töflu VIII.1. hér á eftir má sjá yfirlit yfir nýjar ábyrgðir veittar árin 1986 og 1987.

*Tafla VIII.1. Ríkisábyrgðir 1986 og 1987.
(Í millj. kr.)*

	1986		1987	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Iðnaður	24	203,9	4	51,6
Samgöngur	2	360,9	–	–
Hitaveitur	12	789,8	8	1.345,1
	38	1.354,6	12	1.396,1

Heildarfjárhæð ríkisábyrgða nam í árslok 1987 24.424,4 m.kr. og hækkaði á árinu um 1.738,9 m.kr. Til viðbótar þessari fjárhæð kemur ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum ríkisbankanna, ýmissa fjárfestingarlánasjóða og ríkisfyrirtækja.

Heildarfjárhæð krafna, sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á árinu 1987, nam 229,0 m.kr., sem er miklu lægra en árið áður. Endurgreiðslur frá skuldurum urðu nú 219,0 m.kr., svo að nettógreiðslur úr sjóðnum vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð og

*Tafla VIII.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til
Ríkisábyrgðasjóðs.
(Í millj. kr.)*

	1982	1983	1984	1985	1986	1987
Innleystar kröfur	89,1	193,1	248,1	238,2	635,8	229,0
Endurgreiðslur frá skuldurum	66,6	91,1	121,5	204,5	356,3	219,1
	22,5	102,0	126,6	33,7	279,5	9,9

öðrum lánnum, sem sjóðurinn ber greiðsluábyrgð á, námu 9,9 m.kr., en 279,5 m.kr. árið áður. Á töflu VIII.2. má sjá yfirlit yfir innleystar kröfur Ríkisábyrgðasjóðs og endurgreiðslur skuldara árin 1982-1987.

Með bráðabirgðalögum nr. 68/1987 var breytt lögum um ríkisábyrgðir frá 1961 á þann veg, að áhættugjald af ríkisábyrgðum, sem verið hefur óbreytt til þessa, var þá hækkað. Það er nú 1,5% fyrir einfaldar ábyrgðir í stað 1% áður og 2% fyrir sjálfskuldarábyrgðir í stað 1,5% áður. Ennfremur var með bráðabirgðalögum þessum lagt á sérstakt ábyrgðargjald. Gjald þetta, sem er 0,0625% á ársfjórðungi, skulu greiða ríkisbankar, ýmsir fjárfestingarlánasjóðir, ríkisfyrirtæki og ríkisstofnanir. Gjaldskylda miðast við erlendar skuldbindingar viðkomandi eins og þær eru á tilteknum dögum á hverjum ársfjórðungi, en ákveðnar skuldbindingar eru þó undanþegnar gjaldskyldu. Þetta sérstaka ábyrgðargjald rennur í ríkissjóð.

Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn hefur með höndum ýmsa fyrirgreiðslu og ráðgjöf fyrir ríkissjóð í sambandi við lántökur, innlendar og erlendar. Bankinn annast innlenda verðbréfaútgáfu ríkissjóðs, svo sem útgáfu spariskírteina, sölu ríkisvixla og fleiri ríkisskuldabréfa. Ríkisábyrgðasjóður hefur með höndum afgreiðslu og vörslu lána, sem ríkissjóður hefur veitt, aðallega af andvirði lána, sem hann hefur tekið til endurlána. Á árinu voru veitt ný lán samtals að fjárhæð 1.988,2 m.kr. Við árslok 1987 nam höfuðstóll endurlána samtals 18.222,6 m.kr. og hækkaði á árinu um 637,4 m.kr. (bráðabirgðatölur).

Spariskírteini

Eins og áður aflaði ríkissjóður sér fjár með sölu spariskírteina og er þetta 24. árið, sem sala spariskírteina fer fram. Stefnt var að því að selja spariskírteini fyrir samtals 1.500 m. kr., en innlausn eldri skírteina var áætlað að yrði 1.000 m. kr. Reyndin varð sú, að sala varð til muna meiri heldur en áætlað var. Alls voru seld spariskírteini að nafnverði 2.115,1 m. kr. Boðin voru til sölu bæði verðtryggð og gengisbundin skírteini. Í raun voru spariskírteini boðin til sölu í 8 flokkum, 6 voru verðtryggðir miðað við lánskjaravísitölu, en 2 gengisbundnir, annars vegar miðað við gengi ECU, hins vegar miðað við gengi SDR. Sala spariskírteina hófst í byrjun janúar og stóð allt árið. Salan gekk treglega til að byrja með, en glæddist, þegar leið á árið. Í október var ákveðið að reyna að örva sölnuna með því að hækka ávöxtun á nokkrum hluta þeirra skírteina, sem til sölu voru. Var það gert með því að lækka sölugengi þeirra. Skírteini voru seld með þessum kjörum á tímabilinu frá 19. október til 4. desember. Við þetta jókst sala mjög. Kjör einstakra flokka spariskírteina voru sem hér segir:

1. flokkur A, skírteini með 2 ára binditíma. Þessi skírteini eru lengst til 15 ára, en laus til innlausnar eftir 2 ár. Vextir eru 6,5% á ári og eru jafnir allan lánstímann.

1. flokkur A, skírteini með 4 ára binditíma. Þessi skírteini eru lengst til 15 ára, en laus til innlausnar eftir 4 ár. Vextir eru 6,5% á ári og eru jafnir allan lánstímann.

1. flokkur D, skírteini með gjalddaga eftir 6 ár. Vextir eru 6,5% á ári.

1. flokkur ECU. Þessi skírteini eru innleysanleg á tímabilinu 16. nóvember 1990 til og með 15. maí 1991. Þau bera 8,3% vexti á ári.

1. flokkur SDR. Kjör þessara skírteina eru hin sömu og ECU-skírteina.

2. flokkur A, skírteini með 6 ára binditíma. Þessi skírteini eru lengst til 10 ára, en innleysanleg hvenær sem er eftir 6 ár. Vextir eru 7,2% á ári, jafnháir allan lánstímann.

2. flokkur D, skírteini til 2 ára. Skírteinin eru innleysanleg eftir 2 ár og vextir af þeim eru 8,5% á ári.

2. flokkur D, skírteini til 4 ára. Skírteinin eru innleysanleg eftir 4 ár og vextir af þeim eru 8% á ári.

Á yfirlitinu hér á eftir er sýnt, hvernig sala spariskírteina á árinu 1987 dreifðist á einstaka flokka.

*Tafla VIII.3. Sala spariskírteina 1987.
(Nafnverð í millj. kr.)*

	<u>1. flokkur</u>	<u>2. flokkur</u>	<u>Alls</u>
Binditími:			
2 ár	157,7	1.368,9	1.526,6
4 ár	6,7	37,8	44,5
6 ár	23,4	513,8	537,2
ECU-skírteini	5,7		5,7
SDR-skírteini	1,1		1,1
	<u>194,6</u>	<u>1.920,5</u>	<u>2.115,1</u>

Á árinu kom til lokainnlausnar einn flokkur spariskírteina, sem út var gefinn 1973. Innlausnarverð þess flokks var á gjalddaga 297,7 m. kr. Alls nam innlausn spariskírteina á árinu 1.129,8 m. kr. Þar af nam innleyst nafnverð með verðbótum 804,8 m. kr., en innleystir vextir með verðbótum námu 325,0 m. kr. Við árslok 1987 höfðu alls verið

seld spariskírteini að nafnverði 8.426,7 m. kr. Nafnverð óinnleysta spariskírteina nam þá 7.710,1 m. kr., en að viðbættum vöxtum og verðbótum nam verðmæti þeirra 14.107,9 m. kr. Innlausnarvirði innleysanlegra skírteina nam þá 2.092,2 m. kr.

**Happdrættis-
skuldabréf**

Á árunum 1972-1981 voru alls gefnir út 11 flokkar happdrættis-skuldabréfa. Á árinu kom síðasti flokkurinn til innlausnar, flokkur frá 1977. Verðmæti hans nam á gjalddaga 88,6 m. kr. Nafnverð óinnleysta happdrættisskuldabréfa nam 1,5 m. kr. í árslok 1987, en að viðbættum verðbótum nam verðmæti þeirra 46,7 m. kr.

Erlend lán

Á árinu tók ríkissjóður þrjú stór erlend lán, lán að fjárhæð 5.000 m. japanskra yena, jafnvirði 1.297,4 m. kr., lán að fjárhæð 125 m. þýskra marka, jafnvirði 2.663,4 m. kr., og lán að fjárhæð 22 m. dollara, jafnvirði 854,5 m. kr. Nánari grein er gerð fyrir erlendum lántökum ríkissjóðs í kafla VIII. um Erlend mál.

Orkusjóður

Framlög til Orkusjóðs voru samkvæmt fjárlögum 1987 alls 297,7 m. kr., en framlagsgreiðslur til sjóðsins námu 200,7 m. kr. Ekki voru hafin úr ríkissjóði framlög til lánagreiðslna umfram það, sem þörf var á til endurgreiðslu lána, og er það skýring á mismuninum. Sjóðurinn tók engin lán á árinu, en lánveitingar úr honum námu 10,4 m. kr. og skiptust sem hér segir:

*Tafla VIII.4. Lánveitingar Orkusjóðs 1987.
(Í millj. kr.)*

Lán til einkarafstöðva	3,4
Lán til hitaveitna	0,4
Lán til jarðhitaleitar	6,6
Samtals	10,4

Vaxtatekjur Orkusjóðs námu samkvæmt bráðabirgðatölum 33,3 millj. kr. en vaxtagjöld 95,5 millj. kr. Styrkveitingar námu 62,1 millj. kr. og skiptust þannig:

*Tafla VIII.5. Styrkveitingar Orkusjóðs 1987.
(Í millj. kr.)*

Samkvæmt 71. gr. orkulaga:		
Til sveitarafvæðingar	10,0	
Til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum	50,0	60,0
Hólsfjallaáætlun		1,8
Annað		0,4
Samtals		62,2

Hafnabótasjóður

Hafnabótasjóður veitti á árinu 20 lán til hafnarsjóða samtals að fjárhæð 30,7 m. kr. og 6 bráðabirgðalán samtals 16,7 m. kr. Þarna er um mikla aukningu lánveitinga að ræða, en árið áður urðu heildarlánveitingar úr sjóðnum aðeins 12,8 m. kr. Styrkir samtals að fjárhæð 35,4 m. kr. voru veittir 29 hafnarsjóðum. Árið áður námu styrkveitingar alls 12,1 m. kr. Framlag til Hafnabótasjóðs samkvæmt fjárlögum 1987 var 15 m. kr., en að auki var veitt aukafjárveiting sömu fjárhæðar. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur sjóðsins 21,5 m. kr., en vaxtagjöld 4,8 m. kr.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Mikil umsvif Verðjöfnunarsjóðs á árinu 1987 endurspegluðu hin hagstæðu ytri skilyrði í því sem næst öllum greinum sjávarútvegsins. Verðlag á sjávarvöruframleiðslu almennt var hátt, en mjög sveiflukennt sem fyrr í einstökum greinum svo sem skelfiskafurðum. Í árslok 1987 var tæplega 1,1 milljarður króna á reikningum sjóðsins, en áætluð eignastaða, þ.e. innstæður að viðbættum óinnkomnum verðhækkunartekjum vegna framleiðslu ársins 1987, er varlega áætluð um 1,5 milljarðar króna.

Fjöldi afurðategunda, sem komu undir Verðjöfnunarsjóð, var óbreyttur allt árið eða 18 að tölu. Virk verðjöfnun var á þremur tegundum í ársbyrjun, rækju, hörpuskelfiski og saltfiskafurðum. Innheimt var fyrirframgreiðsla við gjaldeyrisskil upp í endanlega verðjöfnun af rækju og hörpuskel sem hér segir:

Tilskilið innheimtuhlutfall 1987.

<i>Rækja</i>		<i>Hörpuskel</i>			
<i>Tímabil</i>		<i>Innheimtu- prósenta af cif-verðmæti</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Innheimtu- prósenta af cif-verðmæti</i>	
1/1-23/2	1987	17,5	1/1-5/2	1987	15,0
24/2-10/4	“	14,0	6/2-15/7	“	6,0
11/4-30/5	“	10,0	16/7-31/12	“	0,0
31/5-19/8	“	8,0			
20/8-14/9	“	7,0			
15/9-31/12	“	0,0			

Markaðsverð á rækju lækkaði hægt frá hámarki sínu í árslok 1986, allt þar til að snöggvort verðfall varð sl. haust. Í kjölfar þess var fyrirframinnngreiðsla hætt, þar sem sýnt þótti, að verðlag gæfi ekki tilefni til verðjöfnunar.

Mikillar óvissu gætti um verðlag og sölu á hörpuskelfiski allt frá miðju ári. Verð lækkaði mjög eða nær því um helming frá verðlagi í byrjun árs 1987. Erfiðleikar í sölu voru nokkrir, og birgðasöfnun átti sér stað.

Verð á saltfiskafurðum hefur verið gott allt árið 1987, framleiðsla mikil og afsetning ör. Verðlag á söltuðum fiskafurðum hefur því verið fyrir ofan svokallað viðmiðunarverð Verðjöfnunarsjóðs allt sl. ár, og hafa því komið til miklar verðhækkunartekjur til sjóðsins.

Ekki er enn að fullu vitað, hvernig freðfiskdeildin kemur út, þar sem endanlegu uppgjöri er ekki lokið. Eftir því sem best er vitað, er líklegt, að til nokkurrar verðjöfnunar komi vegna framleiðslutímabilsins 1. júní til 30. sept.

Um áramótin 1986/1987 var mótuð sú stefna að reikna öll grundvallarverð (viðmiðunarverð) sjóðsins í SDR-einingum að undanskildum saltfiskafurðum, þar sem áfram er reiknað í SDR-tengdum Bandaríkjadöllum og þýskum mörkum. Áður hafði verið reiknað í Bandaríkjadöllum í flestum afurðum nema í rækju, en þar hafði verið reiknað í SDR hin síðari ár.

Við þessa breytingu þótti rétt að taka til endurskoðunar það samkomulag, sem sjóðsstjórn hafði við Seðlabankann um ávöxtun á innstæðum Verðjöfnunarsjóðs við bankann. Með bréfi þann 11. júlí 1987 féllst bankastjórn Seðlabankans á, að innstæður allra deilda Verðjöfnunarsjóðs verði gengistryggðar m.v. SDR og ávaxtaðar með millibankavöxtum í London (LIBOR), samvegnum eftir samsetningu SDR hverju sinni og að frádregnu 1/8%. Fyrirkomulag þetta var látið gilda frá áramótum 1986/1987.

Með bráðabirgðalögum nr. 66/1987 var ákveðið að leggja gjald á útfluttan ísfisk. Var Verðjöfnunarsjóði falin framkvæmd þessarar gjaldtöku, sem hófst 15. júlí 1987. Samkvæmt lögum skyldi ísfiskgjaldinu skipt á deildir botnfiskafurða í samræmi við útflutningssamsetningu næstliðins árs. Alls greiddust 12 m.kr. til áramóta og komu í hlut freðfiskdeildar 7,8 m.kr., til saltfiskdeildar féllu 4,1 m.kr. og 0,1 m.kr. til skreiðardeildar.

Í sömu bráðabirgðalögum var einnig kveðið svo á, að eftirstöðvar af áætluðum endurgreiddum söluskatti skyldu tímabundið renna til Verðjöfnunarsjóðs. Millifærði ríkissjóður vegna þessa 136,5 m.kr. nettó til Verðjöfnunarsjóðs, þ.e. að frádreginni endurgreiðslu eftir áramót, sbr. töflu VIII.7.

Í nóvembermánuði varð ljóst, að svo mikið verðfall hafði orðið á hörpuskelfiski, að til útgreiðslu verðbóta hlyti að koma. Var ákveðið til bráðabirgða í desembermánuði að greiða 6,5% verðbætur á framleiðslu frá 1. janúar til 15. júlí, 12% á framleiðslu frá 16. júlí til 30. september og 15% á framleiðslu frá 1. október til áramóta 1987/88. Var strax hafist handa að greiða út þessar verðbætur. Áætlað er, að þær geti numið allt að 50 m.kr.

Endanlegt uppgjör liggur nú fyrir um greiðslur í sjóðinn á framleiðslu-árinu 1986. Uppgjöri vegna framleiðslu síðasta árs er enn ekki lokið, en birtar eru áætlaðar tölur um verðjöfnun:

Tafla VIII.6. Verðhækkunartekjur og verðbætur í Verðjöfnunarsjóð eftir framleiðsluárum. (Í millj. kr.)

	Framleiðsla 1986		Framleiðsla 1987	
	Verðhækkunar-tekjur ¹⁾	Verðbætur	Verðhækkunar-tekjur ¹⁾	Verðbætur ¹⁾
Frystar afurðir ...	374,2	–	238,6	–
Freðfiskur	–	–	150,0	–
Rækja	311,7	–	98,6	–
Hörpudiskur	53,2	–	–	50,0
Humar	9,3	–	–	–
Saltfiskafurðir	198,7	–	393,8	–
Óverkaður saltf. .	190,9	–	387,1	–
Söltuð ufsaflök ..	7,8	–	6,7	–
Skreiðarafurðir ..	–	–	–	–
Ísfiskur	–	–	14,0	0
Samtölur deilda ..	572,9	–	646,4	50,0
Samtölur VJS, nettó	572,9	–	606,4	

¹⁾ Að hluta til óinnheimtar/óútgreiddar.

Tafla VIII.7. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs við Seðlabankann. (Í þús. kr.)

	Innstæður 31.12.1986	Inngr./ útgreiðslur	Gengis uppfærsla	Vextir ¹⁾	Innstæður 31.12.87
Stofnfjárdeild	787	663		136	1.586
Frystiafurðadeild	344.264	191.000	11.527	30.070	576.862
Saltsíldardeild	752	–256	21	55	572
Saltfiskdeild	1.361	244.306	1.984	7.673	255.324
Skreiðardeild	9.671	–186	255	711	10.451
Mjöl- og lýsisdeild	14.078	–441	558	1.035	15.230
Ísfiskdeild ²⁾	–	–43	90	178	225
Biðreikn. v/ söluskatts	–	232.000 ³⁾	–	–	232.000
Alls	370.913	667.043	14.435	39.858	1.092.250

¹⁾ Meðalvextir m.v. LIBOR-vexti í SDR-samsetningu voru 6,336% p.a.

²⁾ Innstæðu ísfiskdeildar var skipt milli skreiðar-, freðfisk- og saltfiskdeilda í lok ársins, sjá nánar í texta.

³⁾ Upphafleg inngreiðsla frá ríkissjóði nam þessum 232.000.000 kr., síðar kom í ljós, að upphæðin var 95.522.065 kr. of há. Var leiðrétting gerð rétt eftir áramót.

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs við Seðlabanka Íslands nam 379,9 m.kr. í árslok 1986, en 1.092 m.kr. í árslok 1987. Staða frystiafurðadeildar var hæst bæði árin eins og sést af meðfylgjandi töflu. Þar af voru á humarreikningnum 139 m.kr. og á rækjуреikningnum 390 m.kr. í árslok 1987. Á næstu síðu á undan er birt yfirlit, sem sýnir innstæður í árslok 1986 og 1987 ásamt breytingum á árinu 1987, skipt eftir deildum.

IX. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

Vaxtalög

Þann 14. apríl 1987 tóku gildi vaxtalög nr. 25 frá 27. mars 1987. Með gildistöku þessara laga féllu þá jafnframt úr gildi lög nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sbr. lög nr. 71/1965 og lög nr. 56/1979, um dómvexti.

Vaxtalögunum er skipt í 5 kafla. Í fyrsta kafla eru sameiginleg ákvæði um gildissvið laganna, bæði um almenna vexti (samningsvexti) og dráttarvexti. Kemur m. a. fram, að lögin gilda fyrst og fremst um fjárkröfur á sviði fjármunaréttar, en taka til krafna á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt.

Þá kemur og fram, að ákvæði laganna um ákvörðun vaxta gilda, ef annað leiðir ekki af lögum, samningum eða venju, þó ekki með samningum að því leyti sem ákvæði laganna fela beinlínis í sér takmörkun skv. 10. og 11. gr. um hámark dráttarvaxta, sbr. 18. gr., eða aðrar réttarreglur, t. d. reglur III. kafla samningslaga nr. 7/1936.

Frá því að lögin tóku gildi, hefur verið umdeilt, hvort byggja megi á þessu ákvæði og taka vexti í heilan mánuð vegna vanskila, sem staðið hafa brot úr mánuði. Sá skilningur virðist t. d. mjög ráðandi í bæjarþingi Reykjavíkur, að orðið „ársvextir“ í 1. mgr. 10. gr. vaxtalaga útiloki slíka vaxtatöku, þótt hið gagnstæða komi skýrt fram í athugasemdum við 10. gr. vaxtalaga. Þeir, sem hafa hins vegar talið heimilt eftir gildistöku laganna að taka áfram mánaðarvexti fyrir brot úr mánuði, hafa talið, að þrátt fyrir orðið „ársvextir“ standi það opið, hvernig árinu verði skipt í ódeilanleg vaxtatímabil og að orðið „ársvextir“ í vaxtalögunum sé ekki notað í þeirri merkingu, að dagurinn sé hið óskiptanlega vaxtatímabil. Úr þessum ágreiningi mun ekki fást skorið fyrir en Hæstiréttur hefur tekið á þessu atriði.

Annar kafli laganna fjallar um almenna vexti (samningsvexti) frá lántökudegi og fram að gjalddaga. Samkvæmt lögunum eru almennir vextir (samningsvextir) frjálssir að því leyti, að almennt má semja um

vaxtahæð og önnur vaxtakjör, en farin er sú millileið til verndar lántakendum að takmarka frelsið við ákveðið vaxtamark, ef frelsið er misnotað. Lögin tryggja lánamarkaðnum með þessu verulegt svigrúm umfram gildandi bankavexti, en veita lántakendum jafnframt viðunandi og mun virkari vernd en fyrri lagaákvæði gerðu.

Þá er mikilvægt, að lögunum er ætlað að tryggja almenningi, viðskiptalífi og dómstólum öruggar og aðgengilegar upplýsingar um vaxtakjör innlánsstofnana á föstum og reglulegum tímum. Í því sambandi birtir Seðlabankinn mánaðarlega í Lögbirtingablaði öll almenn vaxtakjör hvers viðskiptabanka og sparisjóðanna sameiginlega svo og vegið meðaltal vaxta, hafi orðið breyting frá síðustu birtingu.

Þriðji kafli fjallar um dráttarvexti (vanskilavexti) af fjárkröfum í íslenskum og erlendum gjaldmiðli.

Dráttarvextir af fjárkröfum í íslenskum gjaldmiðli eru tengdir nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, og er með nýjum almennum útlánnum átt við ný víxillán og óverðtryggt skuldaþréfalán. Skal Seðlabanki Íslands reikna mánaðarlega m.a. dráttarvexti á grundvelli vegins meðaltals ársávöxtunar þessara útlána, og skulu þeir dráttarvextir gilda næsta mánuðinn eða þar til að næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaðinu. Hlutfallið milli dráttarvaxta og vegins meðaltals ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum ákvarðar Seðlabankinn síðan samkvæmt reiknireglu í 1. mgr. 10. gr., sbr. reglugerð nr. 287 frá 24. júní 1987.

Um ákvörðun dráttarvaxta af löglegum fjárkröfum í erlendum gjaldmiðli gilda hliðstæðar reglur og í 10. gr. um kröfur í íslenskum gjaldmiðli, nema hvað meðalávöxtun viðkomandi gjaldmiðils á innlendum gjaldeyrisreikningum í viðskiptabönkum og sparisjóðum kemur hér í stað meðalávöxtunar á nýjum almennum útlánnum. Sé um gjaldmiðil að ræða, sem ekki er gefinn kostur á að eiga á innlendum gjaldeyrisreikningum hér á landi, eða gjaldmiðil, sem ekki er skráður hér á landi, er miðað við vexti af almennum óbundnum sparisjóðsreikningum í hlutaðeigandi landi.

Þá þótti rétt að taka af skarið um vaxtavöxtun dráttarvaxta, þó þannig, að þeir leyfist fyrst eftir 12 mánaða vanskil og á 12 mánaða fresti eftir það.

Vegna niðurfellingar á lögum um dómvexti hefur verið tekið upp ákvæði, sem er í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þeirra laga.

Þá er gert ráð fyrir, að almennir samningsvextir, verðbætur og annað umsamið álag falli niður frá þeim tíma, er til greiðslu dráttarvaxta kemur. Leiðir það eðlilega af þeim forsendum, sem ákvörðun dráttarvaxta er byggð á í 10.-12. gr. laganna.

Í fjórða kafla laganna eru ákvæði um refsíabyrgð fyrir okur, um endurgreiðslu ólögmæts endurgjalds og málsmeðferð. Refsivert okur er nú skilgreint með nýjum hætti með hliðsjón af þeirri þróun í vaxtamálum, sem orðið hefur á undanförunum árum. Í stórum dráttum má nú út af fyrir sig semja um hvaða almenna vexti sem er. En sé farið ólöglega að við samningsgerð, framsal samnings, beitingu hans eða hagnýtingu samkvæmt því, sem lýst er í 17. gr. laganna, verður hinn brotlegi að gjalda þess að hafa áskilið sér vexti eða annað endurgjald umfram hæstu gildandi vaxtamörk sambærilegra útlánsvaxta hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum á þeim tíma, er til skuldar var stofnað. Eftir því sem þetta bil breiðkar og vaxtatakan fer lengra fram úr vaxtakjörum innlánsstofnana, því meiri er áhættan, bæði hættan á því, að dómstólar telji um óréttmæta hagnýtingu aðstöðumunar að ræða svo og á þyngri viðurlögum, ef brot sannast. Hinu ólögmæta atferli er lýst í upphafi 17. gr. laganna sem því að hagnýta sér á óréttmætan hátt fjárþröng viðsemjanda síns eða aðstöðumun þeirra að öðru leyti.

Loks eru í fimmta kafla ákvæði um gildistöku, brottfallin lög og bráðabirgðaráðstafanir. Eru m. a. gerðar ráðstafanir til þess, að öll opinber mál, sem höfðuð hafa verið til refsingar fyrir okur, en ekki verið kveðinn upp endanlegur dómur í fyrir gildistöku laga þessara, verði rekin áfram fyrir dómstólunum og hljóti þar efnisdóm þrátt fyrir 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Gjaldeyrismál

Reglur um fjármögnunarleigur við erlenda aðila tóku fyrst gildi með auglýsingu viðskiptaráðuneytisins nr. 264 6. maí 1986. Jafnhliða voru erlendar lántökur í reiðufé heimilaðar til héraðs framleiðenda sams konar búnaðar og tækja í sama augnamiði. Gert var ráð fyrir fullri fjármögnun samningsverðs í erlendum gjaldeyri (fob.-verðs), en áskilið, að leigu- og lánsamningar yrðu ekki gerðir með ábyrgð héraðs banka, tryggingarfélagss eða opinbers fjárfestingarsjóðs. Var gjaldeyriseftirliti Seðlabankans falin umsjón, þannig að undirritaða leigu- og lánsamninga bar að leggja fyrir það, áður en til framkvæmda kæmi. Í auglýsingunni var tæmandi upptalning véla, tækja og búnaðar, er fjármagna mátti til allt að 7 ára.

Enn frekari rýmkun var gerð með auglýsingu nr. 227 25. maí 1987. Voru bein erlend lán í reiðufé sett á sama bekk, þannig að lán með gamla laginu utan leigusviðsins yrðu hliðstæð. Lánatílefnir voru

óbreytt að mestu og reglurnar að öðru leyti að mestu óbreyttar. Ennfremur var bætt inn ákvæði þess efnis, að fjármagna mætti skipaviðgerðir á sama hátt.

Þriðja auglýsingin um þetta efni kom svo 24. september, nr. 434/1987. Þá var dregið í land og fjármögnun lækkuð úr 100% í 70% vegna leigu- og lánsamninga miðað við verð véla, tækja og búnaðar eftir innflutning, en áfram án ábyrgðar hérlendra aðila, er áður eru taldir, en 60%, þegar ábyrgð þeirra fylgdi.

Auglýsingin frá 24. september sl. var loks endurútfegin nr. 49 1. febrúar 1988, eftir að ný tollskrá hafði tekið gildi. Nokkrar aðrar breytingar voru þá jafnframt gerðar, en ekki veigamiklar.

Annars staðar í skýrslunni er gerð grein fyrir aukningu erlendra leigu- og lánsamninga, er fylgdu í kjölfar ofangreindra auglýsinga, og afleiðingum þeirra á þróun peningamála í landinu.

Bankastimplun innflutningsskjala

Til þess að sporna við innflutningi vara í heimildarleysi, þ.á.m. með óheimilum erlendum greiðslufresti, og til þess að draga úr uppsöfnun svokallaðra hafnarbakkavara áskildu gjaldeyrislög, er sett voru árið 1953, að innflytjendur öfluðu bankastimplunar innflutningsskjala, áður en þeir leituðu tollafgreiðslu.

Ákvæði þetta var afnumið með lögum nr. 35/1987 og féll úr gildi hinn 1. september.

Þessi breyting knúði Seðlabankann til að taka upp tölvuskráningu innflutningsskjala og gjaldeyrissölu bankanna vegna vöruinnflutnings, sem er flókið og viðamikil verk, sem reyndar er ekki fullunnið enn. Skal þess hér getið, að niðurfelling bankastimplunar var að mati Seðlabankans ekki brýn. Tölvuvæðing tollafgreiðslna um land allt á enn langt í land, og breytingin var ekki nauðsynleg forsenda tollkrítar, en hún hefur reyndar ekki enn náð fram að ganga.

Gjaldskylda og erlend lán

Með bráðabirgðalögum nr. 68, útg. 10. júlí 1987, og reglugerð nr. 375, útg. 14. ágúst 1987, er Seðlabanka Íslands falið að hafa með höndum umsjón og eftirlit með framkvæmd ákvæða um gjaldskyldu af erlendum lántökum, leigusamningum o.fl. Gjald þetta var í lögnum ákveðið 1% af samningum til 6 mánaða eða skemmri tíma, 2% af samningum til lengri tíma en 6 mánaða, en þó ekki lengri tíma en árs, og 3% af samningum til lengri tíma en árs. Með lögum nr. 10/1988 er gjaldskyldan tvöfölduð. Bónkum og sparisjóðum, sem hafa milli-

göngu um gerð eða framkvæmd lánsamninga, er skylt að innheimta gjaldið við fyrstu afhendingu samningsandvirðis. Aðrir, sem gera slíka samninga, skulu leggja fram samningsskjöl í Seðlabanka Íslands og inna jafnframt greiðslu af hendi.

Tilgangur gjaldskyldunnar er fyrst og fremst sá að hamla gegn ásókn í erlendar lántökur. Ákvæði er í lögum nr. 10/1988 um, að gjaldskylda falli úr gildi 31. des. 1988.

Seðlar og mynt

Í árslok 1987 námu seðlar og mynt í umferð 2.486,9 m.kr. og höfðu aukist um 31,1% á árinu. Árið áður var aukningin 40,4% og árið 1985 25,8%.

Þann 8. september setti Seðlabankinn í umferð nýja 50 króna mynt. Frá sama tíma hætti bankinn að gefa út 50 króna seðla, sem þó verða ekki innkallaðir í bráð og verða um sinn í umferð jafnhliða myntinni. Að útliti tengist 50 króna myntin þeirri myntröð, sem verið hefur í umferð frá gjaldmiðilsskiptunum 1981, og eru hönnuður og framleiðandi þeir sömu – Pröstur Magnússon teiknari og Royal Mint í Englandi. Á framhlið myntarinnar er mynd af landvættunum eins og á 5 og 10 króna myntinni, verðgildi í bókstöfum, „Ísland“ og útgáfuár. Á bakhlið er mynd af bogakrabba og verðgildi í tölustöfum. – Þvermál myntarinnar er 23 mm, þykkt 2,6 mm og þyngd 8,25 g. Hún er slegin úr gulleitri eirblöndu (70% kopar, 24,5% sink og 5,5% nikkell), og er rönd hennar riffluð.

Starfsemi bankaeftirlitsins

Í samræmi við ákvæði IV. kafla laga nr. 36/1986, sbr. ákv. IV. kafla rg. nr. 470/1986, um Seðlabanka Íslands, framkvæmdi bankaeftirlitið reglubundið eftirlit með fjölmörgum innlánsstofnunum á árinu 1987. Á sama hátt voru gerðar vissar athuganir á starfsemi verðbréfasjónlára og verðbréfasjóða. Niðurstöður eftirlitsins svo og athugasemdir, ef einhverjar eru, eru kynntar fyrir stjórnendum hlutaðeigandi innlánsstofnunar, verðbréfasjóðs eða verðbréfasjónlára. Eðli málsins samkvæmt verður ekki gerð grein fyrir þessum athugunum opinberlega.

Samkvæmt lögum gefur Seðlabankinn viðskiptaráðuneytinu skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Fulltrúi ráðuneytisins á auk þess sæti í sérstakri samstarfsnefnd um bankaeftirlitið.

ýmsar sérgreindar efnahags- og rekstrarstærðir og þróun þeirra yfir lengra tímabil ásamt öðrum hagnýtum upplýsingum. Stefnt er að því að auka við efni bókarinnar og birta sambærilegar upplýsingar um aðra þætti fjármagnsmarkaðarins, sem heyra undir starfsemi banka- eftirlitsins.

Á árinu 1987 urðu eftirtaldar breytingar á fjölda afgreiðslustaða innlánsstofnana: Búnaðarbanki Íslands opnaði afgreiðslu í Kringlunni og við Höfðabakka í Reykjavík. Samvinnubanki Íslands hf. opnaði útibú á Höfn í Hornafirði. Sparisjóðurinn í Keflavík opnaði útibú í Grindavík. Sparisjóður Arnarneshrepps og Sparisjóður Akureyrar sameinuðust á árinu.

Sú leiðrétting er hér gerð á tölum fyrra árs, að við þær er bætt þrem afgreiðslum Alþýðubankans hf., þ.e. á Akranesi, Blönduósi og Húsavík, sem stofnaðar voru á árinu 1986, en var ekki getið í síðustu ársskýrslu.

Fjöldi afgreiðslustaða innlánsstofnana var því sem hér segir í árslok 1986 og 1987:

	<i>Árslok 1986</i>	<i>Árslok 1987</i>
Viðskiptabankar	131	134
Sparisjóðir	46	46
Innlánsdeildir samvinnufélaga	26	26
Póstgíróstofan	1	1
Samtals	204	207

Í árslok 1987 höfðu 35 einstaklingar fengið leyfi viðskiptaráðuneytisins til starfrækslu verðbréfamiðlunar og/eða verðbréfasjóða skv. lögum nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun. Þar af er 21 einstaklingur á vegum viðskiptabanka og sparisjóða. Á vegum leyfishafa voru starfræktir alls 12 verðbréfasjóðir í árslok.

Eitt fjárfestingarfélag, sem sérstaklega er myndað til fjárfestingar á áhættufé atvinnufyrirtækja skv. V. kafla laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, var starfandi í árslok. Samkvæmt ákvæðum tilvitnaðra laga hefur bankaeftirlitið umsjón með fjárfestingarfyrirtækjum, sem starfa samkvæmt þeim lögum.

**Útvegsbanki
Íslands hf.**

Í ágústmánuði 1986 fól ríkisstjórnin Seðlabankanum að gera tillögur um leiðir til að ná fram varanlegri lausn á fjárhagsvanda Útvegsbankans með það meginmarkmið í huga, að slík lausn fæli auk þess í sér og væri þáttur í nauðsynlegum skipulagsbreytingum viðskiptabanka-

kerfisins í heild í þá átt, að viðskiptabönkum fækkaði og rekstrareiningar stækkuðu að sama skapi.

Á grundvelli tillagna bankans fóru fram viðræður um stofnun nýs hlutafélagsbanka með sameiningu Útvegsbanka Íslands og tveggja einkabanka, Iðnaðarbanka og Verzlunarbanka, án þess að samkomulag næðist. Síðan voru aðrar leiðir kannaðar, svo sem samruni Búnaðarbankans og Útvegsbankans. Þessar viðræður báru ekki heldur þann árangur, sem að var stefnt.

Í framhaldi af samkomulagi stjórnarflokkanna hinn 3. febrúar 1987 var samið frumvarp til laga um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, sem lagt var fram af ríkisstjórninni skömmu síðar.

Megintilgangur frumvarpsins var að stofna hlutafélag um rekstur Útvegsbankans. Ríkisstjórnin skyldi beita sér fyrir stofnun hlutafélagsbankans, en henni var heimilt að kveðja aðra aðila til samvinnu í því efni. Hlutfjárframlag ríkisins mátti hæst verða 800 m.kr., en heimilt hámarkshlutfjárframlag ríkisins lækkaði, ef hlutfjárskrift annarra aðila var umfram 200 m.kr. Talið var, að hlutfé að fjárhæð 1.000 m.kr., sem að var stefnt, tryggði, að hinn nýi banki gæti sinnt hlutverki sínu í bankakerfinu.

Í frumvarpinu var gert ráð fyrir, að Fiskveiðasjóði Íslands yrði heimilt að taka þátt í stofnun hins nýja hlutafélagsbanka með allt að 200 m.kr. hlutfjárframlagi.

Gert var ráð fyrir, að ríkisstjórninni væri heimilt að selja hlutfé ríkissjóðs, en verð þeirra tæki mið af eiginfjárstöðu, afkomu og afkomuhorfum hins nýja banka á hverjum tíma.

Frumvarpið byggði á því, að um hinn nýja banka giltu ákvæði laga nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og laga nr. 32/1978, um hlutafélög, eftir því sem við gæti átt. Helstu frávikin voru í 3. og 4. gr. frumvarpsins, sem fjölluðu um tölu stofnenda, tölu hluthafa og frávik frá takmörkun atkvæðisréttar, að því er varðaði eignaraðild ríkisins. Frávik þessi voru talin nauðsynleg eins og á stóð. Einnig fólst í 15. gr. frumvarpsins undanþága frá gildandi lögum varðandi eignaraðild erlendra banka að viðskiptabönkum þannig, að allt að 25% hlutfjár máttu vera í eigu erlendra aðila.

Frumvarpið fjallaði ítarlega um, hvernig fara skyldi með mat á eiginfjárstöðu Útvegsbankans. Lagt var til, að viðskiptaráðherra skipaði sérstaka matsnefnd í þessu skyni, sem ljúka skyldi störfum fyrir árslok 1988.

Einnig gerði frumvarpið ráð fyrir, að tekið yrði á málum fastráðins starfsfólks Útvegsbankans, og skyldi það við slit hans eiga rétt á starfi hjá hinum nýja hlutafélagsbanka. Frumvarpið gerði og ráð fyrir, að ríkissjóður yfirtæki ábyrgð Útvegsbankans á lífeyrissjóði starfsmanna og sjóðurinn yrði einungis starfræktur áfram til lúkningar þeim skuldbindingum, sem á honum hvíldu.

Í frumvarpinu var tekið fram, að ríkissjóður bæri ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbankans, sem stofnað var til, áður en bankinn væri lagður niður með yfirtöku hins nýja banka. Þó var gert ráð fyrir, að ríkisábyrgð á innstæðum félli niður tveimur árum eftir yfirtökuna, og næði ábyrgðin einnig til nýrra innstæðna til sama tíma. Í ákvæði til bráðabirgða var gert ráð fyrir heimild til að veita ríkisábyrgð á skuldbindingum hins fyrirhugaða banka gagnvart erlendum aðilum vegna endurnýjunar á lánum eða skuldbindingum, sem Útvegsbankinn hafði stofnað til. Greind heimild, sem falla mundi úr gildi tveimur árum eftir fyrirhugaða yfirtöku, var talin mjög æskileg, til að sammingsstaða hins nýja hlutafélagsbanka yrði ekki verri en efni stóðu til.

Frumvarpið varð að lögum hinn 18. mars 1987 án breytinga á meginefni þess eins og það er rakið hér að framan.

Í samræmi við ákvæði laganna gekkst ríkisstjórnin fyrir stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands. Samkvæmt tillögu að samþykktum fyrir hlutafélagsbankann var ráðgert, að hann hétí Útvegsbanki Íslands hf. Öllum almenningi var gefinn kostur á að skrifa sig fyrir hlut í bankanum. Stofnfundur hans var haldinn hinn 7. apríl 1987, og hafði þá Fiskveiðasjóður Íslands skrifað sig fyrir 200 m.kr. hlutafé og ýmsir aðilar fyrir um 36 millj. kr. Hlutur ríkissjóðs var því um 764 m.kr. á stofnfundi.

Samkvæmt ákvæðum 12. gr. laganna yfirtók Útvegsbanki Íslands hf. rekstur Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987.

Árið 1987 var tíunda starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 5,0 m. kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfrjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 19 styrkjum samkvæmt umsóknum samtals að fjárhæð 2,5 m. kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 38,3 m. kr.

Þjóðhátíðarsjóður

Nýbygging bankans og flutningur í Seðlabankahúsið

Í framhaldi af flutningi Reiknistofu bankanna í Seðlabankahúsið í lok apríl 1986 var gerð ný framkvæmdaáætlun, sem miðaði að því, að bankinn flytti í apríl 1987. Hin endurskoðaða áætlun gerði þó ráð fyrir, að við flutning yrði ólokið við margvíslegan lokafrágang á húsnæðinu svo og bókasafn og fundaraðstöðu á 2. hæð, sal við aðalinnangang og starfsmannaaðstöðu o.fl. í kjallara. Segja má, að innréttingavinna og aðrir verkþættir hafi gengið samkvæmt áætlun og því takmarki verið náð, sem að var stefnt.

Mánuðina fyrir flutning bankans hélt bankastjórnin vikulega fundi með forstöðumönnum, stjórn Starfsmannafélags Seðlabankans, byggingarnefnd o.fl., þar sem nýja húsnæðið og ráðstöfun þess var rækilega kynnt og ýmis framkvæmdaatriði varðandi flutningana rædd. Sérstök flutninganefnd var skipuð til þess að undirbúa flutningana að öðru leyti og hafa yfirumsjón með þeim flutningadagana. Um miðjan janúar var nýrri VAX 8200-tölvu komið fyrir í tölvusal á jarðhæð og farið að vinna að skipulagningu og uppsetningu á væntanlegu tölvuumhverfi í húsinu. Þann 8. apríl var byrjað að flytja gögn frá ýmsum deildum bankans, en 14. apríl hófust flutningar með því að tölvudeild svo og Þjóðhagsstofnun og Iðnþróunarsjóður fluttu í húsið. Næstu daga flutti hver deildin af annarri inn á 2. til 5. hæð hússins, og lauk fyrri áfanga flutninganna þann 18. apríl við flutning bankastjórnar. Í síðari áfanga, sem hófst hálfum mánuði síðar, var flutt inn á jarðhæð og 1. hæð hússins, en flutningunum lauk 4. maí, og var fyrsti afgreiðsludagur í nýja húsinu þriðjudagurinn 5. maí.

Bankastjórnin bauð starfsfólk bankans velkomið í húsið þann 8. maí, og fór sú athöfn fram í matsal starfsmanna, en sameiginlegt mötuneyti fyrir alla þá, sem í húsinu starfa, hafði verið opnað fáum dögum áður. Ennfremur var þangað boðið nokkru síðar bankastjórn Landsbankans ásamt þeim starfsmönnum bankanna, sem starfað höfðu þar allt frá stofnun Seðlabankans. Voru Landsbankamenn kvaddir með virktum og þeim þakkað ánægjulegt og gott samstarf og sambýli, jafnframt því sem þeim voru formlega afhentir lykklar að fjárgeymslum í gamla húsnæðinu.

Innra skipulag og nýting hússins er nú í stórum dráttum eftirfarandi: Í helmingi kjallara eru um 80 bílastæði, en í hinum helmingnum eru vélasalur fyrir loftræstibúnað, geymslur, aðstaða fyrir starfsfólk og fjárgeymslur. – Á jarðhæð er afgreiðsla fyrir peningastofnanir, vinnusalir fyrir seðla- og mynttölu, fjárhirslur og ýmis þjónustustarfsemi svo og starfsmannainngangur. Á um helmingi jarðhæðar er vinnsludeild Reiknistofu bankanna, sem hefur til umráða um 30% af byggingunni að meðtöldu sameiginlegu húsnæði. Má segja, að jarð-

hæð sé að mestum hluta sérhönnuð fyrir starfsemi Seðlabankans og Reiknistofunnar, einkum með tilliti til þess öryggis við meðferð og vörslu fjármuna og gagna, sem báðar stofnanirnar þurfa á að halda. – Á 1. hæð er aðalinnangangur hússins frá Arnarhóli, almenn afgreiðsla og mótuneyti starfsfólks svo og skrifstofur gjaldeyriseftirlits og Ríkis-ábyrgðasjóðs. Þar eru einnig skrifstofur og kerfiseild Reiknistofunnar, sem jafnframt hefur 2. hæð lágbyggingar til afnota. – Á 2. hæð eru aðalbókhald, endurskoðun, tölvudeild og bankaeftirlit, en 3. hæðina hafa Þjóðhagsstofnun og Iðnþróunarsjóður til afnota. – Á 4. hæð eru hagfræðideild, peningamáladeild og rekstrardeild, en á 5. hæð eru skrifstofur bankastjórnar, bankaráðssalur, alþjóðadeild, erlend viðskipti og lögfræðideild. – Í húsinu starfa nú um 280 manns, þar af er um helmingur í föstu starfi við Seðlabankann.

Eftir að flutt hafði verið í bygginguna var hafist handa við margvíslegan lokafrágang svo og þá verkþætti, sem frestað hafði verið og áður eru nefndir. Á miðju ári var komið fyrir á ytri hurðum við aðalinnangang listaverki eftir Helga Gíslason, myndhöggvara, sem er af stílfærðum landvættunum steiptum í kopar. Um áramót var öll frágangsvinna vel á veg komin og vinnu við bókasafn að mestu lokið.

Heildarfjárfesting vegna nýbyggingarinnar, að frátöldu kaupverði lóðar, nam 922,2 m.kr. í árslok á verðlagi hvers árs. Þar af nemur framkvæmdakostnaður á árinu 319,7 m.kr. að meðtöldum ýmsum búnaði að fjárhæð 46,8 m.kr. Stefnt er að því, að byggingarframkvæmdum verði að fullu lokið á miðju þessu ári og verja þurfi til þess um 55 m.kr.

Útgáfustarfsemi

Seðlabankinn gaf á árinu út handbókina ICELAND 1986. Bókin er á ensku, eins og nafnið bendir til, og er því einkum ætluð erlendum lesendum, þótt hún sé einnig mikið notuð innanlands. Í bókinni er vikið að flestum hliðum þjóðlífsins, bæði frá sögulegu sjónarmiði, en einkum er þó fjallað um nútímann. Bókin er á sjötta hundrað blaðsíður með fjölda mynda og korta og mikla atriðisorðaskrá, sem gerir hana handhæga í notkun.

Þetta er í þriðja sinn, sem Seðlabankinn stendur fyrir þessari útgáfu. Hinar fyrri voru Iceland 1966 og Iceland 874-1974. Landsbankinn gaf fjórum sinnum út bækur með þessu nafni og í svipuðum tilgangi. Var það á árunum 1926, 1930, 1936 og 1946. Fyrstu þrjár bækurnar voru litlar, sú frá 1946 verulega stærri og síðan hefur útgáfan stöðugt aukist að umfangi.

ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1987

Janúar

Gefnir voru út nýir flokkar spariskírteina ríkissjóðs með 6,5% vöxtum auk verðtryggingar. Í 1. fl. A er binditími 2 ár og 4 ár, en heildarlánstími er 14 ár með gagnkvæmri uppsögn eftir lok binditíma. Í 1. fl. D er lánstími og binditími 6 ár.

Vextir af erlendum lánakvóta í Seðlabanka eru endurskoðaðir 21. dag hvers mánaðar, sbr. 38. töflu.

Hinn 28. jan. var gengisvog breytt frá viðskiptavog í greiðsluvog.

Febrúar

Í lok febrúar voru gerðar verulegar breytingar á viðskiptum Seðlabanka og innlánsstofnana í samræmi við ný lög, sem heimila Seðlabankanum að setja innlánsstofnunum tiltekið lausafjárhlutfall. Sett var 7% lágmarkshlutfall fyrir laust fé innlánsstofnana, sbr. lýsinguna hér á eftir, innlánsbinding var lækkuð úr 18% í 13% af innlánnum, víxilkvótar og yfirdráttur á viðskiptareikningum við Seðlabankann voru afnumdir. Þá voru skyldubundnar innstæður í Seðlabankanum sameinaðar á einn reikning, verðtryggðan, en vaxtalausan. Þessu skal lýst aðeins nánar:

Lækkun innlánsbindingar var greidd út að $\frac{3}{5}$ hlutum í ríkisvígslum, sem gefnir voru út sérstaklega í þessum tilgangi, samtals að fjárhæð um 1.450 m.kr. Verða þeir greiddir í þremur jöfnum áföngum í ágúst '87, nóvember '87 og febrúar '88. Þessir víxlar bera sömu forvexti og eru að meðaltali á almennum víxlum hjá bönkum og sparisjóðum.

Seðlabankinn hefur daglegt eftirlit með að ekki sé yfirdráttur á viðskiptareikningum banka og sparisjóða við bankann. Er hann hins vegar reiðubúinn að kaupa víxla gegn ríkisvígslum til fárra daga, ef staða viðskiptareiknings verður tæp. Slíkir víxlar bera forvexti jafnháa vanskilavöxtum.

Lausafjárhlutfall reiknast af innlánnum og fleiri skuldaliðum (sjá nánari sundurliðun í júlí). Eignir, sem uppfylla lausafjárskyldu (hæfar eignir), eru peningar í sjóði, innstæður á viðskiptareikningum í Seðlabanka, ríkisvígslar, innstæðubréf í Seðlabanka og óbundin nettóinn-

lán í innlendum og erlendum bönkum. Frá hæfum eignum dragast víxillán í Seðlabanka og er niðurstaðan nefnd hreint lausafé. Með nettóinnlánnum er átt við innlán eða aðrar kröfur að fráregnum skuldum, þó þannig að skuldir umfram inneignir koma ekki til frádráttar, séu þær lægri en hreint lausafé. Seðlabankinn hefur mánaðarlegt eftirlit með lausu fé. Miðað er við meðaltöl hæfra eigna, sé það fyrirbyggjandi, en annars stöðutölu á næstliðnum mánaðamótum. Viðurlög eru jafnhá og vanskilavextir á mánuði og reiknast af því, sem á vantar að lausafé sé nægjanlegt.

Mars

Vaxtabreyting við Seðlabankann 1. mars: Seðlabankinn býður innlánsstofnunum til sölu 3 mánaða innstæðubréf með skiptikjörum, þ.e. annaðhvort með verðtryggingu og 6% vöxtum eða án verðtryggingar og 20% föstum vöxtum, hvort sem hærra reynist á gjalddaga. Áður höfðu verið til sölu sambærileg bréf með 4% vöxtum auk verðtryggingar, eða breytilegum vöxtum, 2% hærri en að meðaltali á skuldabréfum banka og sparisjóða, án verðtryggingar. Vextir af innstæðum á viðskiptareikningum hækkaðir úr 15% í 18%. Forvextir stuttra víxla ákveðnir 30%, en vextir kvótavíxla og refsivextir viðskiptareikninga felldir niður, sbr. það, sem segir um aðgerðir í febrúar. Lög nr. 7 frá 18. mars 1987 kveða svo á, að stofnaður skuli Útvegsbanki Íslands hf. á grunni Útvegsbanka Íslands, sem verið hefur ríkisbanki frá stofnun. Hlutfélagið yfirtekur eignir og rekstur Útvegsbanka Íslands. Til viðbótar tryggja stjórnvöld hinu nýja félagi reiðufé, þannig að alls nemur hlutfé einum milljarði króna. Sérstök ríkisábyrgð er á innstæðum nýja bankans fyrstu tvö árin. Veitt er heimild til að erlendir bankar eignist allt að 25% hlutfjár í bankanum.

Með lögum nr. 25 frá 27. mars 1987, vaxtalögum, voru felld úr gildi lög um bann við okri og sett ýmis ákvæði um almenna vexti, sem m.a. fela í sér, að samningsfrelsi ríkir um vexti, en lagt er bann við misneytingu, sem leiði til þess, að teknir séu hærri vextir en gilda hjá bönkum og sparisjóðum hverju sinni. Viðurlög við misneytingu eru sektir, varðhald eða fangelsi allt að einu ári. Kveðið er á um, með hvaða hætti Seðlabankinn auglýsi almenna vexti banka og sparisjóða og ákveði og auglýsi dráttarvexti, sem gilda skulu bæði fyrir innlánsstofnanir og aðra.

Samkomulag varð á milli fjármálaráðuneytisins og Sambands ísl. viðskiptabanka um, að bankar keyptu bréf af ríkissjóði til að mæta greiðsluhalla. Samtals er ætlast til að bankar og sparisjóðir leggi til um 1.650 m.kr. á þessu ári, þ.a. 1.250 m.kr. í sérstökum 7 ára bréfum og spariskírteinum, en 400 m.kr. í ríkisvíxlum. Ætlast er til, að kaupin dreifist þannig á árið, að helmingi verði lokið fyrir júlilok, þrem fjórðu hlutum fyrir septemberlok og öllu fyrir árslok.

Apríl

Hinn 7. apríl var Útvegsbanki Íslands hf. stofnaður. Ný bankastjórn og nýtt bankaráð tóku við stjórn bankans. Fiskveiðasjóður Íslands eignast 200 m.kr. hlutafé í bankanum. Fjöldi hluthafa er orðinn meiri en 700. Stærsti hluthafinn, ríkissjóður, býður bréf sín til sölu.

Mái

Seðlabankinn birtir í fyrsta sinn auglýsingu á grundvelli hinna nýju vaxtalaga og komast þau þar með að fullu í framkvæmd. Bankinn auglýsir vexti banka og sparisjóða eins og þeir eru síðustu daga mánaðar, og gilda þeir í almennum viðskiptum frá og með 1. degi næsta mánaðar á eftir.

Hinn 21. maí hækkuðu vextir við Seðlabankann. Sjá 38. töflu.

Hinn 25. maí voru reglur varðandi erlendar lántökur fjármögnunarleigu og kaupleigu rýmkaðar.

Júní

Hinn 2. júní hófst sala ríkisvixla bæði til innlánsstofnana og annarra. Lágmarksfjárhæð vixils er 500 þús. kr., en að öðru leyti ákveður kaupandi fjárhæðina. Lánstími og kjör eru með tvennum hætti: Sé lánstími 45-90 dagar, eru forvextir 22,5%, en af styttri víxlum (minnst 15 daga) eru forvextir 20,5%. Innan vikutíma höfðu verið seldir víxlar fyrir 815 m.kr., en síðan dró úr sölunni.

Hinn 25. júní voru forvextir ríkisvixla til minnst 45 daga hækkaðir í 24%.

Júlí

Hinn 1. júlí hækkuðu vextir við Seðlabankann, sbr. 38. töflu.

Hinn 10. júlí var með bráðabirgðalögum lagður skattur á erlendar lántökur, 1%, 2% og 3% á lán innan 6 mánaða, 6-12 mánaða og lengri en 12 mánaða í sömu röð talið. Einnig var með lögum ákveðið, að bankar, sjóðir og önnur fyrirtæki, sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs, greiði 0,0625% ábyrgðargjald til ríkissjóðs af skuldbindingum sínum í erlendum gjaldeyri, þ.m.t. veittum ábyrgðum.

Seðlabankinn ákveður hækkun lausafjárhlutfalls innlánsstofnana úr 7,0% í 7,5% frá 1. júlí og 8% frá 1. ágúst. Einnig voru gerðar breytingar á reglum um lausafjárhlutfall, m.a. er eigið fé tekið með í reiknigrunninn. Eftir breytinguna er reiknigrunnurinn jafn niðurstöðutölu efnahagsreiknings án erlendra lána til endurlána. Nánar tiltekið er grunnurinn svona:

Heildarskuldir án endurlánaðra erlendra lána + innkomnar tekjur nettó + eigið fé.

Hinn 27. júlí voru forvextir ríkisvixla til minnst 45 daga hækkaðir í 28% og styttri víxla í 24%.

Ágúst

Hinn 1. ágúst hækkuðu vextir við Seðlabankann, sjá 38. töflu.

Nýir flokkar spariskírteina útgefnir 17. ágúst. Auk verðtryggingar eru vextir 8,5% á 2 ára bréfum, 8% á 4 ára bréfum og 7,2% á bréfum með 6 ára binditíma og lánstíma allt að 10 árum.

Hinn 27. ágúst hækkuðu vextir ríkisvixla í 28,2% (45-90 daga) og 24,5% (15-44 daga).

Hlutabréf ríkisins í Útvegsbankanum voru tekin úr sölu, á meðan athuguð voru tvö tilboð, sem bárust í þau.

September

Hinn 1. september hækkuðu vextir af stuttum víxillánum Seðlabankans úr 40,8% í 42%.

Hinn 21. september tók Seðlabankinn upp nýbreytni í viðskiptum með ríkisvixla. Er hann reiðubúinn að kaupa slíka vixla af innlánsstofnunum gegn endurkaupaskilmálum innan 10 daga. Vextir Seðlabanka í slíkum viðskiptum eru mismunandi eftir tímalengd, en samsvara 38% ávöxtun.

Forvextir 45-90 daga ríkisvixla voru hækkaðir 23. september í 29%.

Gerð var breyting á samkomulaginu við banka um bréfakaup þeirra vegna ríkishalla. Í stað 400 m.kr. ríkisvixlakaupa er ætlast til, að bankar og sparisjóðir verji þeirri fjárhæð í spariskírteini eða sérstök 7 ára bréf að eigin vali fyrir lok desember, jafnframt að lokauppgjöri að öðru leyti (1.250 m.kr.) verði lokið fyrir lok nóvember.

Reglum um lausafjárhlutfall var breytt með gildistöku 1. október. Með breytingunni er svigrúm til að nýta millibankalán til að bæta lausafé minnkað. Millibankalán gátu verið allt að 100% af hreinu lausafé (50% af lausu fé), en eftir breytinguna 75% (42,9% af lausu fé).

Hinn 18. september sömdu fjármálaráðuneytið og samtök lífeyrissjóða um, að vextir verði 7% á lánum lífeyrissjóða til Húsnæðisstofnunar árið 1988 og þau bundin þróun lánskjaravísitölu til 15 ára.

Hinn 24. september voru reglur um erlendar lántökur, fjármögnunarleigur og kaupleigur þrengdar, þannig að erlendar lántökur mega ekki vera hærri en 70% af innlendu verði vörunnar, en 60%, ef slíkum lánum fylgir ábyrgð eða endurlán innlands banka, sparisjóðs, tryggingarfélagss eða opinbers fjárfestingarsjóðs.

Október

Í tengslum við aðgerðir í ríkisfjármálum í þeim tilgangi að tryggja stöðugt gengi gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um aðgerðir í peningamálum. Samkvæmt henni verður bönkum heimilað að taka við fé á gengisbundna innlánsreikninga. Hafin verður sala gengisbundinna

spariskírteina, og aukin áhersla verður lögð á sölu ríkisvígla. Íslendingum verður leyft að kaupa íslensk verðbréf, sem til sölu eru á erlendum mörkuðum, og trygg erlend verðbréf.

Hinn 12. okt. var gengisvog breytt frá greiðsluvog í viðskiptavog.

Hinn 16. október ákvað fjármálaráðuneytið að selja spariskírteini til langs tíma með afföllum, þannig að ávöxtun verði 8,5% á binditím-anum (6 árum).

Hinn 26. október hækkuðu forvextir ríkisvígla. Hætt var sölu styttri ríkisvígla en 45 daga. Hinn 27. október hækkuðu einnig vextir við Seðlabankann. Sjá 38. töflu.

Nóvember

Hinn 16. nóvember hófst sala spariskírteina ríkissjóðs í SDR og ECU. Binditími er 3 ár og vextir 8,3% á báðum flokkunum.

Ríkissjóður auglýsir ríkisvígla til almennrar sölu. Gilda sömu kjör og boðin eru innlánsstofnunum.

Hinn 26. nóvember hækkuðu vextir við Seðlabankann og forvextir ríkisvígla einnig, sbr. 38. og 39. töflu.

Desember

Hinn 15. desember tilkynnti Seðlabankinn bönkum og sparisjóðum, að hann myndi vera reiðubúinn að kaupa af þeim tiltekin innstæðubréf með endurkaupasamningi til allt að 20 daga með sömu kjörum og gilda á ríkisvígla kaupum með endurkaupasamningi.

